



Skýrsla kennsluteyma



2021 - 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. bekkur	4
2. bekkur	9
3. bekkur	15
4. bekkur	20
5. bekkur	24
6. bekkur	29
7. bekkur	32
8. bekkur	39
9. bekkur	47
10. bekkur	52
Íþróttakennsla	58
List- og verkgreinar	61
Heimilisfræði í 4. og 5. bekk og myndmennt í 5. bekk	61
Textílmennt	64
Hönnun og smíðar	65
Myndmennt	69
Heimilisfræði	71
Sérkennsla	73
Skýrsla sérkennsluteymis í Brekkuskóla	73
Tilraunarverkefni	74
Maíklúbbur	74

Inngangur

Í skýrslunni fara teymin í gegnum það sem verið er að gera í hverjum árgangi allt skólaárið. Markmiðasetningu, skipulagi á kennslu og námsmati og framkvæmd á þessum þáttum. Með vinnunni er markvisst tekið saman og ígrundað hvað er gert, hvernig bjargir eru nýttar og hvernig teymin vilja halda áfram.

Teymin skoða kennsluáætlanir í öllum fögum, bera saman námsmarkmið í kennsluáætlunum og Mentor og vinna að samræmingu og lagfæringum sem þarf. Einnig ígrunda þau hvernig skráningarkerfi í Mentor er notað og þá möguleika sem þar eru til staðar í formi lotu- og verkefnaskráninga.

1. bekkur

Teymi 1.bekkar samanstóð af tveimur umsjónarkennurum í 100 % starfi. Í teyminu var einn stuðningsfulltrúi sem fylgdi árganginum í öllum kennslustundum og frímínútum. Nemendur voru 39 talsins. Árgangurinn hafði tvær kennslustofur til umráða. Þriðji kennarinn kom að kennslu árgangsins alla daga vikunnar í 1-3 kennslustundir fyrir utan þriðjudaga og var einnig með í undirbúning og öllu skipulagi.

Alls var gert ráð fyrir 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Einn hópur úr 1. bekk kom í Sjónarhól í vetur þ.e. 5 nemendur í hópi. Einnig fer sérkennari inn í bekk. Hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá Lesskimun í okt. og lesfímiprófum. Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins. Lögð var áhersla á að nemendur lærðu stafina og hljóð þeirra. Eins var unnið með hljóðgreiningu, hljóðtengingu, orðaforða og hugtakaskilning. Allir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á mentor, undir Námsmappa.

Alls var gert ráð fyrir 7,5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli. Nemendur fengu bæði einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsverinu. Sérkennari fer einnig inn í bekkinn og borðaði með árganginum 4x í viku. Í Hlíðarfjalli var lögð áhersla á að vinna eftir einstaklingsnámskrám og markmiðum bekkjarins. Áherslur í kennslu voru m.a. að læra bókstafina og hljóðin þeirra t.d. með Lubba táknum, einnig var unnið með þætti hljóðkerfisvitundar, orðaforða, hugtakaskilning, málörvun, lestur, félagsfærni og grunnþætti stærðfræðinnar. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurftu, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í lok maí. Námskrárnar og endurmat var svo sett í námsmöppu nemandans á mentor.

Einnig sóttu þrír nemendur tíma til sérkennara sem tekur á móti börnum með íslensku sem annað tungumál. Seinnipart vetrar hittu þeir sérkennarann eina kennslustund í viku. Umsagnir eru komnar á Mentor undir námsmappa hjá nemendum.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Til að ná markmiðum í lífsleikni var unnið samkvæmt aðferðum uppbyggingarstefnunnar þ.e. um hlutverk nemenda og kennara, bekkjarsáttmála, litahegðun og þarfirnar. Haldnir voru fastir bekkjarfundir vikulega og samverustundir voru reglulega þar sem unnið var með málefni líðandi stundar, sjálfsstyrkingu, hugleiðslu og eineltishring Olweusar. Einnig var stuðst við námsefni Hugarfrelsis, aðferðir til að efla börn og unglunga. Á bekkjarfundum var ýmist allur hópurinn saman eða í tveimur hópum. Þegar hóparnir voru minni var setið í hring og meiri ró náðist á hópinn. Það sköpuðust oft góðar umræður um viðfangsefni bekkjarfundarins.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat og leiðbeinandi mat. Þessi vinna gekk vel og hafði góð áhrif á samskipti og líðan nemenda.

Íslenska

Markmið íslensku kennslunnar í 1. bekk voru að þekkja alla bókstafi og hljóð þeirra, þekkja hugtökin hljóð, stafur, orð og málsgrein, þekkja hugtökin stór stafur og punktur, þekkja hljóðgreiningu, hljóð fremst, í miðju og aftast í orði, þekkja hugtökin sérhljóðar og samhljóðar – litir, þekkja rím og hrynjandi, kunna nokkur ljóð og þulur og geta flutt, þekkja lestraráttina, lesa orð og orðmyndir, geta lesið 55 orð á mínútu að vori og hafa jákvætt viðhorf til lestrar. Einnig að geta valið sér bók eftir áhuga, geta hlustað á upplestur og frásagnir, geta skilið einfaldan texta og geta endursagt eigin texta og annarra. Markmiðin voru jafnframt að þekkja skriftaráttina, geta skrifað orð og málsgreinar, geta skrifað texta frá eigin brjósti og að draga rétt til stafs.

Til að ná þessum markmiðum var lögð áhersla á samþættingu íslenskunnar við aðrar námsgreinar. Nemendur lásu daglega fjölbreyttar bækur í yndislestri að morgni. Einnig lásu nemendur úr heimalestrarbókum fyrir kennara. Í íslenskukennslunni var stuðst við aðferðir byrjendalæsis þar sem unnið var markvisst með alla þætti íslenskunnar. Unnið var með sögu- og fræðibækur og verkefnaáætlanir unnar út frá þeim. Farið var í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við námsefnið og samþætt við aðrar námsgreinar.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, leiðbeinandi mat, kannanir og próf. Kennarar og nemendur völdu sýnishorn af vinnu nemenda í ferilmöppu.

Á heildina litið gekk þessi vinna vel. Markmið kennslunnar voru sýnileg nemendum í skólastofunni og sett á töflu í upphafi hverrar viku. Góður árangur náðist í lestrarfærni hjá flestum nemendum. Eins skilaði það miklum framförum í lestri nemenda hve skýr fyrirmælin voru varðandi heimalestur og að honum væri fylgt eftir.

Stærðfræði

Markmið stærðfræði kennslunnar í 1. bekk voru að nemendur kunni tölurnar upp í 20 og kunni að lesa og skrifa þær, þekki einingu og tug, þekki rúmfræðileg form – hring, ferning, þríhyrning og ferhyrning, þekki einföld talnamynstur og geti flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum. Einnig að nemendur geti nýtt sér hjálpargögn, geti líst staðsetningu hluta með viðeigandi hugtökum, geti nýtt sér talnalínu, geti mælt og borið saman stærðir og lengdir hluta.

Til að ná þessum markmiðum voru bækurnar Sproti 1a og 1b notaðar sem grunnefni. Að þeim loknum var unnið með bókina Stærðfræðispæjarar. Fjölbreytt námsefni þar sem tekið er á öllum grunnþáttunum. Jafnframt voru fleiri stærðfræðibækur valdar fyrir nemendur með tilliti til einstaklingsmiðunar. Kennarar í 1. – 3. bekk skipulögðu „opin“ stærðfræðiverkefni sem nemendur spreyttu sig á og unnu í litlum hópum. Lögð var áhersla á hlutbundna vinnu með tilheyrandi hjálpargögnum.

Til þjálfunar voru stundum notaðir ípadar í stærðfræðikennslu. Þar var stuðst við ýmis öpp s.s. multi og leiki sem efla rökhugsun og rýmisgreind.

Stærðfræðikennslan í upphafi 1. bekkjar var mjög krefjandi. Um miðjan vetur voru lögð inn vinnubrögð sem urðu til þess að stærðfræðitímarnir gengu betur. Í upphafi hverrar kennslustundar

voru atriðin skrifuð á töflu og kennarinn fór vel í hvert atriði fyrir sig. Í rétttri röð voru vinnubrögðin þessi:

1. Lesa fyrir mæli
2. Hugsa .. hvað á ég að gera?
3. Spyrja sessunaut
4. Réttu upp hönd

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, leiðbeinandi mat, kannanir og próf.

Markmið kennslunnar voru alltaf sýnileg nemendum í skólastofunni. Nemendur nutu sín vel í stærðfræðitímum og voru „opnu“ og hlutbundnu stærðfræðiverkefni sérstaklega lærdómsrík og skemmtileg.

Samfélagsgreinar

Markmið samfélagsgreinakennslunnar í 1. bekk voru að nemendur þekki skólabygginguna, skólalóðina og nánasta umhverfi skólans, þekki mikilvægi fjölskyldu, vana og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi og geti búið til og hlýtt reglum í leik og starfi í skólanum. Einnig að nemendur þekki helstu umferðarreglur og merki, þekki hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er og að við eigum þjóðsöng, þekki að við höfum forseta, þekki frásagnir af landnámsmönnum í heimabyggð og þekki íslensku húsdýrin. Jafnframt að nemendur þekki að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum og þekki hvaða breytingar árstíðaskipti hafa fyrir daglegt líf svo sem á klæðnað og leiki.

Til að ná þessum markmiðum voru samfélagsgreinar samþættar öðrum námsgreinum og tengdust iðulega byrjendalæsi.

Farið var í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við námsefnið og má þar nefna ferðir í Lystigarðinn til að skoða gróður eftir árstíðum, ferð á Listasafnið þar sem þemað var fuglar og verkefni unnið í tengslum við það. Einnig var farið í göngutúr að styttnni af Helga magra og Þórunni hynnu. Nemendur unnu verkefni í tengslum við það og fræddust um landnámsmenn í heimabyggð.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat og leiðbeinandi mat.

Vinnan í samfélagsgreinum gekk vel og gott reyndist að samþætta þá vinnu við aðrar námsgreinar og vettvangsferðir.

Enska

Markmið enskukennslunnar voru að nemendur geti fylgst með og tekið þátt í enskutímum og fylgst með einföldu hlustunarefni til dæmis söngvum og þulum. Unnið var út frá samþættingu við aðrar námsgreinar. Námsefni notað bæði af veraldarvef og einnig útbúin verkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.

Notast var við símat í Mentor og leiðbeinandi mat. Nemendur voru jákvæðir og lögðu sig fram við verkefni hverju sinni.

List- og verkgreinar

Markmið kennslunnar í myndmennt voru að nemendur geti búið til klippimyndir og límt á karton og kunni að vinna með mismunandi liti. Í textílmennt voru markmiðin að nemendur geti haldið rétt á skærum, geti þrætt spor í stífan pappa, geti beitt skærum á pappír, geti þæft einfaldan hlut og geti þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Til að ná þessum markmiðum voru list- og verkgreinar samþættar öðrum námsgreinum þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni. Í hverri viku var hringekja þ.e. stöðvavinna og þá var árgangnum skipt í 3-4 hópa eftir verkefnum. Á einni stöð var yfirleitt verið í einhverskonar handavinnu.

Verkefni vetrarins voru m.a. að þræða í stífan pappa, sauma páskaunga, þæfa blóm og vefa. Einnig voru myndlistarverkefni unnin. Öll verkefni voru unnin út frá bók vikunnar í byrjendalæsi.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat.

Þessi vinna gekk vel og nutu nemendur sín í allri skapandi vinnu.

Upplýsingatækni

Markmið kennslunnar í upplýsingatækni voru að þekkja umgengnisreglur sem gilda um spjaldtölvur í skólanum, geta opnað og lokað spjaldtölvu, geta tekið myndir á spjaldtölvu og opnað og lokað forritum. Samþætt var við aðrar námsgreinar og þá helst íslensku og stærðfræði með notkun á forritum þeim tengdum.

Notast var við símat í Mentor og leiðbeinandi mat. Nemendur voru móttækilegir og áhugasamir við vinnu sína.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Ýmis uppbrot voru í skólastarfinu. Þar má nefna að í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni Jól í Ólátagarði eftir Astrid Lindgren. Á vorönn var unnið þema í 1. – 10. bekk. Yfirskrift þemadaganna var umhverfið, sjálfbærni og mannúð. Í þessari vinnu kynntust nemendur á yngsta stigi betur milli árganga.

Útivistardagar voru haldnir að hausti og á miðjum vetri. Að hausti fór 1.bekkur í göngutúr í nærumhverfi skólans. Farið var í Lystigarðinn og endað á leikvelli.

Í mars var farið í Kjarnaskóg með sleða. Þar voru börn í 1.-4.bekk að leik í nokkra klukkutíma.

Í byrjun apríl var haldin árshátíð í Brekkuskóla. 1.bekkur fór á sal og söng 4 lög fyrir áhorfendur. Það gekk glimrandi vel.

Páskabingó.

Á skólaslitadaginn hittust nemendur á yngsta stigi úti á skólalóð, sungu nokkur lög, dönsuðu og fengu íspinna. Góð samvera áður en farið var í sumarfrí.

Vettvangsferðir Hvert - hvað var gefandi við ferðirnar?

Farið var í nokkrar ferðir sem tengdust helst samfélagsgreinum (sjá umfjöllun hér að ofan) auk þess sem farin var ferð á Listasafnið þar sem nemendur skoðuðu áhugaverðar sýningar. Þar á meðal var sýningin Sköpun bernskunnar skoðuð þar sem þemað var fuglar. Farið var á skauta tvisvar sinnum

yfir veturinn. Á vordögum fórum við í vettvangsferð í tengslum við bókina Blómin á þakinu. Þá var farið í heimsókn í Litlu garðyrkjustöðina og sumarblóm og grænmeti skoðað. Nemendur voru með nesti í poka og var það borðað úti í náttúrunni. Vettvangsferðirnar tókust vel og voru góð viðbót við skólafárið.

Grenndarkennsla

Markmið í samfélagsfræði í 1. bekk eru m.a. að þekkja nánasta umhverfi skólans og þekkja hvaða breytingar árstíðarskipti hafa í för með sér.

Í upphafi 1. bekkjar var farið í gönguferð í Lystigarðinn þar sem nemendur völdu sér í sameiningu tré til að fylgjast með breytast á milli árstíða. Farið var reglulega í Lystigarðinn til að fræðast um hverja árstíð fyrir sig í tengslum við tréð.

Farið var í stuttar gönguferðir í nærumhverfi skólans. Farið var á leikvelli og önnur opin svæði þar sem notið var þess að vera úti í náttúrunni.

Samvinna við aðra

Samvinna við bókasafnið var mjög góð. Nemendur fóru til að velja sér bækur í bókavagna. Starfsfólk bókasafnsins var einstaklega hjálplegt varðandi bækur fyrir byrjendalæsi.

Samkvæmt venju átti árgangurinn sinn vinabekk, engin verkefni voru unnin saman á þessu skólaári sökum aðstæðna í samfélaginu. Kennarar á yngsta stig áttu mjög gott samstarf og voru duglegir við að hittast og stilla saman strengi sína.

Samvinna nemenda

Samvinna nemenda hefur verið fjölbreytt. Samvinna nemenda fólst m.a. í bekkjarfundum þar sem málin voru rædd, í hringekju þar sem nemendur unnu í hópum að fjölbreyttum verkefnum. Samvinna var mjög sýnileg í stærðfræði m.a. í útistærðfræði þar sem lögð var áhersla á samvinnu nemenda af ýmsu tagi. Eins voru „opin“ stærðfræðiverkefni sem nemendur spreyttu sig á og unnu í litlum hópum. Í vetur voru tveir þemadagar. Nemendur á yngsta stigi var blandað þvert á árganga og unnu saman í hópum.

Árshátíð var haldin í apríl. Slík sýning krefst mikillar samvinnu nemenda til að allt gangi upp.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var við foreldrahópinn. Við upphaf haustannar voru samtöl milli umsjónarkennara, foreldra og nemenda. Fundurinn 1-3-5-8 var ekki haldinn að þessu sinni sökum aðstæðna í samfélaginu. Samtöl milli umsjónarkennara, foreldra og nemenda voru haldin með rafrænum hætti á vorönn og tókst það vel. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra ásamt ýmsum áminningum þegar þess þurfti.

2. bekkur

Gerður Geirsdóttir og Jónasína Lilja Jónsdóttir umsjónarkennarar í 100 % starfi. 36 nemendur og 2 sérkennarar, Margrét og Rósa Mjöll. Sigríður R. og Sólrún Eyfjörð stuðningsfulltrúar fylgdu nemendum í allar kennslustundir. Síðustu vikurnar fylgdi Sigríður Brynjarsd. einum nemanda.

Námsumhverfi og skipulag

Unnið var með árganginn sem eina heild. Hópnum var skipt í fjóra grunnhópa sem voru tveir og tveir saman í sitthvorri skólastofunni og skipt var um hópa reglulega. Þannig var blöndun hópa fjölbreytt. Í sundi var skipt í þrjá hópa.

Lögð var áhersla á að hafa skólastofurnar hlýlegar og snyrtilegar. Gott og skýrt skipulag. Uppröðun borða var breytileg í allan vetur. Sjónræn stundatafla sett upp á töflu fyrir hvern dag og auk þess á borði hjá einstaka nemendum. Tímavaki var notaður fyrir allan hópinn.

Lestrarbækur, kennslugögn og hjálpargögn voru sýnileg og aðgengileg nemendum. Félagsfærnisögur voru talsvert notaðar fyrir allan hópinn og einstaka nemendur. Þær voru líka sendar heim til foreldra.

Sérkennsla

Sjónarhóll – Margrét Ingim:

Alls var gert ráð fyrir 6,5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 2. bekk komu í námsverið Sjónarhóll í vetur. Einnig fer sérkennari inn í bekki. Kennt var í námskeiðum og hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá, stafabekkingu að hausti, lesfímiprófum og Aston Index stafsetningarhluta. Í Sjónarhólli hefur verið lögð áhersla á að nemendur nái tókum á lestrinum, auki leshraða, eflist í rétttritun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Allir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 6,6 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli. Nemendur fengu einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsverinu. Sérkennari fór einnig inn í bekkinn til að aðstoða í nestinu 3x í viku. Í Hlíðarfjalli var lögð áhersla á að vinna eftir einstaklingsnámskrám og markmiðum bekkjarins. Áherslur í kennslu voru m.a. að læra bókstafina og hljóðin þeirra t.d. með Lubba táknum, einnig var unnið með þætti hljóðkerfisvitundar, orðaforða, hugtakaskilning, málörvun, lestur, ritun, félagsfærni og grunnþætti stærðfræðinnar. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurftu, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í lok maí. Námskrárnar og endurmat var svo sett í námsmöppu nemandans á mentor.

Námsgreinar

Innlagnir reglulegar þar sem nýir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Áhersla var lögð á umræður og tengingu við reynslu nemenda og daglegt líf. Fjölbreyttir kennsluhættir fylgdu í kjölfarið í öllum námsgreinum. Í hverri námsgrein var unnið út frá markmiðum og áætlunum. Markmið kennslunnar hverju sinni voru sýnileg nemendum á töflu og rætt um þau. Stuðst var við ýmsar kennslubækur og verkefni tekin af netinu. Oft einstaklingsmiðað eftir getu hvers og eins.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar settu mark sitt á margar kennslustundir. Auk þess voru teknir ákveðnir tímar í uppbyggingu þar sem unnið var með eftirfarandi:

Bekkjarsáttmáli: Í upphafi vetrar gerðum við bekkjarsáttmála. Nemendur gerðu hvert og eitt blóm með mynd af sér og voru blómin sett upp á vegg og úr varð fallegur blómvöndur. Með blóminu undirrituðu þeir samninginn. Í vetur var bekkjarsáttmálinn oft rifjaður upp og mikilvægi hans rætt.

Hlutverk kennara og hlutverk nemenda: Þessi hefðbundna vinna fór fram með nemendum snemma á skólaárinu, var sýnileg og reglulega rætt um hlutverkin.

Hvernig persóna vil ég vera? Nemendur fóru í sjálfsskoðun og teiknuðu sjálfsmynd og settu orð allt í kring sem lýstu hvernig persóna þeir vildu vera. Myndin hékk uppi á vegg í allan vetur. Notuð til þess að minna á og hvetja þá áfram. Myndin fór í ferilmöppu í vor.

Y-spjald: Spjaldið var unnið út frá því hvað nemendur vildu sjá, heyra og finna í skólastofunni. Hópurinn kom sér saman um nokkur atriði sem þeim fannst mikilvæg. Spjaldið var sýnilegt nemendum í vetur.

Uppbygging: Reglulega í vetur var litahegðun rædd bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum og eins að vera góður bílstjóri í eigin lífi. Litahegðun var einnig tengd inn í byrjendalæsi. Farið var í þarfir Uppbyggingarinnar og verkefni unnin því tengdu. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna.

Bekkjarfundir: Voru oftast haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Ýmis mál rædd og leitað lausna. Nemendur mátuðu sig inn í eineltishring Olweusar eftir fræðslu og umræður um hann. Við unnum með þarfirnar á ýmsan hátt, meðal annars samþætting við byrjendalæsi. Hróshringir voru reglulega notaðir í lok bekkjarfunda. Í námsmati var meðal annars tekið mið af þátttöku á bekkjarfundum og hvort bekkjarsáttmáli og hlutverk voru virt. Lífsleikni og uppbygging gekk vel í vetur. Nemendur eru að læra betur á verkfærin og þjálfast í að tala um tilfinningar sínar og líðan. Á bekkjarfundum var markvisst unnið með hugarfar vaxtar og að efla nemendur í þrautseigju. Unnið var eftir kennsluáætlun þar sem myndbönd voru nýtt, umræður fóru fram og verkefni lögð fyrir. Þessi vinna hafði góð áhrif á nemendur og við viljum gjarnan halda áfram með hana næsta vetur.

Við hefðum gjarnan viljað fara dýpra í uppbyggingarstefnuna og einnig forvarnir gegn einelti.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á töflu. Nemendur voru með eina stílabók í byrjendalæsi fyrir hverja önn þar sem þeir unnu flest verkefni í. Þar að auki voru unnin málfræði- og þematengd verkefni og unnið í Ritrún 1 og Lestrarlandið 1 og 2.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, orðaforða, lesskilning og ritun. Við samþættum íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, samfélagsfræði, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Í íslenskukennslunni nýttum við meðal annars íþad, fræðibækur, litlar tússtöflur og ýmis byrjendalæsisverkfæri s.s. hlutverk, hugtakakort, lykilorðavinnu, myndasögur, venn-kort, kvl og krossglímur. Samstarf við sérkennara var gott og við skipulögðum flestar kennslustundir tengdar byrjendalæsi í samráði við hann með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi.

Lestur og lesskilningur: Megin markmið okkar var að efla læsi nemenda og lögðum við mikla áherslu á lestrarstundir í um 20 mínútur í upphafi dags, þar sem þeir fengu frjálsar hendur með val á bókum. Á meðan fóru kennarar og stuðningsfulltrúar á milli nemenda og hlustuðu á þá lesa. Auk þess var unnið með paralestur, kórlestur o.fl. Lesskilningur var kenndur í gegnum aðferðir byrjendalæsis með lestri á gæðatexta, hann ræddur og farið í orðskýringar. Unnið var með bæði sögubækur og fræðibækur. Unnin voru ýmis lesskilningsverkefni skriflega og munnlega. Á haustönn var farið í lestrarátak þar sem nemendum var skipt í hópa eftir stöðu í lestri og fjölbreytt verkefni unnin. Það bar góðan árangur og hefði einnig mátt gera á vorönn.

Heimalestur: Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Flestir sinntu því vel en einhver misbrestur var þó þar á og þá var haft samband við foreldra.

Skrift: Markmiðið var að nemendur skrifuðu vandaða og læsilega skrift bæði í byrjendalæsisvinnubókinni og öðrum verkefnum. Einnig unnu nemendur í bókinni Ítalíuskraft.

Ritun: Markmiðið í ritun var að læra að skrifa fyrirmyndar málsgreinar og að hafa upphaf miðju og endi í sögugerð. Unnið var með ritun á ýmsa vegu eins og frásagnir, endursagnir og sögugerð.

Nemendur gerðu til dæmis sína eigin álfabók þar sem þeir bjuggu til sögu og myndskreyttu auk þess að búa til kápu utan um hana. Síðan lásu nemendur söguna sína fyrir bekkinn.

Framsögn: Markmiðið var að þjálfar nemendur í að tala fyrir framan aðra. Þau kynntu verkefni sín og lásu upp. Einnig var þetta þjálfað á bekkjarfundum og nokkrir nemendur voru með bókakynningu í nestistíma. Á árshátíðinni fengu nemendur fengu nemendur góða reynslu í því að koma fram og fara með texta og syngja lög. Árshátíðarverkefni nemenda var Benedikt búalfur og voru unnin mörg íslensku verkefni í tengslum við það. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Námsmat: Tekin voru lesfimiþróf, Lesmál, Aston Index og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu sem og aukapróf með Lesfimi.

Námsmatið var árangur nemenda úr könnunum, vinna og virkni nemanda í kennslustundum, vinnubrögð og frágangur í stílabók, sjálfstæði og frumkvæði sem og samvinna nemenda. Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið.

Íslenskukennslan var vel skipulögð, fjölbreytt og markviss. Við lögðum mikla vinnu í að vanda vetraráætlunina, höfðum verkefnin fjölbreytt um leið og við aðlöguðum þau að þörfum nemenda. Gott var að vera í samstarfi við sérkennara sem er leiðtogi okkar í byrjendalæsi. Á heildina litið erum við ánægðar með íslenskukennsluna en myndum vilja veita fleiri nemendum meiri stuðning en hægt var í vetur.

Stærðfræði

Markmiðin voru að börnin þjálfuðust í vinnu með tölurnar 1-100 bæði í samlagningu og frádrætti. Að þau geti nýtt sér einingu og tugi í reikniaðgerðum, þekki sléttar tölur og oddatölur, geti nýtt sér talnalínu og eflist í lausn þrauta og geti sagt frá lausnaleyðum sínum. Markmið með hverjum kafla voru sýnileg nemendum á töflu. Við reyndum að nota stærðfræðihugtökin sem mest í útskýringum og tali.

Unnið með námsbækurnar Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingahefti sem flestir nemendur unnu samhliða í heima. Hver kafli var lagður inn og farið yfir með nemendum hvert markmið hans væri. Eftir hvern kafla tóku nemendur próf þar sem kom í ljós hvort þeir höfðu náð markmiðum sínum. Einnig var unnið með bókina Stærðfræðispæjarar 1, að hluta til unnin í tengslum við sambærilegt efni í Sprota en að öðru leiti sem aukafni. Flestir nemendur voru einnig með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni.

Á yngsta stigi var lærdómssamfélag í stærðfræði í samstarfi við HA og HÍ, stærðfræðileiðtoginn. Í vetur var lögð áhersla á notkun upplýsingatækni í stærðfræði bæði hjá nemendum og kennurum. Unnið var í þörum eða hópum þar sem nemendur leystu verkefni og notuðu upplýsingatækni, meðal annars til að kynna úrlausnir sínar. Kennarar hittust reglulega og ræddu nýjar leiðir við stærðfræðikennslu og báru saman bækur sínar.

Stærðfræðikennslan gekk almennt vel. Við reyndum að brjóta hana svolítið upp frá bókunum og stærðfræðileiðtoginn aðstoðaði við það. Við gripum í hjálpartæki eins og Ipada, kubba, talnalínur, talnagrindur, reglustikur, málbönd og hundraðtöflur. Einnig spiluðu nemendur stærðfræðispil í Sprota. Við hefðum samt sem áður viljað vinna meira með stærðfræðina verklega (hands on).

Upplýsingatækni

Markmiðið var að læra að umgangast og vinna með Ipad. Nemendur fóru reglulega í Ipad og þá helst í stöðvavinnu. Unnið var með námsleiki og námsforrit og samþætt öðrum námsgreinum.

Námsmatið var símat yfir veturinn þar sem fylgst var með vinnu nemenda í tímum og gengið úr skugga um að þau næðu ákveðnum hæfnivíðmiðum. Kennslan gekk vel og nemendur áhugasamir.

Samfélags- og náttúrugreinar

Helstu markmiðin voru að læra um nærumhverfið, örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar. Einnig að börnin kynntust nokkuð landi og þjóð. Samþætt var við byrjendalæsi og að hausti var til dæmis unnið með bókina Ada og afmælisgjöfin þar sem áhersla var á íslensku blómin. Sú vinna var einnig tengd útivistardegi þar sem nemendur tíndu blóm sem fjallað var um í bókinni. Einnig var unnið með bókina Komdu og skoðaðu land og þjóð.

Bókin Halló heimur 1, les- og verkefnabók var kennd einu sinni í viku af sérkennurum árgangsins. Þar lærðu nemendur meðal annars um húsdýrin, mannlíkamann, umhverfismál, umferðarmál og árstíðir.

Að vori fræddust nemendur um kartöflurækt og bjuggu til sína eigin kartöflubók. Farið var í skemmtilega ferð í Matjurtagarða Akureyrar þar sem nemendur settu niður kartöflur sem þeir fá að taka upp að hausti í 3. bekk.

Námsmatið var símat yfir allan veturinn. Við val á samþættum verkefnum höfðum við hæfniviðmið í samfélagsgreininum að leiðarljósi og gátum þannig metið vinnu nemenda. Nemendur voru yfirleitt áhugasamir um þau verkefni sem unnin voru í þessum greinum.

Enska

Markmiðið var að þjálfna nemendur í einföldum orðaforða bæði munnlega og skriflega. Mest var unnið með ljósritað efni af Adventure islands of english words og af veraldarvef. Nemendur söfnuðu verkefnum saman í verkefnabók. Unnið var með námsefnið Right on!, hlustað á lög og þau sungin, horft á myndbönd og farið í leiki. Einnig var samþætt við vinnuna í byrjendalæsi hverju sinni og daglegt líf nemenda. Lögð var áhersla á að hafa kennslustundir lifandi og skemmtilegar.

Námsmat fór fram með símati yfir veturinn.

List- og verkgreinar

Myndmennt: Samþætt við aðrar námsgreinar með fjölbreyttum verkefnum og skapandi vinnu.

Unnin voru ýmis konar myndverk og klippiverkefni m.a. í tengslum við byrjendalæsi og árshátíðarvinnu.

Textílmenn: Nokkur textíilverkefni voru unnin t.d. lærðu nemendur að puttaprjóna, sauma bókamerki þar sem notuð voru þræðispor og hálf krosssaumsspor. Einnig þæfðu nemendur falleg blóm á þemadögum.

Verkefni voru metin jafnóðum með símati.

Þetta gekk vel og nutu nemendur þess að taka þátt í svona verklegri vinnu.

Annað:

Hugarfrelsi var iðkað reglulega í allan vetur. Það fór fram þannig að við hlustuðum á hugarfrelsisæfingu, tókum slökunaræfingar við fallega tónlist. Jákvæðir þættir við þessa iðkun eru þeir að nemendur læri mikilvægi þess að geta slakað á huga og líkama, efla ímyndunaraflíð og geta sett sig í annan hugarheim og þannig víkkað sjóndeildarhringinn.

Á vorönn fengu nemendur brúðuleiksýninguna Krakkarnir í hverfinu sem fjallar um ofbeldi gegn börnum.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagur að hausti: Farið var í Naustaborgir, nesti borðað, nemendur léku sér og söfnuðu blómum.

Í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni Jól í Ólátagarði eftir Astrid Lindgren. Útivistardagur á vorönn: Farið var í Kjarnaskóg þar sem nemendur renndu sér í brekkunum, léku sér í snjónum og borðuðu nesti.

Hin árlega árshátíð var haldin í apríl og fluttu nemendur lög og texta úr leikritinu Benedikt búálfur.

Á vorönn var þema í skólanum þar sem unnið var með umhverfið, sjálfbærni og mannúð. Á yngsta stigi var unnið á fjórum stöðvum þvert á árganga.

Vorgrillsdagurinn, 2. júní, gekk vel. Nemendur nutu sín í leikjum á fjölbreyttum stöðvum á skólalóðinni. Allir fengu svo pylsur og safa og dönsuðu og sungu.

Skólaslit, 3. júní, gengu vel. Nemendur á yngsta stigi hittust úti og sungu nokkur lög og dönsuðu. Einnig var dagskrá í skólastofum. Þó nokkrir foreldrar kíktu í heimsókn í lokin og skoðuðu meðal annars ferilmöppur barna sinna.

Vettvangsferðir og grenndarkennsla

Nemendum var boðið tvisvar sinnum á haustönn í Skautahöllina. Þar fengu þau leiðsögn frá þjálfurum og var tekið vel á móti þeim í alla staði. Frábært tækifæri fyrir nemendur til að kynnst skautaíþróttinni.

Á vordögum fræddust nemendur um kartöflurækt. Farið var í skemmtilega ferð í Matjurtagarða Akureyrar þar sem nemendur settu niður kartöflur sem þeir fá að taka upp að hausti í 3. bekk og skoðuðum umhverfið þar í kring. Nemendur lærðu einnig um fjöllin í kringum Eyjafjörð og nokkrar sögufrægar byggingar.

Yfir veturinn fóru nemendur nokkrum sinnum í styttri göngu- og útivistarferðir, á Hamarkotstúnið, leikvelli og í Lystigarðinn.

Samvinna nemenda

Markmiðið var að nemendur geti unnið saman í þörum eða stærri hópum og allir séu virkir. Samvinnan markvisst þjálfuð í verkefnavinnu og leik í hinum ýmsu námsgreinum. Nemendum kennt að taka tillit til skoðana annarra og sýna umburðarlyndi.

Samvinna við aðra

Á yngsta stigi er samvinna góð og alltaf að aukast. Gott er að geta deilt hugmyndum og verkefnum. Stærðfræðileiðtogið hefur einnig haft góð áhrif á samstarf í stærðfræðikennslu auk þess sem teymi í 1.-3. bekk fundaði vikulega í vetur og unnin voru ákveðin verkefni. Samvinna við bókasafnið var góð, bæði í tengslum við þegar við þurftum bækur fyrir byrjendalæsisvinnu og einnig þegar nemendur fóru þangað til að velja sér bækur fyrir yndislestur.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl á haust- og vorönn fóru fram á Teams. Nýir nemendur og foreldrar þeirra komu þó við í skólabyrjun og fengu að hitta kennara og skoða skólann. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra ásamt ástundun. Milliviðtöl fóru fram bæði á haust- og vorönn og fengu foreldrar upplýsingar heim í kjölfarið. Foreldrasamstarfið gekk í heildina vel í vetur.

3. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar: Arna Benný, Ólöf María og Garðar Þ. öll í 100% stöðu. Sérkennari var Margrét I. og Rósa Mjöll kom að einum nemanda. Fjöldi nemenda byrjaði í 57 en í lok skólaárs voru þeir 53. Stuðningsfulltrúi var Helga Kristín.

Námsumhverfi og skipulag:

Þrjú umsjónarhópar en blandaðir hópar þvert á árganginn í hringekju, sundi, list- og verkgreinum og einstaka verkefnum.

Engir nemendur voru með einstaklingsnámskrá allir unnu eftir hæfniviðmiðum árgangsins.

Sjónarhóll – Margrét Ingim.

Alls var gert ráð fyrir um 9,5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 3. bekk komu í námsverið Sjónarhóll í vetur. Einnig fór sérkennari inn í bekki. Kennt var í námskeiðum og hópar voru breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá lesfimiþrófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi. Í Sjónarhólli hefur verið lögð áhersla á að nemendur auki leshraða, eflist í réttitun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara einnig vistaðar á Mentor.

Hlíðarfjall - Rósa Mjöll.

Einn nemandi kom í námsverið Hlíðarfjall í þessum árgangi 20 mínútur á viku. Þar var unnið með samskipti, líðan og framkomu í samráði við umsjónarkennara. Dagbókarfærslur voru reglulega sendar heim til foreldra til að upplýsa um hvað var gert.

Íslenska:

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á töflu. Auk þess voru öll hæfniviðmiðin í íslensku sýnileg á vegg í stofu. Þar að auki voru unnin málfræði- og þematengd verkefni. Einnig var unnið með Ritrún 1 og Ritrún 2. Nokkrir nemendur fengu heim Litlu-Lesrún sem þurftu að þjálfa lesskilning og aðrir skriftarbækur til að æfa skriftina. Aðaláherslan í vetur var á lestur, orðaforða, lesskilning, ritun og málfræði. Við samþættum ýmsar námsgreinar við byrjendalæsisvinnuna s.s. í samfélagsgreinum, lífsleikni, uppbyggingu og ensku. Í íslenskukennslunni nýttum við meðal annars Ipad, fræðibækur, orðabækur, bíómyndir, litlar tússtöflur og ýmis byrjendalæsisverkfæri s.s. hlutverkin, hugtakakort, lykilorðavinnu, fræðsluramma, söguveg, myndasögur, venn-kort, kví, orðasúpur, krossgátur og krossglímur. Við reyndum að hafa verkefni fjölbreytt, einstaklings-, para- eða hópavinnu verkefni. Notuðum stöðvar inni í stofu og íslenskuverkefni voru einnig unnin í hringekju. Samstarf við sérkennara var afar gott og við skipulögðum allar kennslustundir í samráði við hann með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimiþróf, Aston Index og Orðarún og einnig fór hluti nemenda í aukapróf með Lesfimi. Nokkrir nemendur fóru síðan í Logos. Námsmatið var árangur

nemenda úr könnunum, vinna og virkni nemanda í kennslustundum, vinnubrögð og frágangur í stílabók, sjálfstæði og frumkvæði sem og samvinna nemenda. Við létum nemendur einnig vinna sjálfsmat og jafningjamat í nokkrum verkefnum. Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið. Íslenskukennslan var vel skipulögð og markviss þar sem hæfniviðmiðin voru til hliðsjónar. Við lögðum mikla vinnu í að vanda vetraráætlunina með sérkennara, höfðum verkefni fjölbreytt um leið og við aðlöguðum þau að þörfum nemenda. Við erum ánægð með íslenskukennsluna, við bættum okkur í því að hafa markmiðin skýr og sýnileg fyrir nemendum. Nemendur voru áhugasamir og bættu sig í sjálfstæði í vinnubrögðum.

Stærðfræði

Í stærðfræði var unnið með námsbækurnar Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti. Einnig unnum við með bókina Stærðfræðispæjarar 1 og 2, sem aukaefni. Þar að auki var unnið með ákveðna námsþætti í ýmis konar verklegri vinnu. Í tengslum við stærðfræðileiðtogann var áherslan á því að nota tæknina í stærðfræðikennslu og unnu nemendur nokkur slík verkefni. Notuðum við Qr-kóða, ýmis forrit í i-pad, padlet-veggi og myndbandsupptökur. Í desember lögðum við fyrir nemendur nokkrar stærðfræðiprautir úr jóladagatali Flatar sem var skemmtileg vinna og vinsæl hjá nemendum. Einnig voru nemendur að vinna stærðfræðiverkefni í hringekju þar sem aðallega var verið að æfa frekar þá þætti sem voru markmið viðkomandi viku. Notast var mikið við Multi síðuna í I-pad. Markmið og vikuáætlun var alltaf sýnileg á töflu og vorum við að kenna nemendum að bera ábyrgð á námi sínu með því að halda áætlun. Við notuðum Sprota til þess að vinna að hæfnimarkmiðunum og tókum því bókina ekki í réttari röð sem og við slepptum atriðum sem komu ekki að markmiðunum. Við unnum með tölur upp í 1000 í samlagningu og frádrætti þar sem nemendur lærðu að setja upp dæmi, geyma og taka til láns. Farið var í hundruð, tugi og einingar. Einnig var unnið með tölfræði, mælingar, flatarmál, rúmfræðiform, samsíðar línur, horn, klukkuna, orðadæmi, margföldun, deilingu og almenn brot. Stærðfræðikennslan gekk vel. Við reyndum að brjóta hana svolítið upp frá bókunum og stærðfræðileiðtoginn aðstoðaði við það. Við gripum í hjálpartæki eins og I-pad, kubba, talnalínur, talnagrindur, reglustikur, málbönd, hundraðtöflur og vasareikna. Einnig spiluðum við töluvert, fórum í yatzy og sudoku ásamt fleiri stærðfræðispilum. Tekin voru kaflapróf eftir hvern kafla í Sprota auk þess sem við lögðum fyrir vorpróf til að meta og endurmeta nokkur hæfniviðmið. Einnig var vinnusemi, vinnubrögð og sjálfstæði nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn. Stærðfræðikennslan gekk vel. Við reyndum að nota stærðfræðihugtökin sem mest í útskýringum og tali. Okkur fannst skipulag stærðfræðikennslunnar koma vel út þar sem við settum það vel upp í takt við hæfniviðmiðin. Öll hæfniviðmiðin í stærðfræði voru sýnileg upp á vegg í stofu. Stærðfræðileiðtoginn studdi áfram vel við okkur og kom með nýjar nálganir í stærðfræðikennsluna með því að nýta tæknina. Nemendur okkar eru nú búnir að vera í 3 ár með okkur í leiðtogavinnunni og gaman að sjá að þeir eru orðnir öruggari í að tala um stærðfræði og lýsa lausnarferlinu sínu fyrir öðrum.

Enska

Enska var kennd eina kennslustund í viku. Mest var unnið með ljósritað efni af mms, Adventure islands of english words. Einnig gripum við í kennslubókina Right on. Nemendur söfnuðu verkefnum saman í námsmöppu. Við hlustuðum á lög og sungum, horfðum á myndbönd sem tengdust námsefninu, spiluðum samstæðuspil og fórum í leiki. Við reyndum að gera kennsluna skemmtilega og áhugaverða. Í samþættingu við byrjendalæsi tókum við til dæmis orðaforða tengdan Sea Animals þegar við vorum að vinna með Komdu og skoðaðu hafið, fórum í orðaforða tengdan Camping þegar

við unnum með Kugg og útilegan og Pétur tjalдар. Unnum með orðaforða tengdan ávöxtum og grænmeti þegar við vorum með Ávaxtakörfunna í byrjendalæsi. Við lögðum áherslu á tölur, liti, fjölskyldu, íþróttir, líkamann, árstíðir, föt og tilfinningar. Með því að nota myndböndin Class Dojo samþættum við lífsleikni/uppbyggingu/hugarfar vaxtar við enskukennslu þar sem að þau eru á ensku og við þýddum jafn óðum fyrir nemendur. Það var góð hlustunaræfing og bætti við orðaforðann þeirra. Lögðum áherslu á samskiptaleiki og að nemendur þjálfuðust í að hlusta og tala. Námsmat fór fram með símati yfir veturinn. Ensku kennslan gekk vel en okkur fannst kennslubókin Right on ekki nýtast nægilega vel og myndum ekki fara í hana aftur. Við notuðum miklu meira alls kyns verkefni og kennsluefni af netinu.

Samfélagsfræðigreinar

Í samfélagsfræðigreinum voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisáætlunum sem tónuðu við hæfniviðmiðin. Þar unnum við með bækurnar Komdu og skoðaðu hringrásir ásamt sögunni Blaðgræna þar sem nemendur lærðu um hringrásir, orkugjafa og endurvinnslu. Komdu og skoðaðu hafið ásamt bókinni Flýgur fiskisagan þar sem nemendur unnu í hópum þvert á árganginn að stóru tímaásaverkefni um sögu sjávarútvegs á Íslandi. Einnig lærðu þeir um lífríki hafsins (samþætting við ensku). Svo fórum við í Komdu og skoðaðu himigeiminn með bókinni Sagan af Bláa hnettinum þar sem nemendur unnu reikistjörnuhefti og við horfðum samhliða á Nei sko þættina á ruv.is um pláneturnar. Í Sagan af Mosa og hugrþrýði hans unnu nemendur með Íslandskort þar sem þeir merktu inn á staði á Íslandi þar á meðal heimabæinn sinn. Í desember horfðum við á jóladagatal SOS barnaþorpa og lærðum um mismunandi aðstæður barna í heiminum. Þar var líka farið yfir barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem einnig kom við sögu í verkefnum á þemadögum. Við skoðuðum líka goggle maps með nemendum og fundum götur, byggingar og annað í nánasta umhverfi. Námsmatið var símat yfir allan veturinn. Við val á samþættum verkefnum höfðum við hæfniviðmið í samfélagsgreininum að leiðarljósi og gátum þannig metið vinnu nemenda. Nemendur voru áhugasamir um þau verkefni sem unnin voru.

Upplýsingatækni

Nemendur fóru í tölvustofu einu sinni í viku í hringekju allan veturinn. Þar var unnið með að skrá sig inn í tölvurnar, fingrasetningu, æfa sig í að opna og loka forritum sem og nemendur unnu ritunarverkefni. Nemendur fóru einnig í ýmsa námstengda leiki. Einnig var unnið með upplýsingatækni í ípöðum í ýmsum námsgreinum inni í kennslustundum þar var meðal annars unnið með ýmis smáforrit í byrjendalæsi, multi (norski Sproti, gagnvirkar æfingar) og aðra stærðfræðileiki auk þess sem nemendur unnu í málfræði og æfðu sig í að leita upplýsinga á netinu. Nemendur unnu bæði einstaklingsvinnu í i-pad sem og hópavinnu. Námsmatið var símat yfir veturinn þar sem fylgst var með vinnu nemenda í tímum og gengið úr skugga um að þau næðu ákveðnum hæfniviðmiðum. Kennslan gekk vel og nemendur voru spenntir fyrir því að fá að fara í tölvustofuna.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með Y-kort á vegg (heyri, sé og finn), bekkjarsáttmála, hlutverkin, gildin og litahegðun. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Nemendur mátuðu sig inn í eineltishring Olweusar eftir fræðslu og umræður um hann. Við unnum með þarfirnar

á ýmsan hátt, meðal annars með samþættingu við byrjendalæsi. Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í byrjendalæsi. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna. Við notuðumst líka við vináttubangsann Blæ á bekkjarfundum (og í kennslustundum þegar við átti). Tengdum vinnuna með Blæ bangsa inn í uppbyggingu og lífsleikni. Þar unnum við mest með vináttu og jákvæð samskipti. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í mikla vinnu með Hugarfar vaxtar. Notuðum Class Dojo myndböndin sem grunn og síðan tókum við umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (pytturinn, áskorunarmælir, GÆS, mistök og fl.). Við blönduðum teymisvinnunni við Leiðsagnarnámið og unnum með 1. og 2. bekk að því að skapa betri vinnufrið í kennslustundum, efla þrautseigju og sjálfstæði nemenda. Hugarfrelsi var iðkað reglulega í allan vetur. Það fór fram þannig að við hlustuðum á hugarfrelsisæfingu, tókum slökunaræfingar við fallega tónlist. Jákvæðir þættir við þessa iðkun eru þeir að nemendur læri mikilvægi þess að geta slakað á huga og líkama, efla ímyndunaraflíð og geta sett sig í annan hugarheim og þannig víkkað sjóndeildarhringinn. Í námsmati var meðal annars tekið mið af þátttöku á bekkjarfundum og hvort bekkjarsáttmáli og hlutverk voru virt. Lífsleikni og uppbygging gekk vel í vetur og finnst okkur Hugarfar vaxtar hafa komið vel inn í þá vinnu bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur eru að læra betur á verkfærin í uppbyggingunni sem og það er gaman að heyra þá tala með orðræðu hugar fars vaxtar og nýta sér í samskiptum og vinnu. Við erum spennt að þróa betur vinnuna með Blæ bangsa og hafa hana enn markvissari. Einnig að taka fleira úr Leiðsagnarnáminu og nýta til að bæta bekkjarbrag, námsumhverfi og kennsluaðferðir.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Á útivistardaginn á haustdögum fórum við og tókum upp kartöflurnar sem við settum niður síðasta vor. Það var vel heppnuð ferð í Matjurtargarða Akureyrar þar sem nemendur tóku upp kartöflur, borðuðu nesti og léku sér saman. Í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni Jól í Ólátagarði. Við fönnduðum, máluðum piparkökur, skreyttum jólatré og horfðum síðan á bíómyndina um börnin í Ólátagarði. Á Litlu jólum áttum við huggulega stund með nemendum í stofum áður en árgangurinn fór saman upp á sal að dansa og syngja við jólatréð. Nemendur voru virkilega þrúð og sungu hátt og skýrt. Á útivistardeginum á vorönn fórum við með strætó í Kjarnaskóg með nesti og sleða og áttum góðan dag við að renna okkur í snjónum og leika saman í skóginum. Árhátíðin var í apríl þetta árið og vorum við með atriði úr Ávaxtakörfunni. Við gáfum okkur góðan tíma í undirbúning á söng og framkomu. Krakkarnir stóðu sig með þrýði og árhátíðardagurinn var skemmtilegur og vel heppnaður. Í maí voru þemadagar þar sem unnið var með þemað Umhverfið, sjálfbærni og mannúð. Við á yngsta stigi settum upp fjórar stöðvar þar sem hópunum var blandað þvert á árganga. Það var ein útistöð þar sem farið var í náttúrubingó á Hamarkotstúni, þæfðir voru túlípanar, spilað ruslaspil í tengslum við endurvinnslu og fræðsla og fönður tengt mannúð. Afhending Grænfána fór fram í íþróttasal við hátíðlega athöfn og fannst nemendum gaman að sjá fánan dreginn að húni. Vorgrillsdagurinn í júní gekk vel, skemmtilegt uppbrot og nemendur höfðu gaman af. Skólaslit voru 03. júní, skipulagið var vel heppnað og skemmtilegt að syngja saman úti með yngsta stigi.

Vettvangsferðir

Á útivistardaginn að hausti fórum við í matjurtagarðinn til að taka upp kartöflur, gengum báðar leiðir og spjölluðum við nemendur um nánasta umhverfi. Við fórum með nemendur í heimsókn á Amtbókasafnið og fengum að kynna starfinu þar. Á útivistardaginn á vorönn fórum við í Kjarnaskóg.

Við fórum síðan í vorferð í Innbæinn, borðuðum nesti í Minjasafnsgarðinum, lékum okkur við tjörnina og á leikvellingum. Yfir veturinn fórum við nokkrum sinnum í styttri göngu- og útivistarferðir á Hamarkotstúnið og leikvelli bæjarins. Það er alltaf mjög gefandi að fara í ferðir með hópinn, miklar framfarir hjá þeim í að ganga lengri vegalengdir og halda röð. Það er líka áhugavert að fylgjast með þeim þegar þau eru í frjálsum leik og margt sem sést í hegðun og samskiptum sem sést ekki eins vel inni í kennslustofunni.

Samvinna nemenda

Við lögðum mikla áherslu á samvinnu í vetur. Við reyndum að þjálfa hana á ýmsa vegu með fjölbreyttum verkefnum í sem flestum námsgreinum. Nemendur unnu í pörum, í smærri og stærri hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfa samvinnu. Nemendur lærðu að allir hafa hlutverk í samvinnu, þjálfuðust í að deila verkefnum og skipuleggja hvernig þau ætluðu að vinna og skila verkefninu.

Samvinna við aðra

Við áttum gott samstarf við starfsfólk á bókasafninu. Fórum með bekkina upp til að velja lestrarbækur fyrir stofurnar. Starfsfólk bókasafnsins var hjálplegt varðandi að finna bækur fyrir byrjendalæsið þar sem við þurfum alltaf nokkur eintök af sömu bókinni. Við tókum lestrarátak í haust sem hét Ævintýralestur og fengum góða hjálp frá þeim á bókasafninu til að aðstoða og halda utan um hann með okkur. Það sama var uppi á teningnum þegar við tókum Jólalestrarátak fyrir jólin.

Samvinna á yngsta stigi er afar góð. Við erum dugleg að leita til hvers annars og alltaf tekið vel á móti manni. Stærðfræðileiðtogi hefur gengið vel, hópurinn samstilltur og jákvæður. Teymisvinnan hefur gengið mjög vel og skilað okkur mörgu í skipulagi og kennsluháttum. Yngsta stigið er að samnýta meira af gögnum og er komin meiri samfella frá 1.-3. bekkjar í náminu. Við sem teymi vinnum svo saman Leiðsagnarnámið og nýtum það með teymisvinnunni.

Grenndarkennsla

Við nýttum vettvangsferðirnar mikið til grenndarkennslu. Nýttum tækifærið þegar við erum að fara út með hópinn til þess að fræða og skoða umhverfið okkar. Við blönduðum grenndarkennslu einnig inn í kennslu í kennslustofunni með því til dæmis að lesa sögur sem gerast í nærumhverfi í byrjendalæsi eða nestinu (lesum alltaf fyrir þau í nestinu). Svo notuðum við tæknina til að sýna þeim nánasta umhverfi og kenndum þeim hvernig þau geta leitað að stöðum, skoðað og fræðst um. Í tölvutímum fengu þau að prufa sjálf að skoða og leita að stöðum á google maps.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin foreldrasamtöl í upphaf vetrar fóru ekki fram vegna covid í persónu heldur í gegnum Teams á netinu. Eingöngu foreldrar nýrra nemenda fengu að hitta okkur við skólabyrjun. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra ásamt ástundun. Á haustönn tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum ítarlegar upplýsingar heim til foreldra um niðurstöður viðtala og námslega stöðu hvers og eins. Einnig voru tekin milliviðtöl við nemendur í mars en með breyttu sniði. Nemendur fóru heim með viðtalsblöðin og fóru yfir þau með foreldrum sem þurftu að kvitta undir áður en þau komu aftur í skólann. Á kórónuveirutímanum urðu foreldrasamskipti meiri í gegnum síma og tölvupóst. Foreldrasamtöl á vorönn fóru því líka fram í gegnum Teams og gengu mjög vel. Því fylgja ákveðnir kostir t.d. fyrir foreldra sem búa annars staðar

og komast venjulega ekki á slíka fundi. Því væri ákjósanlegt að halda inni þessum möguleika í framtíðinni. Foreldrasamstarfið gekk heilt yfir vel í vetur. Það var afar skemmtilegt að geta loksins fengið foreldra inni í skólann aftur og var mikið fjör á árhátíðardaginn þegar foreldrar komu og skoðuðu skólastofurnar og verkefni barnanna sinna.

4. bekkur

Námsumhverfi og skipulag

Í vetur voru þegar mest var 49 nemendur, 28 drengir og 21 stúlka. Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, báðir í 100% starfshlutfalli. Tveir sérkennarar og einn stuðningsfulltrúi komu að skipulagi tveggja nemanda í árganginum. Þeir nemendur eru með mikil þroska frávík og þurfa mikla aðstoð. Þrisvar í viku fóru þeir með sérkennara í Hlíðarfjall, 3,3 kennslustundir í viku. Hópastærðir voru frá einum upp í tvo nemendur þar sem unnið var eftir áherslum í einstaklingsnámskrá. Sérkennari, stuðningsfulltrúi og umsjónarkennarar unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Einstaklingsnámskrár voru tvær, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í lok maí. Námskrárnar og endurmat var svo sett í námsmöppu nemanda á Mentor. Einnig fóru reglulega umsagnir inn á dagbókfærslu í Mentor þegar ekki var unnið eftir einstaklingsnámskrám.

Aðrir nemendur sem þurftu námslega aðstoð fengu aðstoð stuðningsfulltrúa sem skipti sér á milli stofa, sá stuðningsfulltrúi fylgdi einum nemanda með hegðunarörðuleika. Árgangurinn fékk 8 kennslustundir á viku hjá sérkennara. Sérkennari kom ýmist inn í kennslustundir og aðstoðaði nemendur sem þurftu aukalega aðstoð eða nemendur fóru tvisvar í viku í námsver þar sem þeir unnu í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði og lestur. Alls sóttu 16 nemendur úr 4. bekk námsverið, mismikið allan veturinn. Vikulegir samráðsfundir voru með sérkennara sem voru skilvirkir og góðir og mikið traust ríkjandi, farið var yfir námsmarkmið og kennsla stuðningsnemenda aðlöguð sem mest viðfangsefnum inni í bekkjum. Allir nemendur sem sóttu tíma í námsveri voru með skilgreinda námsörðugleika, dyslexíu, einhverfu, málþroskaröskun eða ADHD. Auk nemenda með annað móðurmál en íslensku. Mikil áhersla var lögð á lestrarþjálfun hjá þessum hópi og passað upp á að nemendur hefðu aðgang að Hljóðbókasafni Íslands og þeir fengu þjálfun í að nota hljóðbækur bæði af vef Menntamálastofnunar og HBS. Auk þess var unnið með orðaforða, mál- og lesskilning og farið yfir grunnþætti í málfræði og stafsetningu. Reynt var að hafa kennsluáðferðir fjölbreyttar með námsspilum, verkefnum og með tjáningu. Nemendur sem áttu í erfiðleikum með stærðfræði fengu endur innlögð í námsveri tvo tíma á viku auk aðstoðar inni í bekkjum. Tíu nemendur í árganginum sem eru með námsörðugleika nýttu sér stærðfræði námsefnið Evolytes. Hvort heldur sem er í kennslustofum eða í litlum hópi í námsveri. Þeir nemendur sem eru með skilgreinda námsörðugleika og fleiri greiningar unnu eftir einstaklingsnámskrá. Að jafnaði nýttust tímarnir vel hvort heldur sem var í námsverinu eða inni í bekkjarstofum.

Litið var á hópinn sem eina heild til að auðvelda ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemanda ef á þurfti að halda. Árganginum var skipt upp á 6-10 vikna fresti, bæði til að nemendur og kennarar kynntust betur. Með þessu mynduðust ný vinapör og vinahópar stækkuðu. Margir eignuðust fleiri vini og varð þetta til þess að styrkja hópinn enn betur. Félagsfærnisögur voru gerðar og notaðar fyrir einstaka nemendur sem einnig voru sendar heim til foreldra. Einstaklingsnámskrár voru gerðar af umsjónarkennurum sem síðan voru settar inn á Mentor og sendar heim til foreldra.

Samfélags- og náttúrufræði

Markmið aðalnámskrár voru höfð að leiðarljósi þegar farið var í efnisþætti í samfélags- og náttúrufræði. Markmiðunum var skipt í átta þemu þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnisþáttum og þeim samþætt við aðrar námsgreinar eins og t.d. íslensku og upplýsingamennt. Þema eitt var að nemendur áttu að geta áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra. Notast var við námsbækurnar Komdu og skoðaðu landakort og Könnum kortin 2, þar var unnið í les- og verkefnabókum. Nemendur unnu mikið tveir til þrír saman og leituðu eftir upplýsingum í lesbók ásamt því að hlusta eftir upplýsingum. Unnið var með höfuðáttirnar, hnit, mælingar, kortalestur og lestur á myndritum. Í þema tvö unnum við með námsbókina Trúarbrögðin okkar ásamt verkefnahefti. Allir nemendur gátu einnig valið að nýta hljóðbók. Nemendur unnu ýmist einir eða tveir til þrír saman og leituðu upplýsinga í lesbók. Í þema þrjú var unnið með Íslensku húsdýrin. Notast var við vinnuhefti þar sem hvert húsdýr ver tekið fyrir hverju sinni. Lesið um þau og rætt. Þegar vinnuhefti var lokið völdu nemendur sig saman í hóp 3-4 og unnu veggspjald. Nemendur öfluðu upplýsinga í gegnum Ipad, bækur eða úr vinnuheftinu. Í þema fjögur var farið í Landnámið. Námsbækurnar sem stuðst var við var Komdu og skoðaðu landnámið. Í þessu þema var unnið á skapandi hátt. Nemendur bjuggu til landnámsmenn/konur, skyldi, skip og teiknuðu Íslandskort. Síðan var hver landnámsmaður/kona sett inn á Íslandskortið þar sem þeir komu að landi. Í þema fimm var fræðst um fugla í náttúru Íslands. Nemendur unnu hugtakakort um fugl sem þeir völdu sér, leituðu upplýsinga og skráðu niður. Í sjötta og síðasta þema vetrarins var farið í helstu himinhnetti í sólkerfinu. Nemendur fóru inn á Nearpod þar sem þeir lásu stuttan texta um hverja reikistjörnu og svöruðu síðan spurningum út frá því. Einnig gátu nemendur séð 3D myndlíkan af hverri reikistjörnu. Farið var með nemendur í umhverfisbingó í náttúrufræði. Nemendur notuðu Ipad til að taka myndir af dýralífi og umhverfinu.

Verkefni voru unnin út frá námsmarkmiðum. Námsmatið byggðist upp á símati, könnunum, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í fjórar lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlanir voru gerðar fyrir hverja lotu sem skipt var niður á vikur. Stærðfræðibækurnar Sproti 4a og 4b voru nýttar sem aðal námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefnum.

Í lotu 1 var unnið með hnitakerfið, samlagningu og frádrátt, peninga og tugakerfið. Í lotu 2 var unnið með margföldun og deilingu, negatífar tölur, klukku og hliðrun og snúning. Í lotu 3 var unnið með ummál og flatarmál, mælieiningar, tugabrot og margföldun þar sem önnur talan er tveggja stafa tala. Í lotu 4 var unnið með tugakerfið, almenn brot, námundun, tölfræði og tölur upp að 10.000. Nemendur fóru heim með margföldunartöflur og áttu að læra þær utanbókar einnig voru nemendur æfðir í margföldun í skólanum með ýmsum hætti eins og margföldunartetris og Yatzy.

Unnið var eftir námsmarkmiðum í stærðfræði. Kennsla var í formi innlagna á töflu og einstaklingsinnlagna, í pörum eða í hóp. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð auk samvinnunáms þar sem nemendur unnu saman að lausn dæma. Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf og framvinda nemenda metin á hæfnikort inn á Mentor. Farið var yfir kannanir með hverjum nemenda þar sem efnisþættir voru ræddir. Ef nemendur náðu ekki námsmarkmiðum kaflans voru þeir sendir

heim með ítarefni. Námsmarkmið voru sýnileg nemendum bæði fyrir vikuna og fyrir hvern tíma. Námið var sniðið að þörfum hvers og eins nemenda og var lagt upp með að þeir kláruðu ákveðið námsefni í skólanum ef það náðist ekki var það tekið heim. Umsjónarkennarar tóku þátt í þróunarvinnu með HA/HÍ þar sem áhersla var lögð á breytta kennsluhætti. Í tengslum við það verkefni var aukin áhersla lögð á að nýta upplýsingatækni í stærðfræðikennslu sem öflugt tjáningarform, að rannsaka og uppgötva stærðfræði með verkfærum upplýsingatækninnar og gengið að sé út frá stafrænum veruleika nemenda ásamt því að fara nýjar leiðir í stærðfræðikennslunni.

Íslenska

Unnið var jöfnum höndum að öllum þáttum íslenskunnar með fjölbreyttum verkefnum og í námsbókum. Einnig útskýrðu nemendur munnlega hugtök í íslensku eins og nafnorð, sagnorð o.s.frv. Lögð var áhersla á lesskilning, lestur, málfræði, stafsetningu, sjálfstæð vinnubrögð, framsögn og tjáningu. Námsmat var fjölbreytt t.d. í formi kannanna, skriflegum verkefnum, vinnubókum, áhugasviðsverkefnum og hópaverkefnum. Lagt var fyrir lesfimiþróf ásamt orðleysu og nefnuhraða. Orðarún var lögð fyrir tvisvar yfir veturinn. Nemendur unnu verkefni ýmist einir, í pörum eða hópum. Próf voru unnin út frá hæfniviðmiðum. Unnið var með lestraraðferðina PALS tvisvar yfir veturinn, ekki náðist að klára fyrra skiptið vegna Covid. Lögð var áhersla á að nemendur læsu heima fimm sinnum í viku sem var skráð í þar til gert heimalestrarhefti. Yndislestur var hafður alla morgna í 20 mínútur. Árgangurinn tók þátt í Litlu upplestrarhátíðinni sem haldin var í maí og var foreldrum boðið að koma og hlusta á upplesturinn.

Notaðar voru ýmsar vefsíður, t.d. Skólavefurinn, 123skoli.is, mms.is þá einna helst ritunarverkefni og Málið í mark þar sem nemendur unnu ýmis verkefni tengd orðflokki og stafsetningu.

Enska

Hjá 4. bekk var einn enskutími á viku þ.e. Mikið af skapandi verkefnum voru unnin og þemabækurnar My Theme Book notaðar. Í slíkum verkefnum er auðvelt að vinna að mörgum markmiðum samtímis líkt og markmiðum í orðaforða, tjáningu, ritun, samvinnu, hlustun og lesskilningi. Í málfræðihlutanum voru gerða málfræðiæfingar tengdar My Theme Book efninu. Unnið var eftir námsmarkmiðum í ensku og voru nemendur metnir jafnt og þétt yfir veturinn með ýmsum hætti t.d. munnlega og skriflega.

Uppbygging sjálfsaga/lífsleikni

Unnið var mikið með Uppbyggarstefnuna í vetur og lagt var áhersla á grunnþætti hennar. Nemendur kynntust grunnþörum sínum og hvernig vinna mætti með sínar sterku þarfir. Í kjölfarið var farið í bekkjarsáttmálann og T- spjöld og Y-spjöld ásamt verkefnum um skýr mörk. Lífsvagninn var ofarlega í huga okkar í vetur og var tekin góð upprifjun með nemendum og farið yfir það að hver og einn hefur stjórn á eigin hegðun og getur valið hvernig hann bregst við. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega yfir veturinn þar sem rifjað var upp hlutverk kennara og nemenda og farið var í lausnaleit; hvað hægt er að gera til að æfa okkur betur í að passa orðin, framkomu, góð samskipti, að setja sig í spor annarra og að við berum ábyrgð á okkar hegðun og framkomu. Eins var reglulega farið yfir það hvernig gekk að fylgja bekkjarsáttmála árgangsins. Nemendur höfðu gaman af vinnu tengdri upplýsingastefnunni

og voru áhugasamir. Hjúkrunarfræðingur skólans kom og var með fræðslu um slysavarnir. Unnin voru verkefni tengd Growth Mindset og Brain break gert með nemendum .

Það sem betur mætti huga að er að hafa hugmyndabanka þar sem hægt er að nálgast verkefni tengd stefnunni sem kennarar geta nálgast hverju sinni.

Grenndarkennsla - vettvangsferðir og uppbrotsdagar

Í skólabyrjun fór árgangurinn í gönguferð um hverfið með viðkomu í aparólunni þar var tekið nesti og farið í leiki. Síðan var ferðinni haldið á golfsvæðið þar sem nemendur fengu að spreyta sig í golfsveiflunni. Litlu jólin voru haldin 21. desember, nemendur fengu kakó og smákökur í heimastofu. Seinni útivistardagurinn var í mars þá fengu nemendur val um að fara í Kjarnaskóg, á skíði eða á Braggaparkið. Mikil ánægja var með að fá val um hvað hægt var að gera. Árshátíðin var loksins haldin þann 6. apríl við mikinn fögnuð starfsfólks og nemenda. Árgangurinn var að þessu sinni með atriði úr Ávaxtakörfunni. Þemadagar voru í maí þar sem unnið var með umhverfisvernd, sjálfbærni og mannúð. Miðstigið vann saman og fóru nemendur á fimm stöðvar, í boði var að vinna vinabönd, gleðikort, farið var í ratleik í kringum skólann og umhverfisbingó. Á vordögum var farið í hjólaferð um hverfið með viðkomu á golfvöllinum. Auk þessa var í vorferð í Laufás og Daladýrð. Þessar ferðir voru nýttar í grenndarkennslu þar sem nemendum var bent á örnefni í nær umhverfinu. Unnin voru verkefni tengd ferðunum. Skólaárinu lauk svo með vorhátíð á skólalóðinni þar sem nemendur fóru á milli 14 stöðva.

Foreldrasamstarf

Skólaárið byrjaði á rafrænum foreldraviðtölum sem fóru í gegn á Teams. Almenn ánægja var með það fyrirkomulag. Foreldrasamtöl voru síðan aftur í byrjun febrúar á rafrænu formi í gegnum Teams. Farið var yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda, auk þess sem önnur mál voru rædd eftir þörfum. Vikulegir póstar voru sendir heim með upplýsingum um viðburði líðandi viku, verkefni og markmið komandi viku. Einnig var haft samband við foreldra þegar ástæði þótti til.

5. bekkur

Námsumhverfi og skipulag

Í teyminu störfuðu tveir umsjónarkennarar, Þorgerður Guðmundsdóttir (100%) og Erla Rán Kjartansdóttir (75%) ásamt Polly Rósu Brynjólfsdóttir (48%). Nemendur í 5. bekk voru 38, 22 drengur og 16 stúlkur. Um áramót bættist við stúlka í árganginn ásamt því fengum við gestanemanda frá Bandaríkjunum sem dvaldi hér tímabundið í 4 mánuði. Kennslan fór fram í stofum 133 og 134 sem eru samliggjandi stofur á fyrstu hæð skólans. Teymiskennsla var í árganginum og voru stofurnar sem ein heild allan veturinn. Fram yfir áramót áttu nemendur þó sína heimastofu. Því var breytt fljótlega eftir áramót og öllum árganginum blandað og skipt um sæti reglulega. Hópurinn var sem ein heild sem auðveldar að taka ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemanda ef á þurfti að halda sem varð til þess að álagið dreifðist. Námsumhverfið hentaði vel og var opið á milli stofa nánast allan veturinn. Árgangurinn fékk tólf l-pada að hausti og níu til viðbótar um áramót. Nemendum 5. bekkjar var skipt upp í þrjá hópa í sund og í list- og verkgreinum. Samfélags- og náttúrugreinar voru kenndar í þeim og samþættar með íslensku og öðrum greinum þegar við átti.

Námsver

kennslustundir á viku voru átta. Sérkennari var ýmist inni í bekknum eða tók nemendur í námsver. Alls sóttu 18 nemendur námsver, mismikið þó, sumir voru útskrifaðir eftir stutt námskeið en aðrir áttu sinn fasta stað og komu daglega allan veturinn ef námsverið var opið á annað borða vegna covid eða forfallakennslu sérkennara. Sérkennari var inni í 5. bekknum í 60 mínútna stærðfræðitíma einu sinni í viku, aðstoðaði alla þá sem þurftu eða vildu og reyndist það mjög vel. Sérkennari sat teymisfundi (bæði á teams og með teymi innan skólans) og átti gott samstarf við foreldra. Vikulegir skipulagsfundir voru með umsjónarkennurum og vinátta og traust er ríkjandi í teyminu.

Megináhersla var lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði og stafsetningu auk stærðfræði.

Samfélags- og náttúrufræðigreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnispáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku. Nemendum var gerð grein fyrir þeim markmiðum sem unnið var með í upphafi hvers þema. Jafnframt voru nemendur undirbúnir fyrir verkefni og þá vinnu sem framundan var með upplestri á efni þegar við átti. Vinnan var skapandi og tengd áhugasviðum nemenda og höfðu þeir oft val um að skila verkefnum á mismunandi formi. Kennari las fyrir hópinn og notaði **umræðu- og spurnaraðferðir** sem þjálfá áttu samræðu og gagnrýna hugsun samhliða lestrinum. Við lok lesturs voru unnin mismunandi verkefni. Oftast voru þau unnin í **hópavinnu** sem getur alið af sér samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. **Leitaraðferðir** voru einnig notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar og fróðleik tengt efninu og þjálfast þar með í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í þemu unnu nemendur meðal annars hugtakakort, skrifuðu fræðitexta, teiknuðu skýringarmyndir ásamt því að viðfangsefnið var nýtt í ýmsa ritun. Spjaldtölvur voru nýttar á margan hátt s.s. heimildavinnu, gerð stuttmýnda, bókagerð, gerð kynninga o.fl. Lagt var upp með að nemendur

kynntu verkefni sín fyrir samnemendum en einnig hengdu þeir þau upp víðsvegar um skólann öðrum til gleði og fróðleiks.

Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, könnunum, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Ísland – hér búum við

Unnið var með markmið sem tengdust náttúruöflum, atvinnugreinum og náttúruauðlindum Íslands ásamt því að nemendur kynntust legu landsfjórðungana, stærstu þéttbýlisstöðum, helstu ám, jöklum, fjörðum, flóum og fjöllum. Námsfnið Ísland – hér búum við var nýtt sem grunnefni. Nemendur unnu ýmis verkefni í einstaklings, para og/eða hópavinnu. Nemendur skrifuðu ritgerð um uppáhaldsstaðinn sinn á Íslandi og kynntu fyrir samnemendum. Nemendur gerðu bækur í BookCreator þar sem þeir kynntu uppáhalds fossa, ár og jökla ásamt því að gera Íslandskort þar sem helstu ár, jöklar, firðir, flóar og þéttbýlisstaðir voru merktir inn. Landnám og Rómaveldi

Unnið var með markmiði sem tengdust sögu af fundi Íslands, nokkrum landnámsmönnum, útbreiðslu kristinnar trúar, hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðorð og hvernig lögum var skipað í landinu, trú og siði á Íslandi fyrir kristintöku. Nemendur átti einnig að þekkja nokkur kennileiti rómverska ríkisins s.s. byggingar og borgir og geta sett sig í spor þeirra sem þurfa að hverfa frá heimili sínu. Námsfnið Frá Róm til Þingvalla var nýtt sem grunnefni. Nemendur unnu ýmis verkefni tengd þemanu og æfðu sig í að meta sig sjálf út frá fyrir fram gefnum markmiðum.

Trúarbrögð - Íslam

Unnið var út frá markmiðinu að þekkja sögu og menningu Íslam. Nemendur horfðu á fræðslumyndband og völdu sér afmarkaða þætti tengda trúarbragðinu til að kynna sér betur og fræða bekkjarfélaga. Ýmsar netsíður s.s. trúarbragðavefurinn var nýttur til að gera kynningar og fræðslumyndbönd.

Náttúrufræði

Unnið var út frá markmiðunum: að þekkja helstu trjátegundir, mismunandi gróðurlendi og hvernig gróður hefur breyst í aldanna rás, hvaða spendýr lifa villt á Íslandi, helstu fuglategundir og þekkja ljóstillífun. Í þessu þema var stuðst við nýtt námsefni frá mms.is, Náttúrulega 1 ásamt fuglavefnum, myndböndum og nærumhverfi skólans ásamt ferð í Kjarnaskóg/Gamla. Þar sem unnið var með mjög mörg markmið í þessu þema var þemanu skipt niður í minni lotur s.s. út um mela og móa, fuglar, gróðurlendi, mannlíkaminn og nýjustu tækni og vísindi. Nemendur unnu ýmis verkefni s.s. veggspjöld, rafrænar kynningar, myndbönd, skrifleg verkefni, heimildaverkefni og kynningar.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í fjórar lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í þörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu tóku nemendur kaflapróf og markmiðin metin. Þeir nemendur sem ekki náðu 80% markmiða á hverju prófi fengu endurinnlögn á námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu auka verkefni í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Við lok hvorrar annar voru lögð fyrir skrifleg próf sem meta áttu þau markmið sem unnið hafði verið með á

tímabilinu. Stika 1a og Stika1b voru grunnbækur og kennarastýrðar. Í fyrstu lotu var unnið með samlagningu, frádrátt og sætiskerfið á tölum stærri en 100 og minni en 0 (negatífar tölur), unnið var með margföldun og flóknari deiling lögð inn. Nemendur æfðu sig einnig í gera einfaldar kannanir með því að safna upplýsingum og finna miðgildi og tíðasta gildi og að lokum unnið með tímamál og klukkuna. Í lotu tvö var unnið með gráðuboga og stærð horna mæld, námundun að heilli tölu, tug, hundraði og þúsundi, tugabrot og að lokum speglun, hliðrun og snúning. Í þriðju lotu var unnið með ummál, flatarmál, almenn brot, tugabrot og breyta úr einni mælieiningu í aðra ásamt því að nemendur fengu að kynna % merkinu. Í fjórðu og síðustu lotunni var aftur unnið með margföldun og deilingu, óþekktar stærðir og hliðrun, snúning og speglun.

Stika 1a og Stika 1b voru nýttar sem grunn námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Nemendur unnu einnig ýmis verkefni í stærðfræði öppum og síðum s.s. Geogebra, mathplayground.com og fleiri slíkum síðum. Einnig gerðu nemendur kennslumyndbönd og nýttu sér Flipgrid til að taka þau upp. Nemendur unnu einstaklingslega, í pörum eða hópum eftir því sem við átti. Lotuskipulagið og áætlanagerð í stærðfræði reyndist vel. Áhersla á töflukennslu í upphafi hvernar lotu og efnispátta og innlögn frá töflu virtist henta nemendum vel. Nemendur fóru heim með margföldunartöflurnar og áttu að læra þær utanbókar og margföldun æfð sérstaklega í skóla í lotum. Umsjónarkennarar tóku þátt í þróunarvinnu með HA/HÍ þar sem áhersla var lögð á breytta kennsluhætti. Í tengslum við það verkefni var aukin áhersla lögð á að nýta upplýsingatækni í stærðfræðikennslu sem öflugt tjáningarform, að rannsaka og uppgötva stærðfræði með verkfærum upplýsingatækninnar og gengið að sé út frá stafrænum veruleika nemenda ásamt því að fara nýjar leiðir í stærðfræðikennslunni.

Íslenska

Áhersla lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Nemendur unnu verkefni einir, í pörum, litlum og/eða stærri hópum. Námsmat var fjölbreytt og áhersla lögð á leiðsagnar- og símat s.s. munnlegar umsagnir, stuttar kannanir, skrifleg verkefni og hópverkefni. Skriflegt próf var unnið út frá markmiðum vetrarins og lagt fyrir nemendur í maí. Orðspor 1 var grunnefni þar var nemendum var kynntur uppruni íslenskunnar, þeir fengu að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta ásamt því að æfast í framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestri. Mikil áhersla var lögð á lestur allan veturinn og var nemendum gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku og skrá heimalesturinn sem var svo skilað til kennara tvisvar yfir skólaárið. Yndislestur var á hverjum morgni í 20 mínútur í senn og lásu nemendur upphátt fyrir kennara 2-3 sinnum í viku. Þeir nemendur sem ekki náðu lágmarks lestrarviðmiðum fengu auk þess auka lestrarþjálfun hjá sérkennara. Lagt var fyrir nemendur lesfímipróf þrisvar yfir veturinn þar sem leshraði var mældur ásamt orðleysis- og nefnuhraðaprófi. Kennsluaðferðin PALS var kennd í átta vikur á vorönn. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í nóvember og apríl. Þeir nemendur sem komu ekki nægilega vel út fengu auka verkefni sem vinna átti heima.

Lestur og lesskilningur: Unnið var með námsmarkmiðin í lestri- og lesskilningi á fjölbreyttan hátt og samþætt inn í samfélags- og náttúrugreinar. Námsbókin Smellur 1 var nýtt sem grunnefni ásamt Orðspori 1. Hlutverk námsefnis er að hjálpa nemendum að auka færni sína til að tjá sig bæði munnlega og skriflega, auka við orðaforða þeirra og kenna þeim að lesa á milli lína. Lögð var áhersla

á að nemendur væru samhliða í námsefninu til að hægt væri að hafa sameiginlega innlögn fyrir allan hópinn. Kennarinn las upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt.

Framsögn, ritun og ljóð: Nemendur unnu mikið með ritun allan veturinn þar sem unnin voru margskonar ritunarverkefni s.s. hvernig á að byggja upp mismunandi texta, persónusköpun, upplýsandi ritun, sannfærandi ritun, frjálsa ritun og ritun í tengslum við þemu. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn fyrir ritunarverkefni sín ásamt því að fá leiðbeiningar jafnóðum og ritun fór fram. Til að auka tjáningu og framsögn lásu nemendur ritun sína upp fyrir samnemendur.

Málfræði og stafsetning: Unnið var með markmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt og samþætt samfélags- og náttúrugreinum. Stuðst var við námsefnið Málrækt, Skinna 1 og 2 og Mál til komið, lesbók. Sóknarskrift og upplestur voru einnig nýtt í stafsetningarkennslu.

Enska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, hlustun og málnotkun. Til að ná markmiðum í ensku var unnið á fjölbreyttan hátt með söng, umræðum og skriflegum verkefnum. Nemendur unnu verkefni einir, í pörum eða í hópum. Námsefnið Yes we can lesbók og vinnubók var nýtt sem grunnefni. Lögð er áhersla á að auka hæfni nemenda til þess að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Lögð var áhersla á samfellda texta úr hversdagslífi nemenda sem höfðu átti til áhugasviðs þeirra ásamt fjölbreyttum verkefnum sem byggðu á textanum. Nemendur völdu sér frjálslestrarbók á bókasafni sem þeir lásu og unnu verkefni út frá. Áhersla var lögð á þátttöku nemenda í mati á eigin námsstöðu og voru t.d. myndbönd og önnur verkefni notuð til þess.

Uppbyggingarstefnan – Lífsleikni

Á haustdögum var mikið unnið með uppbyggingarstefnuna og lögð aðal áhersla grunnþætti uppbyggingarstefnunnar. Haft var að leiðarljósi að nemendur kynntust grunnþörfum sínum og hvernig greina megi sínar sterkustu þarfir. Í kjölfar þess að bekkjarsáttmáli var gerður var unnið með T-spjöld og Y-spjöld ásamt verkefnum um skýr mörk. Lífsvagninn var nýttur til að kynna nemendum að hver og einn hefur stjórn á eigin hegðun og geti valið viðbrögð sín. Bekkjarfundir voru settir á vikulega þar sem nemendur gátu rætt mál sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrirfram ákveðin málefni. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundunum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Haldið var áfram með þá vinnu sem hófst í fyrra um Hugarfar vaxtar en í minna mæli þó. Nemendur fengu upprifjun á Hugarfar vaxtar þar sem unnið er með eðli náms og hegðunar út frá heilarannsóknum. Á vordögum fóru nemendur í gegnum námsefnið Krakkaspjall sem unnið er af sérfræðingum MSHA þar sem unnið er með markmiðin að skilja samhengi á milli orsakar og afleiðingar ásamt því að geta sett sig í spor annarra. Verkefnið samanstóð af 10 fundum ásamt heimaverkefnum og var hver fundur 40 mínútna langur. Hjúkrunarfræðingur heimsótti árganginn tvisvar sinnum með fræðslu um kvíða og sjálfsmynd. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar heimsótti árganginn einnig og fræddi um starfrænt ofbeldi.

Við nýttum haustið mjög vel í uppbyggingarvinnu og nemendur voru orðnir nokkuð færir í hugmyndafræðinni og höfðu tileinka sér orðræðuna. Við héldum því miður ekki áfram jafn markvisst og fundum að nemendur voru ekki jafn öruggir að nýta sér verkfæri uppbyggingarstefnunnar þegar

vora tók. Við teljum mikilvægt að byrja af miklum krafti á haustinn en að sama skapi skiptir einnig máli að halda áfram allan veturinn að ræða uppbyggingarstefnuna og nýta tól og tæki sem henni fylgja. Við fórum í gegnum námsefnið Krakkaspjall á vordögum og teljum mikilvægt að það sé nýtt að hausti í 5. bekk þar sem verkfæri efnisins gæti nýst vel allan veturinn.

Uppbrot - þemadagar – vettvangsferðir- grenndarkennsla

Á haustdögum fór árgangurinn á hjólum í Naustaborgir og löbbaðu síðan allir langleiðina upp í upp í Gamla, tíndu ber og nutu. Í mars var útivistardagur þar sem árgangurinn hafði að þessu sinni val um að fara í Kjarna, á skíði í Hlíðarfjall eða Braggaparkið. Nemendur voru ánægðir með að fá að velja og áttu góðan dag með nemendum á miðstigi. Í maí voru þemadagar þar sem þemað var:

Umhverfivernd, sjálfbærni og mannúð. Miðstigið vann í fimm lotum og vann ýmis verkefni tengd þemanu s.s. vinabönd, kort til að gleðja nágranna skólans, ratleikur um nágrenni skólans og umhverfisbingó. Á vordögum fór árgangurinn í hjólaferð upp á Hamra þar sem leikið var í sólskininu, umhverfið skoðað ásamt ýmis útiverkefni voru unnin. Skólalóðin og nærumhverfi skólans var einnig nýtt í styttri ferðir og ýmis útiverkefni. Þessar ferðir voru nýttar til grenndarkennslu þar sem nemendum var bent á áhugaverða hluti í umhverfinu s.s. stytur, byggingar, örnefni, gróður og merkilegar staðreyndir. Unnin voru ýmist verkefni fyrir ferðirnar eða að þeim loknum sem tengdust umhverfi okkar og náttúru.

Foreldrasamstarf

Til að upplýsa foreldra um gang mála í skólanum voru sendir út föstudagspóstar hvern föstudag frá umsjónarkennurum. Nemendur sáu einnig um að senda út föstudagspósta á haustönn. Þeir skiptust á að búa til myndbönd þar sem fréttum frá skólanum voru gerð góð skil. Einnig höfðu umsjónarkennarar samband við foreldra þegar þurfa þótti. Til að auka sýnileika skólastarfsins var foreldrum boðið upp á að tengjast appinu „Class dojo“ þar sem myndum, myndböndum og verkefnum var deilt beint til foreldra, bæði sem hóps og einstaklinga. Nemendur og kennarar voru virkir í að deila verkefnum og myndum til foreldra. Þetta leysti vandann við að geta deilt myndum og myndböndum með góðum og öruggum hætti ásamt því að geta deilt myndum af verkefnum.

Á haustdögum og í janúar voru foreldrasamtöl. Fyrra samtalið var við upphaf skóla og var með hefðbundnum hætti að öðru leiti en að samtalið fór fram á TEAMS. Seinna samtalið fór einnig fram á TEAMS en með öðrum hætti. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum þar sem þeir skoðuðu íslensku- og stærðfræðimarkmið vetrarins og mátu hvað þeir hefðu náð bestum tókum á annars vegar og hins vegar hvar þeir þyrftu að æfa sig betur. Nemendur skoðuðu einnig aðra þætti sem sneri að þeim og þeim þótti skipta máli. Nemendur æfðu sig í þörum í skólanum og settu á svið foreldrasamtöl. Nemendur nýttu síðan upplýsingarnar sem þeir höfðu skráð hjá sér og stýrðu foreldrasamtalinu þegar að því kom. Umsjónarkennari var viðstaddur og aðstoðaði ef þurfti og svaraði síðan spurningum foreldra þegar við átti.

6. bekkur

Í teyminu störfuðu tveir umsjónarkennarar:

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 100 % staða

Mekkin Einarsdóttir 100 % staða

Dagbjört Katrín Jónsdóttir kom inn til að leysa Bryndísi af í fæðingarorlofi

Nemendur í 6. bekk voru 52 yfir veturinn. Í lok árs voru drengirnir 27 og stúlkurnar 25.

Árgangnum var skipt upp í tvo umsjónarhópa.

Stuðningsfulltrúar í árgangnum voru:

Laufey Björg Kristjánsdóttir

Gabríela Rán Guðjónsdóttir

Karen Dögg Gunnarsdóttir, kom inn í staf Laufeyjar í febrúar

Eyrún Lilja Aradóttir, kom inn í stað Gabríelu í febrúar

Aðrir kennarar sem komu að kennslu í 5. bekk:

Garðar Þorsteinsson, Arna Benný Harðardóttir, Ólöf María Jóhannesdóttir kenndu ensku einu sinnu í viku

Rósa Hrefna Gísladóttir og Tinna Unnarsdóttir kenndu lesskilning 2 sinnum viku

Í 6. bekk í vetur voru þegar mest var 52 nemendur, 27 drengir og 25 stúlkur. Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, báðir í 100% starfshlutfalli. fimm aðrir kennarar komu að kennslu í árganginum. Þrjú þeirra kenndi ensku 1 kennslustund á viku, tveir kennarar kenndu lesskilning 2 kennslustundir í viku. Nemendur fengu aðstoð tveggja stuðningsfulltrúa sem skiptu á að vera í sitthvorri stofunni. Árganginn fékk 9 kennslustundir á viku hjá sérkennara. Sérkennari kom ýmist inn í kennslustundir og aðstoðaði nemendur sem þurftu aukalega aðstoð eða nemendur fóru tvisvar í viku í námsver þar sem þeir unnu í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði og lestri. Alls sóttu 12 nemendur námsverið, mismikið allan veturinn. Vikulegir samráðsfundir voru með sérkennara sem voru skilvirkir og góðir, farið var yfir námsmarkmið og kennsla stuðningsnemenda aðlöguð sem mest viðfangsefnum inni í bekkjum. Allir nemendur sem sóttu tíma í námsveri voru með skilgreinda námsörðugleika. Auk nemenda sem búið höfðu lengi erlendis. Mikil áhersla var lögð á lestrarþjálfun hjá þessum hópi og passað upp á að nemendur hefðu aðgang að Hljóðbókasafni Íslands og þeir fengu þjálfun í að nota hljóðbækur bæði af vef Menntamálastofnunar og HBS. Auk þess var unnið með orðaforða, mál- og lesskilning og farið yfir grunnþætti í málfræði og stafsetningu. Reynt var að hafa kennsluáferðir fjölbreyttar með námsspilum og verkefnum. Nemendur sem áttu í erfiðleikum með stærðfræði fengu tvo námsverstíma á viku í stærðfræði auk aðstoðar inni í bekkjum. Að jafnaði nýttust tímarnir vel hvort heldur sem var í námsverinu eða inni í bekkjarstofum.

Félagsfærnessögur voru gerðar og notaðar fyrir einstaka nemendur sem einnig voru sendar heim til foreldra.

Samfélags- og náttúrufræði

Markmiðin voru höfð að leiðarljósi þegar farið var í efnisþætti í samfélags- og náttúrufræði. Markmiðunum var skipt í fimm þemu. Í þema eitt var Lífríkið í sjó. Verkefni voru unnin sem einstaklings- eða hópverkefni. Nemendur unnu plakát um fugl sem þeir völdu sér, leituðu upplýsinga og skráðu niður. Nemendur bjuggu til líkan af fisk sem þeir völdu að fræðast um. Gerðu hugtakakort og að lokum stutta ritgerð. Farið var í siglingu á Húna II þar sem nemendur fengu fræðslu um ýmsar lífverur hafsins. Nemendur fengu að veiða fisk og var aflinn síðan grillaður um borð. Þema tvö var Norðurlöndin, þar unnum við eingöngu með markmiðin þar sem lesbókin var lesin og unnið smá í verkefnabókum. var mikið unnið í les- og verkefnabókum. Nemendur unnu mikið tveir til þrír saman og leituðu eftir upplýsingum í lesbók ásamt því að hlusta eftir upplýsingum. Farið var í landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlyndir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengdust hverju landi. Unnið var í lokin stórt hópverkefni þar sem nemendur voru settir saman að handahófi og hver hópur fékk eitt land til að vinna með. Í þema þrjú var farið yfir mótun jarðar, loftslag og himingeiminn, jarðskorpu fleka og fleiri verkefni sem unnin voru út frá námsmarkmiðunum. Nemendur unnu mikið tveir til þrír saman og leituðu upplýsinga í lesbók ásamt því að hlusta eftir upplýsingum. Nemendur bjuggu til eldfjall sem síðan var látið gjósa, búið var til líkan af innri kjarna jarðskorpunar, himinhvolfið var teiknað upp og farið var í að finna upplýsingar um hvað hvert himinhvolf gerir. Í þema fjögur var unnið með Snorra Sturluson. Nemendur hlustuð á söguna um Snorra og bjuggu nemendur síðan til úrdættir úr hverjum kafla fyrir sig, nemendur fengu val um hvernig þeir gerðu úrdættina. Flestir völdu að skrifa stuttan úrdrátt en einhverju völdu að gera myndasögu. Þegar nemendur höfðu lokið við bókina völdu nemendur sig saman í hópa og bjuggu til stutt handrit og tóku upp leikþátt. Fimmta og síðasta þema vetrarins var trúarbragðafræði þar sem nemendur fræddust um Hindúatrú og helstu atriði sem tengjast trúnni.

Verkefni voru unnin út frá námsmarkmiðum. Námsmatið byggðist upp á símati, könnunum, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluáferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Stærðfræði

Stærðfræðibækurnar Stika 2a og 2b voru nýttar sem aðal námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefnum.

Í fyrsta kafla sem var um tölur og reikning var unnið með reikniaðgerðirnar fjórar (+, -, x og ÷), tugakerfið, námundun og slumpreikning, negatífar tölur og talnarunur. Við slepptum að vinna með annan kafla þar sem engin markmið voru í honum. Þriðji kafla var unnið með samlagningu og frádrátt tugabrota og að margfalda með tugabrotum. Hugtökin tíundi hluti, hundraðshluti og þúsundasti hluti voru útskýrð upp á töflu. Í kafla fjögur var unnið með rúmmál, flatarmál, ummál marghyrninga og yfirborðsflatarmál. Nemendur lærðu heiti hinna ýmsu forma og tengsl tvívíðra og þrívíðra forma. Farið var í að kanna eiginleika og einkenni þríhyrninga, m.a. hliðarlengdir, horn og hornasummu. Í fimmtakafla var unnið með mælingar. Í sjötta kafla var farið í almenn brot og notuðu nemendur segul brot sem voru upp á töflu til að átta sig betur á stærð brota og bera saman mismunandi brot. Einnig fengu nemendur útklippt brot til að bera saman mismunandi brot. Í sjöunda kafla var unnið með margföldun og deilingu. Í áttunda og síðasta kaflanum var unnið með hnitakerfið og hlutföll.

Unnið var eftir námsmarkmiðum í stærðfræði. Kennsla var í formi innlagna á töflu og einstaklingsinnlagna. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð auk samvinnunáms þar sem nemendur unnu saman að lausn dæma. Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf og framvinda nemenda metin á hæfnikort inn á Mentor. Farið var yfir kannanir með hverjum nemenda þar sem efnispættir voru ræddir. Áætlanir voru gerðar fyrir hvern kafla sem nemendur unnu eftir. Vikuáætlun og námsmarkmið voru sýnileg nemendum. Áætlanirnar voru sniðnar að þörfum nemenda og var lagt upp með að þeir kláruðu áætlunina í skólanum ef það náðist ekki var námsefnið tekið heim.

Íslenska

Unnið var með ákveðið markmið í hvert skipti og því lokið af. Nemendur voru því að einbeita sér að einu þætti í einu. Í hverju markmiði var unnið með fjölbreytt verkefni og í námsbókum. Einnig útskýrðu nemendur með orðum hugtök í íslensku eins og nafnorð, sagnorð o.s.frv. Lögð var áhersla á lesskilning, lestur, málfræði, stafsetningu, sjálfstæð vinnubrögð, framsögn og tjáningu. Þeir nemendur sem áttu erfitt með ritunarverkefni nýttu sér google docs. Námsmat var fjölbreytt t.d. í formi kannanna, skriflegum verkefnum, vinnubókum, áhugasviðsverkefnum og hópaverkefnum. Lagt var fyriri lesfimiþróf ásamt orðleysu og nefnuhraða. Orðarún var lögð fyrir tvisvar yfir veturinn. Nemendur unnu verkefni ýmist einir, í þörum, bekkjarhópum eða í blönduðum hópum milli bekkja. Próf voru unnin út frá hæfniviðmiðum sem voru lögð fyrir jafnt og þétt fyrir veturinn. Unnið var með lestraraðferðina PALS einu sinni yfir veturinn í 4 vikur. Lögð var áhersla á að nemendur læsu heima fimm sinnum í viku sem var skráður í þar til gert heimalestrarhefti. Yndislestur var hafður flesta morgna í 20 mínútur.

Notaðar voru ýmsar vefsíður, t.d. Skólavefuirnn, 123skoli.is, mms.is þá einna helst ritunarverkefni og Málið í mark þar sem nemendur unnu ýmis verkefni tengd orðflokklum og stafsetningu.

Enska

Hjá 6. bekk var einn enskutími á viku á stundatöflu en einnig voru teknar lotu þar sem unnið var með ákveðin markmið. Unnið var mikið með námsbókina Build up 2 en einnig voru unnið skapandi verkefni í lotunum þar sem nemendur unni í hópum og auðvelt að vinna að mörgum markmiðum samtímis líkt og markmiðum í orðaforða, tjáningu, ritun og samvinnu. Vinna í leskilningi, ritun og hlustun fór að auki fram í gegnum námsbækurnar Build up 2. Markmið í orðaforða og málnotkun voru framburðaræfingar og kynning nemenda á skapandi verkefnum notuð til að ná þeim sem best.

Lífsleikni

Bekkjafundir voru haldnir vikulega þar sem farið var yfir bekkjarsáttmálann og Farið var í lausnaleit; hvað hægt er að gera til að æfa okkur betur í að passa orðin, framkomu, góð samskipti, að setja sig í spor annarra og að við berum ábyrgð á okkar hegðun og framkomu. Notast var við bókina lýðræði og lífsleikin; bekkjafundir þessu til stuðnings. Hjúkrunarfræðingur skólans var með fræðslu um helstu breytingar sem fylgja kynþroskaaldrinum.

Vettvangsferðir og uppbrotisdagar

Skólaárið byrjaði á útivistardegi sem var 7. september. 6. bekkur hjólaði inn í kjarnaskóg og þaðan upp á Hamra. Þar fengu nemendur að vaða í vatninu og borða nestið sitt. Litlu jólin voru haldin 20. desember, nemendur fengu kakó og smákökur í heimastofur.

Farið var í Hlíðarfjall 9. mars. Árshátíðin var haldin 6. apríl, nemendur í 6. bekk sáu um ævintýraveröld. Þemadagar voru 5. og 6. maí í Brekkuskóla. Þemað í ár var Umhverfið, sjálfbærni og mannúð. Við fórum á frjálssíþróttamót í Boganum 12. maí þar sem við kepptum við aðra skóla á Akureyri. 24 maí var okkur boðið á Hælið þar sem nemendum var skipt upp í þrjá hópa. Farið var í leiki, gönguferð og safnið á Hælinu skoðað. Skólaárið endaði á vorhátíð á skólalóð þar sem nemendur fóru á milli mismunandi leikjastöðva.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl voru í upphafi skólans og í janúar í gegnum Teams. Farið var yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda, auk þess sem önnur mál voru rædd eftir þörfum. Einnig var haft samband við foreldra þegar ástæði þótti til. Vikulegir póstar voru sendir heim með upplýsingum um viðburði líðandi viku og verkefni komandi viku. Haft var samband við foreldra þegar ástæði þótti til.

7. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stuðningsaðila og starfshlutfall , fjöldi nemenda

3 umsjónarkennarar í 100% stöðu

1 sérkennari, 11 kennslustundir og 2 kennslustundir í bekkjarkennslu

1 upplýsingatæknikennari – 4 kennslustundir og 2 í bekkjarkennslu

Nemendur:

- 7. BG 19 nemendur - stofa 307
- 7. EAÓ 19 nemendur - stofa 306
- 7. FRF 18 nemendur – stofa 308

Kennsluhættir: Innlögn/töflukennsla, einstaklingsmiðuð kennsla, hópavinna, paravinna, einstaklingsnám.

Sérkennsla og stuðningur í 7. bekk

Sérkennari var ýmist inni í bekkjum eða kenndi í námsveri. Alls sóttu 14 nemendur námsverið reglulega og nokkrir komu óreglulega, mismikið þó. Mikil áhersla var lögð á lestrar- og lesskilningþjálfun sem skilaði nokkuð góðum árangri. Einnig var unnið með málfræði, stafsetningu og stærðfræði. Orðarún var lögð fyrir allan árganginn tvisvar yfir veturinn og tók hópur prófið hjá sérkennara. Lesfimi var þrisvar í vetur, september, janúar og maí og sá sérkennari um fyrirlögn. Einnig var lögð fyrir orðaleysa og sjónrænn orðaforði fyrir hluta árgangsins. Logos var lagt fyrir nokkra nemendur í árganginum til að meta stöðu þeirra betur.

Markmiðið var að ákveðinn hópur nemenda kæmi oft og þá færri í hóp í námsveri allt skólaárið en það gekk ekki eins og vonir stóðu til sökum covid. Sérkennari sat nokkra skila- og teymisfundi og átti gott samstarf við foreldra.

Vikulegir skipulagsfundir voru með umsjónarkennurum, þar sem farið var yfir stöðu mála. Samvinna var góð og traust ríkjandi í teyminu. Sérkennari átti einnig í samstarfi við foreldra þegar þurfti.

Hlíðarfjall - Rósa Mjöll.

Einn nemandi kom í námsverið Hlíðarfjall í þessum árgangi 30 mínútur á viku. Þar var unnið með samskipti, líðan og framkomu í samráði við umsjónarkennara. Dagbókarfærslur voru reglulega sendar heim til foreldra til að upplýsa um hvað var gert í tímunum.

Umhverfi, lýsing á stofum - námsumhverfi

Þrjár kennslustofur

Jákvætt:

- Bjartar og rúmgóðar stofur
- Hægt að opna milli stofa 306 og 307

Neikvætt:

- Óþægilegir nemendastólar og kennarastólar
- Bilun í ljósabúnaði (ekki hægt að slökkva ljós í stofu 307 í 3 mánuði)
- Lélegir hátalarar í stofum 306 og 307

Lífsleikni

Fyrstu skóladagarnir fóru í uppbyggingarvinnu með árganginum. Hver og einn vann þarfagreiningu og út frá henni mynd sem sýndi þarfir hvers og eins sem var síðan til sýnis á gangi. Unninn var árgangssáttmáli út frá þeim gildum sem árgangurinn valdi sér að hafa að leiðarljósi yfir veturinn og gerð voru T-spjöld og Y-spjöld til að dýpka umfjöllunina. Uppbyggingarstefnan mótaði á hvaða hátt unnið var að nemendamálum yfir veturinn.

Bekkjafundir voru á stundaskrá einu sinni í viku. Stundum héldum við árgangafundi eða kynjaskipta fundi, allt eftir þörfum. Á þeim bekkjafundum sem haldnir voru var áhersla lögð á að virða skoðanir annarra. M.a. var rætt um ólíkar þarfir og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra og að virða ólíkar skoðanir. Á sama tíma hvöttum við til sjálfstæðra skoðana og að allir fengju tækifæri til að tjá sínar hugleiðingar. Við ræddum um mikilvægi þess að virða trúnað við aðra og stundum komu upp mál sem þurfti að ræða innan smærri hópa og þá átti sú umræða vel við. Í gegnum veturinn unnum við ýmis verkefni sem reyndu á samvinnu nemenda og það var góð æfing. Við tókum margar umræður um mikilvægi þess að stunda nám sitt vel og við ræddum um skipulag og markmiðasetningu.

Í byrjun mars kom fulltrúi frá Háskólanum á Akureyri og vann með okkur að markmiðum að auka virðingu, umgengni, framkomu og samskipti nemenda. Fylgdist viðkomandi bæði með kennslu og hélt einnig fundi með nemendum. Haldið verður áfram með þessa vinnu næsta haust.

Fulltrúi lögreglunnar kom í heimsókn til okkar í maí með fyrirlestur um stafrænt ofbeldi. Honum var tíðrætt um hversu mikilvægt er að fá samþykki og leita til fullorðinna ef börn upplifa vanlíðan vegna t.d. myndbirtinga og hótana. Þá benti hann einnig á sakhæfisaldur sem er 15 ár og mikilvægi öryggisstillinga í sínum og á samfélagsmiðlum. Krakkarnir stóðu sig vel og voru duglegir að spyrja.

Íslenska

Unnið var jöfnum höndum að öllum þáttum íslenskunnar með fjölbreyttum verkefnum. Á tímabili var sérstök áhersla á upplestur og náði sú vinna hámarki í byrjun febrúar þegar *Stóra upplestrarkeppnin* fór fram í Brekkuskóla þar sem góður hluti árgangsins tók þátt. Fram að því höfðum við lesið bæði laust og bundið mál úr ýmsum áttum og æft framsögn og tjáningu. Hljóðlestur átti daglegan sess í stundaskránni og voru nemendur hvattir til að velja lesefni eftir áhugasviði og lesa heima reglulega. Fjölbreytt ritunarverkefni voru unnin yfir veturinn og skapandi skrif áttu þar sinn sess bæði í kringum árs hátíðarvinnu þar sem nemendur sömdu eigin leikþætti sem og í öðrum ritunarverkefnum. Við nýttum Google umhverfið talsvert við alla ritunarvinnu og gerði það nemendum auðveldara að halda utan um sína vinnu og kennurum betra að fylgja henni eftir. Nemendur fengu fræðslu um heimildaöflun og í kjölfarið skrifuðu þeir heimildaritgerð á Classroom vinnusvæðinu. Námsþættir voru þjálfaðir með markvissum innlögnum og fjölbreyttum æfingum. Þar notuðum við námsefnið *Málrækt 3, Smellur 3 og Orðspor 3*. Auk þess nýttum við ýmsar vefsíður á borð við *Skólavefinn, Málið í Mark og Málsmiðjuna* og æfðum þar valda þætti málfræði og stafsetningu. Reglulegt námsmat var yfir veturinn og metin voru stök verkefni, framlegð í tímum og kannanir lagðar fyrir í lok hverrar námslotu. Í vetur náðum við að halda vel utan um markmið okkar og okkur gekk vel að ljúka þeim námsþáttum sem til umfjöllunar voru og fara dýpra ofan í þá þætti sem okkur þótti þörf á. Ef til vill hefðum við getað lagt meiri áherslu umfjöllun um ljóðform og ef okkur hefði gefist tími til þá hefðum við viljað fara í vinnu með rökræður.

Stærðfræði

Unnið var eftir áætlunum að markmiðum og hverri námslotu var ætlað að æfa valda þætti stærðfræðinnar. Við fengumst við grunnaðgerðirnar fjórar með smáum og stórum tölum, jákvæðum og neikvæðum sem og tugabrotum. Við æfðum aðferðir og skilning á hugtökum tengdum tölfræði og líkindareikningi. Nemendur spreyttu sig á því að rýna í gagnasöfn og setja gögnin fram með töflum og myndritum. Við glímdum við hlutfallareikning og lærðum um forgangsröð í reikniaðgerðum, kynntumst frumtölum og samsettum tölum og hvernig skal þátta og frumþátta tölur. Í rúmfræði æfðu nemendur sig í notkun gráðuboga og hringfara og lærðu hugtök tengd ólíkum formum. Við reiknuðum flatarmál, ummál og rúmmál og æfðum útreikninga á tíma og vegalengd. Við lærðum hvernig prósentureikningur getur nýst okkur í daglegu lífi og tengsl hans við almenn brot og tugabrot. Nemendur náðu að tileinka sér fjölda nýrra hugtaka og aðferða. Námsefnið sem við notuðum var *Stika 3*, www.rasmus.is, *skólavefurinn* og ýmis myndbönd til að dýpka innlagnir og til upprifjunar. Kennsla var í formi innlagna á töflu og einstaklingsinnlagna. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð í bland við samvinnunám nemenda þar sem þeir unnu saman að lausn dæma. Í lok hverrar lotu var könnun og framvinda nemenda metin þar en einnig fór fram reglulegt mat á vinnu nemenda í tímum. Vel gekk að komast yfir þá námsþætti sem til umfjöllunar eru í 7. Bekk.

Samfélagsgreinar

Viðfangsefni vetrarins var Evrópa og fjölluðum við um landshætti, gróðurfar, atvinnuhætti, auðlindir og orku, umhverfismál, samgöngur og mannlíf í öllum fjórum hlutum álfunnar. Unnið var með

námsefnið *Evrópa lesbók og vinnubók, Kortabók handa grunnskólum, Lýðræði og tækni* og ýmis konar efni sem við fundum á netinu t.d. myndbönd og hlaðvörp. Við unnum mikið í Google umhverfinu svo sem í Classroom og Slides og því var samþáttun við upplýsingatækni talsverð. Unnið var stórt og veigamikilið hópverkefni þar sem nemendur leituðu heimilda um tiltekið Evrópuland, gerðu því skil á ýmsa vegu. Í aðdraganda alþingiskosningar 2021 voru haldnar kosningar í hverjum bekk þar sem nemendur stofnuðu stjórnmalaflokk, kynntu málefni sín og að lokum voru haldnar kosningar. Vegna samkomubanns og takmarkana komumst við ekki yfir allt það efni sem á dagskrá var en ætlunin var gera gamla samfélaginu á Íslandi skil og merkum atburðum á borð við Tyrkjaránið og valdarán Jörundar hundadagakonungs. Vel gekk að glæða áhuga nemenda á viðfangsefnum, sérlega þegar kom að sögulegum atburðum og gera þeim góð skil.

Náttúrugreinar

Við unnum með námsefnið *Maðurinn – hugur og heilsa* lesbók og vinnubók og *Auðvitað – heimilið*. Auk þess notuðum við ýmis ljósrituð verkefni og verkefni frá kennurum í Google umhverfinu. Umfjöllunarefnið var mannslíkaminn, líffæri hans og virkni þeirra og við fræddumst um tegundir og hlutverk frumna, samspil beina og vöðva, leið blóðsins um blóðrásarkerfið, meltingarfærin og næringarefni sem þau vinna úr matnum, öndunarfærin og lifur og nýru sem gegna hlutverki hreinsunarkerfis í líkamanum. Einnig fræddumst við um samspil heila og tauga við skynfæri okkar og lærðum um fjölmörg hlutverk húðarinnar. Við byrjuðum önnina með umfjöllun um kynproskatímabilið og þær breytingar sem verða á líkamanum og andlegri heilsu með tengingu við umfjöllun um vináttu og vímuefnavarnir. Námsmat byggðist að miklu leyti á framlegð í tímum og skilaverkefnum en einnig lögðum við fyrir tímaverkefni þar sem nýta mátti námsgögn. Okkur gekk vel að fjalla um námsmarkmið líffræðinnar en hægar gekk að vinna að þeim námsþáttum sem snúa að eðlis- og efnafræði. Þar fjölluðum við um mikilvægi vísindalegra vinnubragða á vísindastarfi og nokkur grunnhugtök í efnafræði.

Danska

Við fengumst við einfaldan orðaforða tengdum nemandanum sjálfum og daglegu lífi. Við lærðum um tölurnar upp að tuttugu, algengustu liti, fatnað, vikudagana, árstíðirnar, fjölskylduna og heimilið. Við æfðum hlustun gegnum einfaldar hlustunaræfingar og danska tónlist, horfðum reglulega á sjónvarpsefni ætlað börnum og unglíngum og unnum verkefni tengd því áhorfi. Til vinnunnar nýttum við námsefnið *Start lesbók og vinnubók*, forritin *Kahoot* og *Quizlet* auk ítarefnis. Nemendur unnu mikið sjálfstætt en einnig í pörum. Vel gekk að glæða áhuga á nýju tungumáli. Nemendur unnu samvinnuverkefni og sköpuðu sína eigin dönsku einstaklinga sem ætlað var að auka orðaforða. Yfir veturinn lögðum við fyrir tvær kannanir og mátum einnig vinnubókarvinnu nemenda. Námsmat var birt í Mentor. Covid veikindi og takmarkanir settu smá strik í reikninginn hér því við komumst ekki eins langt í námsefninu og við hefðum kosið.

Enska

Unnið var með orðaforða, lesskilning, ritun og nokkur málfræðiatríði. Sérstök áhersla á orðaforða tengdan heilsu og lífsstíl. Ritunarverkefni af ýmsu tagi og og hlustunarskilningur æfður með fjölbreyttum verkefnum. Þemaverkefni um siði annarra landa reyndi á ritunarfærni, samvinnu og munnlega tjáningu. Við unnum ýmis verkefni í námsbókinni *Action lesbók og vinnubók* og gagnvirk verkefni frá ýmsum vefsíðum sem æfðu ýmist orðaforða, lesskilning, stafsetningu eða málfræði. Nemendur unnu einnig ýmis skilaverkefni í Google umhverfinu og var námsmat byggt á

verkefnavinnu, vinnubókum og framlegð í tímum. Vel gekk að vinna að námsmarkmiðum ensku í vetur en alltaf má betur gera.

Upplýsinga-og tæknimennt

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran, hátt við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna ásamt því að beita réttri fingrasetningu. Einnig var markmið að nemendur gætu nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við öflun upplýsinga, verið gagnrýnir á gæði upplýsinganna og geta sett fram einfalda heimildaskrá. Auk þess að geta farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og geta tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netinu. Kennsla fór fram á borðtölvur í tölvustofu og voru verkefni sett upp í lotur í Mentor og þar sem unnið var með ákveðin þemu: Ábyrg netnotkun, Evrópa og heimildaskráning, Stærðfræði og töflureiknir, Bókasafnskerfið Dewey og hugarkort. Auk þess var fingrasetning þjálfuð reglulega yfir veturinn. Hugbúnaður sem notaður var til að ná markmiðum var Google-umhverfið (Gmail, Drive, Forms, Sheets, Drawings, Slides, Classroom) og Typing.com. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í pörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Regluleg leiðsögn var veitt í gegnum námsferlið bæði munnlega og rafrænt skriflega í Classroom. Námsmat var birt í Mentor.

Vegna óvenju mikilla veikinda náðist ekki að vinna eftir kennsluáætlun sem sett var í upphafi. Lengri tíma hefði þurft til þjálfunar fingrasetningar en á heildina litið gekk þokkalega.

Þemaverkefni innan árgangs

- Kosningaverkefni í samfélagsfræði (sjá samfélagsgreinar)
- Evrópulandaverkefni í samfélagsfræði (sjá samfélagsgreinar)
- Fjölskylduverkefni í dönsku (sjá danska)
- Jólaverkefni í ensku, þar sem nemendur völdu sér land og fjölluðu um jólah hefðir og siði á ensku.

Uppbrot – þemavinna – hefðir - grenndarkennsla

- Útivistardagur 8. september. 7. – 10. bekkur fór með rútu upp á Víkurskarð og þaðan var gengið upp á Ystuvíkurfjall. Gangan hófst um 8:50 – 9:00. Flestir nemendur í 7. bekk sem mættu í skólann fóru á toppinn, aðrir gengu mismunandi vegalengdir en nutu náttúrunnar og tíndu ber. Rúturnar komu aftur í skólann á milli 12:00 og 12:30. Veðrið var ágætt. Það var enn nokkuð um ber á svæðinu, bláber, krækiber og safarík aðalbláber.
- Við tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* á Degi íslenskrar náttúru, 16. september. Það er samkeppni milli nemenda skólans í að greina fugla, plöntur og þekta staði á Íslandi.
- 8. nóvember, dagur gegn einelti. Horfðum á þáttinn *Ný sýn - Salka Sól*, þar sem söngkonan Salka Sól opnar sig um það hvernig hún var lögð í einelti á sínum grunnskólaárum. Góð umræða skapaðist eftir áhorfið.
- 16. nóvember, dagur íslenskrar tungu. Rýndum í gömul orð og merkingu þeirra í nearpod verkefni. Horfðum einnig á viðtöl við nýbúa um þeirra upplifun af íslenska tungumálinu.
- Föndur fyrir jólin. Við föndruðum jólakransa úr gömlum púsluspilum sem voru síðan

spreyjaðir og margir nýttu tækifærið til að útbúa jólagjafir fyrir foreldra.

- Skólaferðalag að Reykjum í Hrutafirði. Dvalið var þar dagana 21.-25. febrúar við leik og störf.
- Útivistardagur 9. mars. Í boði var ýmislegt en nemendur í 7. bekk völdu ýmist að fara upp í Hlíðarfjall eða á skauta. Veðrið var þó ekki alveg til friðs og þurfti að fara fyrr úr fjallinu en fyrirhugað var vegna hvasviðris.
- Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin á sal skólans 18. mars. Hátíðlegur viðburður á sal þar sem margir nemendur tóku þátt og lásu. Dómnefnd valdi tvo fulltrúa skólans og einn varamann til að lesa í Stóru upplestrarkeppninni.
- Stóra upplestrarkeppnin í sal Menntaskólans á Akureyri þann 23. mars. Brekkuskóli átti tvo fulltrúa í keppninni, einn varafulltrúa og einnig tóku nokkrir nemendur úr skólanum þátt í tónlistarflutningi. Fulltrúar Brekkuskóla stóðu sig með mikilli þryði og til að fagna því var ísveisla í boði skólans daginn eftir.
- Árshátíð var 6. apríl og við byrjuðum að undirbúa hana um þremur vikum fyrr. Nemendur sömdu eigin leikþætti eða dansatriði sem þeir tengdu við þemað sem var Vikan með Gísla Marteini. Sumir nemendur kusu að vinna við leikmunagerð og sviðsaðstoð. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, sköpun og gleði. Nemendur sýndu tvær sýningar á árshátíðardaginn og á milli þeirra var hægt að fara í draugahús 6. bekkjar, kaupa tombólumiða, fara á kaffihlaðborð 10. bekkjar eða eiga rólega stund í umsjónarstofu.
- Kósýdagur eftir árshátíð þar sem nemendur höfðu val um að horfa á mynd eða spila. Þann dag var frjálst nesti.
- Hinsegin fræðsla frá Rósenborg. Félagsmálafulltrúi frá Rósenborg fræddi árganginn um mismunandi fjölskyldumynstur, mismunandi kynhegðun fólks, hvað þýðir hinsegin, hvenær kemur það í ljós hvort maður er hinsegin eða ekki og hvað er þá gott að gera.
- Þemadagar voru dagana 5. og 6. maí. Þetta árið var þemað umhverfisvernd - sjálfbærni og mannúð. Nemendur í 7. - 10. bekk völdu sig í eftirfarandi hópa:
 - Útivist og hreinsun – fyrri daginn var hjólað í Vaðlareið og stafsmenn í Skógræktarfélagi Eyjafjarðar fengu aðstoð nemenda við að hreinsa greinar. Tvö tré voru gróðursett í lok dags. Seinni daginn var hjólað inn í Kristnes, búskaparhættir skoðaðir, greinar hreinsaðar af lóð sunnan við spítalann og grillað snúbrauð.
 - Sköpun – Nemendur völdu sér vegg eða ramp til að hanna og útfæra vegglistaverk á. Lítil hópur vann stop motion og tálgaði listaverk. Þriðji hópurinn var í smíðastofu og vann þar listaverk úr tré.
 - Góðverk – Nemendur hjálpuðu til á þremur leikskólum bæjarins, þeir heimsóttu öldrunarheimilið Hlíð, skrifuðu hrósmíða sem dreift var um bæinn og skólann til að gleðja og fóru í góðgerðarbingó.
 - Þessi vinna gekk mjög vel og voru nemendur virkir og duglegir og hlutu víða hrós fyrir.
 - Skipulag þemadaga hófst helst til seint og við hefðum kosið að fá lengri tíma til undirbúnings. Þetta olli óþarfa streitu meðal starfsfólks sem auðveldlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Rætt var hvort velja mætti þemað strax að hausti þannig að vinnan gæti byrjað fyrr og væntanlega þróast öðruvísi.
- Þann 13. maí var frjálsíþróttamót grunnskólanna. Margir tóku þátt og náðu góðum árangri. Brekkuskóli landaði fyrsta sætinu.

- Hreinsun skólalóðar. Árgangurinn fékk það verkefni að fara út og hreinsa til í umhverfi skólans. Nemendur tíndu rusl og sópuðu stéttar í kringum skólann.
- Þann 23. maí fengum við fræðslu frá Rósenborg um skaðsemi vímuefna, nikotíns og veips.
- Leitinn mikla var 1. júní. Ratleikur um bæinn með 8. bekk þar sem að nemendur mynda lið, leysa hinar ýmsu þrautir og svara spurningum. Búningabema. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta liðið og liðið í bestu búningunum.
- Vorgrill. Hreyfistöðvar á skólalóð. Hver umsjónarhópur fór saman á milli stöðva með umsjónarkennara. Að útiveru lokinni var boðið upp á pylsur og safa fyrir framan aðalinngang skólans.
- Skólaslit. Róleg stund í umsjónarstofum með árganginn saman. Nemendur færðu í ferilmöppurnar sínar eftir veturinn og spiluðu Kahoot. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta lið og bestu búninga í Leitinni miklu og einnig voru veitt verðlaun fyrir snyrtilegasta herbergið í ferðinni til Reykjaskóla. Árgangurinn kvaddur í bili.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur. Þemaverkefni voru í ensku, dönsku og samfélagsfræði þar sem nemendur unnu saman að upplýsingaöflun og úrvinnslu. Nemendur mátu samvinnu í lok verkefna og rýndu í eigið framlag innan hóps. Samvinna kom einnig fram gegnum ýmis önnur verkefni svo sem árhátíðarvinnu, ratleik og þemadaga. Í ýmsum verkefnum unnu nemendur saman í þörum og almennt reyndi á samskipti og samvinnu í mörgum þeim verkefnum sem við lögðum fyrir nemendur í vetur.

Samvinna við aðra

Á vordögum tóku 7. og 8. bekkur saman þátt í ratleiknum Leitinn mikla þar sem nemendahópar fóru um bæinn og leystu þrautir. Kennarar 7. – 10. bekkjar unnu saman að skipulagningu þemadaga.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs og byrjun vorannar fóru fram samtöl milli kennara, foreldra og nemenda. Í samtölunum gafst tækifæri til að fara yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og ræða önnur mál eftir þörfum. Vikulegir póstar voru sendir til heimila með upplýsingum um viðburði líðandi viku og verkefni komandi viku. Ekki náðist að boða til morgunmóttöku fyrir foreldra líkt og verið hefur gert síðustu ár vegna Covid 19 takmarkana. Mæting foreldra á árhátíð nemenda var góð og nokkrir foreldrar sáu sér fært að mæta á upplestrarhátíð árgangsins í mars.

8. bekkur

Námsumhverfi og skipulag

Teymið, fjöldi kennara og stuðningsaðila og starfshlutfall , fjöldi nemenda

3 umsjónarkennarar í 100% stöðu og 1 sérkennari í c.a. 40% stöðu.

Nemendur:

- 8. EJ 22 nemendur í stofu 311
- 8. EKK 22 nemendur í stofu 309
- 8. HK 22 nemendur í stofu 310

Sérkennsla og stuðningur í 8. bekk

Í 8. bekk í vetur var sérkennari í 40% stöðu sem gerir 10 kennslustundir á viku. Stuðningur og sérkennsla fór fram ýmist inn í bekkjarstofum eða sérkennari vann með einum eða fleiri nemendum í litlum hópum í öðrum stofum. Nokkrir nemendur unnu reglulega í litlum hóp en aðrir sjaldnar allt eftir þörfum og verkefnum hverju sinni. Ekki var eiginleg sérkennsla allar vikur í vetur vegna samkomutakmarkana og annarra inngripa í skólastarfið vegna Covid.

Markmið með stuðningi sérkennara inn í bekk var að styðja við nám nemenda í bekkjarumhverfi, sjá til þess að nemendur viti hvað þeir eiga að gera og hvernig, en um leið efla þá í sjálfstæði og samvinnu við skólafélaga. Stuðningur nýttist þá einnig fleiri nemendum í stofunni. Stundum þurftu nemendur að vinna í rólegra umhverfi, einstaklingslega eða í minni hópum. Átti það t.d við um innlagnir, þjálfun, samræður, lestrarþjálfun og vinnu við námsmatsverkefni. Nemendur voru ýmist með námsefni á sama þrepi og árgangurinn og fengu stuðning í því eða námsefni aðlagð allt eftir þörfum þeirra og námsmarkmiðum. Áhersla í námsveru var á læsi; samræður um dagleg mál, að hlusta á lestur, lesa upphátt, rýna í texta og orð, útskýra hugtök og innihald texta, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Einnig átti sérkennari samræður við nemendur um líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum.

Sérkennari fundaði með umsjónarkennurum vikulega til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu. Samvinna var einnig á milli kennara og sérkennara um einstaklingsnámskrárgerð, aðlögun á námsefni og leiðum í kennslu. Sérkennari sat einnig fundi með umsjónarkennurum, foreldrum og stoðþjónustu.

Umhverfi, lýsing á stofum - námsumhverfi

Tvær samliggjandi kennslustofur og sérkennslustofa.

Jákvætt:

- Skjávarpar í stofum
- Fartölvur í stofum fyrir vinnu nemenda og duga nú fyrir árganginn
- Bjartar og rúmgóðar stofur
- Hægt að opna milli stofa

Neikvætt:

- Óþægilegir nemendastólar
- Rafmagn slær út þegar tölvur eru settar í hleðslu
- Taflan í stofu 309 er enn á röngum vegg.

Kennsluhættir: Innlögn/töflukennsla, einstaklingsmiðuð kennsla, hópavinna, paravinna, skapandi skil, einstaklingsnám.

Námsgreinar/viðfangsefni:**Íslenska**

Unnið í skipulögðum lotum þar sem markmið voru sett fram á skýran hátt. Áherslupættir voru málfræði, stafsetning, lestur og bókmenntir og ritun. Unnið með námsefnið Skerpa 1 og til stuðnings voru bækurnar Málfinnur, Skrifinnur og orðabækur. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilning og völdu nemendur bækur til yndislestrar og skilðu verkefnum upp úr þeim. Gefinn var tími í kennslustundum fyrir yndislestur. Nemendur lásu einnig þjóðsögur, goðsögur og smásögur (Mályrkja 1) og fjallað var um ólík form og einkenni sagnategunda. Ýmis konar gagnvirkt efni og fjölrítað var notað til dýpkunar, t.d. vefsíðurnar Málið í mark og lesskilningsverkefni af Skólavefnum. Nemendur lásu Hrafnkels sögu Freysgoð og túlkuðu efnið með aðstoð kennara. Kennari las með nemendum sem skrifuðu útdrætti úr öllum köflunum auk þess að vinna sitt hvorn úrdráttinn úr fyrri og seinni helmingi sögunnar. Nemendum var svo skipt í hópa þar sem þeir unnu handrit upp úr þeim köflum sem þeir fengu úthlutað og tóku svo upp myndskreið. Mjög skemmtileg vinna en því miður misstu margir af hópavinnunni þar sem Covid var á blússandi siglingu í árganginum. Í vetur unnu nemendur fjölbreytta samvinnu jafnt sem einstaklingsvinnu. Verkefni voru metin jafn óðum og könnun lögð fyrir í lok hverrar vinnulotu. Vinnan gekk í heildina vel. Skerpa er heildstætt námsefni og góður grunnur sem auðvelt er að byggja ofan á og laga að hverjum og einum nemanda. Nemendur sem voru með einstaklingsmarkmið í íslensku unnu að sömu viðfangsefnum og hópurnir. Tóku þátt í innlögnum, samræðum og samvinnuverkefnum en fengu einnig innlagnir og vinnu með sérkennara í litlum hóp af og til. Nemendurnir fengu einstaklingsáætlun og einstaklingsverkefni aðlöguð að markmiðum þeirra ýmist í vinnuöppu samskonar og hinir nemendurnir voru með eða í classroom. Kennari og sérkennari unnu saman að því skipulagi.

Stærðfræði

Unnið var eftir áætlunum að settum markmiðum og hverri námslotu var ætlað að æfa valda þætti stærðfræðinnar. Við æfðum blaðreikning, reikning með neikvæðum tölum, röð reikniaðgerða og reglur um deilanleika og þáttun talna. Þá skoðuðum við ferningstölur og veldareikning. Í rúmfræði fengust nemendur við hornareikning og að reikna stærð horn út frá reglum. Við köfuðum ofan í rúmfræðitengd hugtök og nemendur æfðu sig í teikningu rúmfræðimynda með notkun hringfara. Í hnitakerfinu æfðum við hliðrun, speglun og snúning rúmfræðimynda og lærðum að greina spegilsamhverfur. Við æfðum grunnaðgerðir brotareiknings, skoðuðum tengsl milli almennra brota, tugabrota og prósentu og æfðum okkur á prósentureikningi tengdum daglegu lífi. Í tölfræði rýndum við í gagnasöfn, lásam og skráðum upplýsingar gegnum myndrit og unnum með ýmis tölfræðitengd hugtök. Við æfðum okkur lítillaga í notkun töflureiknis og nemendur unnu samvinnuverkefni þar sem þeir söfnuðu talnagögnum í nærumhverfinu og settu fram í töflum og myndritum. Lokahnykkurinn á

vetrinum var algebrureikningur og þar var áhersla á að geta greint mynstur í myndum, að túlka texta með stæðum og öfugt, draga saman líka liði í dæmum, að leysa úr einföldum jöfnum, og geta sett upp jöfnu eftir texta. Námsefnið sem við notuðum var *Skali 1a og 1b, átta plús*, www.rasmus.is, *Skólavefurinn* og ýmis myndbönd til að dýpka innlagnir og til upprifjunar. Kennsla var í formi innlagna á töflu og einstaklingsinnlagna. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð í bland við samvinnunám nemenda þar sem þeir unnu saman að lausn dæma. Í lok hverrar lotu var könnun og framvinda nemenda metin þar en einnig fór fram reglulegt mat á vinnu nemenda í tímum. Nemendur unnu vikuleg heimadæmi í Moodle þar sem reyndi á lausnaleit og upprifjun. Nokkuð vel gekk að komast yfir þá námsþætti sem til umfjöllunar voru og í vetur endurskoðuðum við námsframvindumarkmiðin og löguðum yfirferðina að þeim

Nemendur sem voru með einstaklingsmarkmið í stærðfræði unnu að sömu námsþáttum og hópurnir. Tóku þátt í innlögnum, samræðum og samvinnuverkefnum en fengu einnig innlagnir og vinnu með sérkennara í litlum hóp af og til. Þeir skráðu í áætlunarblað út frá sínum markmiðum hverju sinn, fengu einstaklingsverkefni aðlöguð að markmiðum þeirra í vinnuöppu og settu verkefni upp í rúðubók. Kennari og sérkennari unnu saman að því skipulagi.

Enska:

Unnið að ýmsum markmiðum tengdum færni í málfræði, orðaforðaþekkingu, ritun og munnlegri tjáningu. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í smáum hópum, pörum og einstaklingslega. Unnin voru verkefni í vinnubókum, fjölrít frá kennara, gagnvirk rafræn verkefni á borð við málfræði og orðaforðaæfingar í Quizlet og Quizizz auk fjölbreyttra verkefna í google umhverfinu eins og ritunarverkefni og glærुकyningar þar sem áhersla var á upplýsingaöflun og tjáningu á ensku. Til námsins notuðum við námsefnið Spotlight 8, lesbók og vinnubók, ýmis fjölrít, gagnvirk verkefni af Quizlet, Quizizz, kahoot og skólavefnum og ýmis verkefni frá kennara á Google classroom. Námsmat fór fram gegnum símat þar sem prófað var reglulega úr málfræðiatríðum og framvinda nemenda metin gegnum vinnu við ýmis verkefni. Framvindan var góð og nemendum gekk almennt vel að vinna að sínum markmiðum þrátt fyrir tímabil þar sem samkomutakmarkanir settu mark sitt á kennslu.

Danska:

Á haustönn var unnið með kennslubókina Smart og vinnubók sem henni fylgir. Úr Smart voru teknir kaflarnir um mat og skóla. Á vorönn var skipt yfir í námsefnið Tak, lesbók og vinnubók A. Farið var yfir fyrstu 2 kaflana í TAK. Námsefnið TAK reyndist nemendum erfitt og því gekk fremur hægt að komast yfir efnið. Horft var á nokkra þætti af Baseboys með dönskum texta og unnin verkefni úr þeim á Formative. Fyrst horfðum við saman en svo prófaði ég að láta þau horfa hvert og eitt í fartölvu með heyrnartól og það gekk frábærlega vel. Þá gátu nemendur farið fram og til baka í þáttunum þegar þau fóru að svara spurningunum í Formative. Nemendur höfðu mjög gaman af þessari vinnu. Þetta var gert til að dýpka skilning á töluðu og rituðu máli. Nemendur fengu fjölbreytt verkefni í formi eyðufyllinga, spurningaleikja milli einstaklinga, hlustunaræfinga, þjálfunaræfinga í þýðingum á Quizlet og spurningakeppnum í Kahoot. Dönskukennslan gekk vel þar sem verkefnin voru aðlöguð að nemendahópnum og notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem voru útfærðar í kringum verkefni upp úr Smart og Tak. Horft var á teiknimyndina Terkel i knibe í lok skólaárs en vegna tímaskorts var ekki hægt að vinna verkefni upp úr myndinni eins og venjulega hefur verið gert.

Ályktun til stjórnenda varðandi dönsku: Ég vil ítreka að ég tel ráðlegast að hefja dönskukennslu í 6. bekk því námsefnið verður mjög hratt krefjandi og kröfur hæfniviðmiða eru miklar.

Náttúrufræði:

Markmið vetrarins sneru annars vegar að fjölbreytni lífheimsins og hins vegar að völdum þáttum eðlisfræðinnar. Fjallað var um ríki baktería og veira, plantna, þörungna og dýra með sérstakri áherslu á skiptingu þeirra í hryggdýr og hryggleysingja. Í eðlisfræði skoðuðum við grunnhugtök rafmagnsfræði með sérstaka áherslu á uppbyggingu frumeinda. Nemendur unnu rafræn hugtakakort, útbjuggu fræðilega kynningu um valda lífveru auk margvíslegra verkefna. Til vinnunnar nýttum við námsefnið Litróf Náttúrunnar – lífheimurinn og Eðlisfræði 1 auk margskonar námsvefja og myndbanda. Vinnan fór fram bæði í hópum og einstaklingslega og nýttu nemendur bæði verkefni úr námsbókum sem og ýmis verkefni í Google umhverfinu, Quizlet, Kahoot og Nearpod. Námsmat var í formi símats þar sem nemendur skiluðu margs konar verkefnum og unnu kannanir. Vel gekk að vekja áhuga nemenda á námsefninu enda fjölbreytt og lifandi viðfangsefni.

Myndrænt verkefni úr Lífheiminum: Hver nemandi fékk það verkefni að afla sér upplýsinga um lífverur og flokkun þeirra. Nemendur öfluðu sér upplýsinga rafrænt eða á bókasafni. Samin var umfjöllun um hverja lífveru eftir verkefnalýsingu og einnig unnið myndrænt.

Samfélagsfræði:

Markmið vetrarins sneru annars vegar að umfjöllun um uppbyggingu og mótun jarðar og hins vegar að umfjöllun um sögu hennar. Fjallað var um náttúruferla sem mynda og móta land, loftslag, veður og vindakerfi jarðar auk þess að fræðast um tilurð alheimsins og þau jarðsögutímabil sem þekkt eru. Í söguhlutanum var áhersla lögð á umfjöllun um iðnbyltinguna og áhrif hennar á þróun samfélags í Evrópu með sérstaka áherslu á Ísland og tengingu við sjálfstæðisbaráttu landsins. Við yfirferðina lás um við og hlustuðum, ræddum um innihalds námsefnisins, skoðuðum ýmis myndbönd til skýringar, horfðum á kvikmynd sem gerist í Afríku og nýttum fjölbreytt efni á netinu okkur til stuðnings. Vinnan fór fram bæði í hópum og einstaklingslega og nýttu nemendur bæði verkefni úr námsbókum sem og ýmis verkefni í Google umhverfinu, Quizlet, Quizizz, Kahoot og Nearpod. Námsmat fór fram gegnum símat þar sem verkefnavinna nemenda var metin sem og framlegð þeirra í kennslustundum. Reynt var að virkja nemendur í að finna eigin leiðir til að skila af sér verkefnum og hvatt til skapandi skila þar sem mögulegt var. Í heildina gekk yfirferðin nokkuð vel þó misjafnlega gengi að glæða áhuga nemenda á viðfangsefninu.

Upplýsingatækni:

Upplýsingatæknin var fléttuð inn í flestar námsgreinar hjá 8. bekk. Nemendur fengu í byrjun skólaárs kennslu á moodle umhverfið og þar unnu þeir vikuleg skiladæmi yfir veturinn í stærðfræði og valin verkefni í hverri kennslulotu í íslensku. Google umhverfið var mikið notað til verkefnavinnu og upplýsingamiðlunar í öllum námsgreinum. Nemendur vinna að upplýsingaleit á netinu í tengslum við flestar námsgreinar. Unnið með fingrafimi í völdum kennslustundum. Nemendur unnu glærुकynningu og þeir gerðu einnig myndbönd sem fjölluðu um kosti og galla Internetsins og samfélagsmiðla. Quizlet, Quizizz, Kahoot og Nearpod mikið nýtt í vinnu í mörgum námsgreinum. Fingrafimi og 10 fast fingers notað í og með yfir veturinn. Kynning var á töflureikinsforritun sheets en því miður gafst ekki tími til að vinna það nógu vel.

Lífsleikni:

Fyrstu skóladagarnir fóru í uppbyggingarvinnu með árganginum. Allir umsjónarhópar byrjuðu vinnu að bekkjarsáttmála í sinni stofu en komu svo saman til að leggja lokahönd á innihald hans. Hver umsjónahópur útfærði framsetningu sáttmálans fyrir sína stofu. Farið var í hlutverk nemenda og kennara og sleikipinninn rifjaður upp. Nemendur gerðu þarfaspjöld og kynntu fyrir sínum hópi. Einn hópurinn sat í hring þegar hann kynnti spjöldin sín. Nemendur voru rólegir og þetta kom vel út að mati kennara. Hinir tveir hóparnir kynntu spjöldin sín með hefðbundum hætti, þ.e. spjöldin eru sýnd á myndvarpa og nemendur standa uppi við töflu.

Bekknur var boðið á sal í skólabyrjun þar sem skólastjórnendur buðu nemendur velkomna og fóru yfir helstu áherslumál og skólareglur svo skólabragurinn yrði sem bestur.

Markmiðin í lífsleikni voru að nemendur gætu staðið með sjálfum sér, sýnt sjálfsaga og ábyrgð í mannlegum samskiptum og geti sett sig í spor annarra. Unnið var að þessum markmiðum með skipulögðum bekkjarfundum einu sinni í viku. Nemendur sátu í hring. Aðallega var unnið munnlega með nemendum en við fórum líka í leiki.

Við fengum góða gesti til þess að leggja inn ákveðin viðfangsefni, til dæmis Bryndísi skólahjúkrunarfræðing sem kom með fræðslu um líkamsímynd. Við fórum í heimsókn í Rósenborg þar sem Guðmundur Óli kynnti starf félagsmiðstöðvarinnar og kom einnig með kynfræðslu.

Árganginum var boðið á leiksýningu í Hofi. Sýningin hét Vloggið og var æsileg hugleiðing um vináttu, misgóðar forvarnir og myndbandsveituna Youtube, en þar voru Konráð og Sirrý að flytja alheiminum mikilvæg skilaboð. Þjóðleikhúsið bauð leikhúsgestum framtíðarinnar á þetta verk sem er sérstaklega skrifað fyrir 10. bekk grunnskólans. Mögulega átti 8. bekkur ekkert erindi á þessa sýningu því hún missti alveg marks.

Fulltrúi lögreglunnar kom í heimsókn til okkar í nóvember með fyrirlestur um stafrænt ofbeldi. Honum var tíðrætt um hversu mikilvægt er að fá samþykki, leita til fullorðinna ef þau eru að upplifa vanlíðan vegna t.d. myndbirtinga og hótana. Þá benti hann einnig á sakhæfisaldur sem er 15 ár og mikilvægi öryggisstillinga í símunum og á samfélagsmiðlum. Krakkarnir stóðu sig vel og voru duglegir að spyrja.

Anna náms- og starfsráðgjafi kom með fyrirlestur um námstækni og heilbrigðar lífsvenjur í lok okt./byrjun nóv. Hún kom líka til okkar í lok nóvember og var með fyrirlestur um samskipti, sýndi nokkur stutt, skemmtileg og fræðandi myndbönd. Anna talaði um að stækka spíralinn, að hafa opinn huga og jákvæðni að leiðarljósi til aukinnar vellíðunnar. Þessi fyrirlestur var inngangur að verkefni sem við nefndum *Ég og vellíðan okkar allra*. Í kjölfarið tóku Anna og Steinunn minni hópa í umræður um samskipti og sjálfsmynd.

Sylvía Melsted kom 29. apríl og fræddi okkur um lesblindu almennt og áhrif hennar á líf sitt. Hún sagði frá því hvernig hún hefur tekist á við hana og þeirri námstækni sem hún hefur komið sér upp og leiðbeindi nemendum varðandi það að koma sér upp sínu skipulagi og námstækni. Það sem hentar einum hentar ekki endilega öllum.

Geðlestin kom í heimsókn 2. maí ásamt tónlistarmanninum Emmsjé Gauta. Lögð var mikil áhersla á að hver og einn þarf að sinna sinni geðrækt, sofa nóg, takmarka símanotkun, hreyfa sig og borða vel. Einnig var komið inn á mikilvægi þess að segja frá ef manni líður ekki vel.

Prufukeyrðum 6 kennslustundir í námsefninu Félagaspjall fyrir Sigríði Ingadóttur um haustið. Tókum svo upp þráðinn í mars og nokkrum kennslustundum til viðbótar með efni og stuðningi frá henni.

Námsmat - námsmöppur:

Námsframvindumarkmið á Mentor, verkefnabækur, samtöl við nemendur og foreldra. Nemendur fengu stundum námsmatið í tölum hjá kennara, það er þó hvergi birt.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Nýttum rafrænt umhverfi meira en áður og færðum mörg verkefni á rafrænt form.

Byrjað á og áætlað að halda áfram: Aukin notkun google umhverfis og rafrænna verkefna. Nemendur hvattir til skapandi skila í auknum mæli.

Uppbrot:

Kennarar frá Möltu komu í nóvember í tengslum við Erasmus verkefnið og voru eina kennslustund í hverjum umsjónarhópi og fóru með nemendur í námsleiki.

Þemavinna:

Þemadagar voru dagana 5. og 6. maí. Þetta árið var þemað umhverfisvernd - sjálfbærni og mannúð. Nemendur í 7. - 10. bekk völdu sig í eftirfarandi hópa:

Útivist og hreinsun – fyrri daginn var hjólað í Vaðlareit og stafsmenn í Skógræktarfélagagi Eyjafjarðar fengu aðstoð nemenda við að hreinsa greinar. Tvö tré voru gróðursett í lok dags. Seinni daginn var hjólað inn í Kristnes, búskaparhættir skoðaðir, greinar hreinsaðar af lóð sunnan við spítalann og grillað snúbrauð.

Sköpun – Nemendur völdu sér vegg eða ramp til að hanna og útfæra veggjalistaverk á. Lítil hópur vann stop motion og tálgaði listaverk. Þriðji hópurinn var í smíðastofu og vann þar listaverk úr tré.

Góðverk – Nemendur hjálpuðu til á leikskólum, heimsóttu öldrunarheimili, skrifuðu hrósmiða og fóru í góðgerðarbingó.

Þessi vinna gekk mjög vel og voru nemendur virkir og duglegir og hlutu víða hrós fyrir.

Skipulag þemadaga hófst helst til seint og við hefðum kosið að fá lengri tíma til undirbúnings. Þetta olli óþarfa streitu meðal starfsfólks sem auðveldlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Rætt var hvort velja mætti þemað strax að hausti þannig að vinnan gæti byrjað fyrr og væntanlega þróast öðruvísi.

Árshátíð 2022: Var seinkað til 6. apríl í ár vegna Covid. Við hófum vinnu við árshátíðaratriðið 8. mars þar sem fram fór hugstormun um atriðið. Nemendur skiptu sér í hópa og lögðu línar að sínum atriðum. Verkið fékk nafnið Eyrarvaka en í því voru stelpur sem voru að fara á hátíðina (og fóru svo reyndar heim að horfa á tv). Atriðin í Eyrarvökunni voru; hárgreiðslustofu sena, sirkusatriði, læknastofan, heilabúðin, Broken House (sápuópera), sena úr Algjör Sveppi og leitinn að Villa, vináttusöngur og dans og svo 3 dansatriði en vegna veikinda skiluðu sér aðeins 2 atriði á sviðið á árshátíðinni sjálfri. Árshátíðarvinnan gekk misvel hjá hópunum, var oft fremur krefjandi en gaman þegar afraksturinn fór á svið. Pétur Guðjóns var frábær að leiðsegja krökkunum.

Leitin mikla: Ratleikur um bæinn með 7. bekk þar sem að nemendur mynda lið, leysa hinar ýmsu þrautir og svara spurningum. Liðin eru í búningum. Veitt eru verðlaun fyrir stigahæsta liðið og liðið í bestu búningunum.

Fótboltamót í Boganum: aflýst vegna Covid

Rithöfundur í heimsókn: Ævar vísindamaður heimsótti okkur gegnum fjarfundabúnað og kynnti nýjustu bók sína og svaraði fyrirspurnum nemenda.

Jólafondur: Við buðum upp á jólafondur þar sem nemendur bjuggu til hring eða hjarta eftir skapalóni sem þau límdu myndaspil á. Að því loknu var verkið spreypjað eða málað og að lokum var borði festur við svo hægt væri að hengja hringina/hjörtun upp. Nánast allir gerðu það verkefni og svo var frjálst föndur einnig. Föndrið gekk vel og var þetta notalegur en önnur kafinn morgunn.

Náttúrufræðingur Brekkuskóla: Tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* þar sem nemendur skólans keppast við að greina fugla, plöntur og þekka staði á Íslandi.

Norræni loftslagsdagurinn 11. nóvember: Héldum upp á daginn með því að spila Kahoot um loftslagsmál og umræður því tengdu.

Fullveldisdagurinn: Héldum lítilliga upp á fullveldisdaginn með spilum og föndri í stuttan tíma.

Jákvæðir þættir: Fjölbreytni í vinnuháttum, bæði unnið sjálfstætt og í samvinnu, uppbrot frá hefðbundnu bóknámi t.d. með skemmtilegri þemavinnu. Aukning á tölvukosti þegar leið á veturinn.

Eitthvað sem betur hefði mátt fara -hvernig væri hægt að bæta/þróa næst? Fram eftir vetri höfðum við aðgang að 24 fartölvum fyrir árganginn að nýta við sína vinnu. Á vorönn fengum við viðbót upp á 10 tölvur til viðbótar og við vonumst til að hægt verði að bæta enn við tölvukostinn í nánustu framtíð.

Vettvangsferðir

Útivistardagur í haust: Þann 8. september fór 7. – 10. bekkur með rútu upp á Víkurskarð og þaðan var gengið upp á Ystuvíkurfjall. Gangan hófst um 8:50 – 9:00. Flestir nemendur í 8. bekk sem mættu í skólann (margir löglega forfallaðir) fóru á toppinn, aðrir gengu mismunandi vegalengdir en nutu náttúrunnar og tíndu ber. Rúturnar komu aftur í skólann á milli 12:00 og 12:30. Veðrið var ágætt. Það var enn nokkuð um ber á svæðinu, bláber, krækiber og safarík aðalbláber.

Kjarnaskógur 23. nóv.: Strætó- og gönguferð í Kjarnaskóg sem heppnaðist mjög vel. Fyrri hópur tók strætó kl. 8:00, seinni hópurinn kl. 8:35. Það var mjög gaman að ganga um í myrkrinu og krakkarnir voru duglegir. Við kíktum á þekktar bókmenntapersónur sem eru víðs vegar um skóginn. Með okkur í för voru erlendir gestir (Erasmus+) sem höfðu einnig gaman að. Hafði maltneski gestakennarinn sem kom með okkur orð á því hve heppin og frjáls við værum að geta farið slíkar ferðir með nemendum okkar.

Sýningin Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur skoðuð dagana 23. og 25. feb.: Myndir úr dýraríki Íslands eru á Amtsbókasafninu og sá hópur sem fór í Hof skoðaði myndir af landi í hættu á Íslandi.

Útivistardagur í vor: Miðvikudaginn 9. mars var útivistardagur sem gekk að mestu leyti vel. Að þessu sinni fengu nemendur að velja hvert þeir færu. Í boði var ýmislegt en nemendur í 8. bekk völdu ýmist að fara upp í Hlíðarfjall eða á skauta. Veðrið var þó ekki alveg til friðs og þurfti að fara fyrir úr fjallinu en fyrirhugað var vegna hvassviðris.

Vorferðir: Gönguferð í Vaðlareit og fjöruna þar, 30. maí: Fórum fyrst upp í reitinn og settumst á hvalbök með frábæru útsýni til að borða nesti. Gengum svo áfram og fórum niður í fjöruna þar sem við þurftum að styðjast við kaðal til að fara bæði niður og upp úr fjörunni. Kaðallinn slitnaði reyndar svo allir þurftu að klifra smá upp áður en þeir náðu í kaðalinn og það gekk bara vel. Í fjörunni syntu sumir nemendur í sjónum, nokkrir renndu fyrir fiski og aðrir fundu sér annað til dundurs. Við grilluðum pylsur fyrir krakkana og svo grilluðu nemendur sykurpúða sem þeir máttu hafa meðferðis. Hjólaferð í Krossanesborgir 31. maí: Þriðjungur hópsins fór í strætó með einum kennara, hinir tveir kennararnir hjóluðu með restina. Fuglalíf, minjar og gróður skoðaður. Fengum frábært veður í báðar ferðirnar.

Hvað var gefandi við ferðirnar?

- Útivistardagur að hausti: Nemendur voru mjög jákvæðir bæði fyrir ferðina og á meðan henni stóð. Mjög stór hluti árgangsins náði toppnum og það var mikill sigur fyrir þann hóp. Öll lögðu þau af stað þó nokkur þeirra færu ekki ýkja langt. Það var gaman að sjá fyrrum nemendur sem nú eru í 10. bekk fara á toppinn og rifja upp fyrri ferðir þar sem við þurftum að ýta þeim áfram og tala til svo þeir kæmust úr sporunum.
- Ferðin í Kjarnaskóg: Krökkunum fannst mjög gaman að ganga í myrkrinu, ný upplifun og spennandi. Mörg fengu tækifæri til að sýna erlendu gestunum eina af náttúruperlum okkar Akureyringa. Einnig var gaman að sjá nýju stytturnar af sögupersónunum sem komið hefur verið fyrir í skóginum.
- Útivistardagur að vori: Nemendur fengu val og voru því sáttari við daginn.
- Vorferðir: Góð samvera og hreyfing í frábæru veðri. Almenn gleði með báðar ferðirnar.

Samvinna við aðra

Vinabekkur og samvinna með 7. bekk: Vegna samkomutakmarkana kom ekki til samstarfs við vinabekki þennan vetur. Við áttum þó samstarf við sjöunda bekk og skipulögðum ratleikinn Leitina miklu fyrir þessa tvo árganga.

Foreldrasamstarf: Vegna samkomutakmarkana kom ekki til þess að foreldrar væru boðnir á viðburði nemenda í skólanum fyrr en á árshátíðina í byrjun apríl. Því var ekki boðið upp á 1-3-5-8 foreldrasamstarf. Líkt og venja er sendum við vikulega upplýsingapósta til foreldra og haft var samband aukalega eftir þörfum. Foreldrasamtöl voru rafræn í vetur með einstaka undantekningum. Við hittum því foreldra/forráðamenn nánast ekkert þessi tvö ár sem við vorum með þennan árgang.

9.bekkur

Teymi vetrarins samanstóð af tveimur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum, einum sérkennara og einum stuðningsfulltrúa. Auk þess eru fjórir listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, tveir námsráðgjafar í hlutastörfum og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 47.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Kennsluárið einkenndist af miklum veikindum og takmörkunum vegna Covid en kennt var allt skólarið í skólanum.

Sérkennsla og stuðningur í 9. bekk

16 nemendur í 9. bekk fengu sérkennslu í vetur í námsveri. Auk þess starfaði stuðningsfulltrúi í hlutastarfi með bekknum. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 12 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 4 tíma á viku. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku fór að mestu fram í kennslustofu. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Lífsleikni

1. Markmið vetrarins voru að vinna með hugtök tengd: kynvitund og kynlífi, jafnrétti, sjálfsmynd og siðferði. Ást og kynlíf.
2. Sjálfsmynd, vinátta og sjálfsstyrking.
3. Markmið að kynna nemendum atvinnulíf og störf, skólakerfi og fara í sjálfsþekkingu sem er hluti af náms- og starfsfræðslu.

Kennsla fór fram með fyrirlestrum, samtölum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og spurningatímum. Námsefni sem lagt var til grundvallar var bókin *Um stelpur og stráka* og einnig var stuðst við kynningarefni af neti og efni frá landlækni. Þá var efnið Margt er um að velja lagt til grundvallar í náms- og starfsfræðslu.

Að stærstum hluta fór fram umræða um hin ýmsu mál sem brenna á nemendum. Umræður sköpuðust um þjóðfélagsmál og það sem var í fréttum varðandi málaflokkinn hverju sinni. Nafnlausar spurningar gefa nemendum færi á að spyrjast fyrir um það sem þeir vilja ekki segja upphátt og fá leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað í framhaldinu. Rætt var stuttlega um skaðsemi ýmissa eiturefna eins og kannabis og áfengis, stera notkun og annað í þeim dúr.

Hjúkrunarfræðingur skólans kom með fræðslu um getnaðarvarnir og aðra um endurlífgun. Einnig voru einstaka fyrirlestrar á vegum Rósenborgar t.d. um kynbundið ofeldi og fyrirlestur um geðrækt á vegum Geðhjálpur sem komu í heimsókn með MC Gauta. Í síðustu viku maí mánaðar fengu nemendur Hinsegin fræðslu.

Ekki var gert formlegt námsmat í lífsleikni en vonandi nýttist kennslan nemendum til að rækta sjálfa sig áfram sem manneskjur.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á lestrarþáttinn. Skólastarfið hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskukennslunnar og komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra.

Mikil áhersla var lögð á talað mál og hlustun bæði með einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur ræddu um framsögn, fluttu undirbúnað ræður, bókakynningar, gerðu sjónvarpsþátt út frá lesinni fornsögu, og tóku þátt í hraðspjalli svo nokkur dæmi séu nefnd.

Mikil áhersla var lögð á lestur og völdu nemendur kjörbækur með aðstoð kennara. Verkefni úr þeim voru ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur, ljóð og smásögur. Lesskilningur var auk þess þjálfður með því að nota bókina Útbrot og verkefni á Skólavefnum og nemendur unnu verkefni til að efla orðaforða.

Nokkur áhersla var lögð á ritun og skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni. Skil á ritunarverkefnum fóru fram í gegnum Google Classroom.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Skerpu 2 og Neista ásamt því að verkefni voru sett upp og unnin í forms á Google Classroom. Umræður fóru fram um málfræði og reynt að nálgast hana á nýjan hátt. Með því að nota umræður og verkefni í forms var hægt að ná betur til allra nemenda þó þeir væru með ólíka getu og munu þessar aðferðir verða þróaðar áfram næsta vetur.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með minna vægi á prófin. Stór hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms.

Veturinn gekk nokkuð vel en vegna COVID-19 þurfti að breyta áætlunum t.d. var farið minna í ljóð og smásagnalestur en áætlað var. Dæmi um verkefni sem tókst mjög vel var þegar nemendur unnu sjónvarpsþátt út frá fornsögu. Nemendur sýndu í þessu verkefni og fleirum að þeir eru sterkir í skapandi vinnu. Undir vorið fór fram vinna með nemendum við að skoða hæfnikort á Mentor og þau skoðuðu hvaða markmið þau gætu bætt. Sérstaklega mikil vinna fór í að koma til móts við mjög ólíkar þarfir nemenda þar sem stór hluti árgangsins þarf meiri aðstoð en er í boði. Þar sem bekkirnir eru fjölmennir er erfitt og krefjandi starf að veita hverjum nemenda aðstoð við hæfi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að vinna með töflureikni. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 3 og 4, Almenn stærðfræði II, Skali 2A og 2B. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle og töflureiknir notaður. Námsefni sem notað var í sérkennslu var aðallega Stærðfræði 8+ og Stærðfræði 9+ ásamt Almenn stærðfræði I og II. Enn léttara efni var notað fyrir einstaka nemendur sem fylgja einstaklingsnámskrá.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, skil á heimadæmum og kaflapróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Við kennarar erum nokkuð að flakka á milli í námsefni en það er gert til að nýta það besta úr hverjum bókaflökki fyrir sig.

Tækni og vísindi

Í ár fór fram tilraunarverkefni til eins árs þar sem fléttað var saman samfélags- og náttúrugreinum. Markmið kennslunnar voru margþætt. Nemendur lærðu um starfsemi mannlíkamans, helstu sjúkdóma sem herjað geta á hann og hvernig heilbriggt lífferni skiptir sköpum. Þá fengu nemendur að kynnast kalda stríðinu og þeim breytingum sem urðu í samfélaginu eftir að því lauk.

Áhersla var á að kenna nemendum góð og vönduð vinnubrögð, meðferð heimilda og þá færni sem felst í hópavinnu. Unnið var ýmist einstaklingslega eða í hópum.

Hjálpargögn sem notuð voru; Ýmis hjálpargögn inni á www.mms.is, útgefin fræðslumyndbönd, stutt myndbönd af www.youtube.com, glærur frá kennara, námsbókin *Mannlíkaminn*, gerð hugarkorta og töluverð þjálfun í að læra að glósa. Grunninn að allri verkefnavinnu var hægt að nálgast á Google Classroom. Námsmatið fór fram með jafningja- og sjálfsmati, mat á kynningum og þátttöku nemenda í hópavinnu og verkefnaskilum.

Enska

Í ensku skiptast markmiðin í sex flokka: hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mest var áherslan á lestur.

- Í hlustun var unnið m.a. með framhaldssögu, stuttmynd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.
- Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. kjörbókarskýrslur og smásögur. Ritunarverkefnum var skilað á Google Classroom
- Nokkur áhersla var á lesskilning og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur, paralestur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur.
- Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna.
- Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn. Í upphafi vetrar kynntu nemendur fyrir minni hópum en í lok vetrar fyrir allan bekkinn.
- Nemendur voru hvattir til að nota ensku í kennslustundum og sérstaklega í hópverkefnum.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópavinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 9 les- og vinnubók, smásögur, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, lyristraining.com, learnenglishteens.co.uk, efni af onestopenglish.com, canva.com, google classroom, google forms, wordwall, Blooket, ljósrituð verkefni frá kennara. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms og hljóðskrár notaðar fyrir þá sem þurfa þess.

Veturinn gekk ágætlega en vegna Covid og samsetningu nemendahópsins var farið hægar yfir námsefnið en gert var ráð fyrir í upphafi. Til dæmis þurfti að sleppa eða fara minna í nokkur málfræðiatriði og einnig voru unnin færri ritunarverkefni. Classroom umhverfið var notað bæði til að birta áætlanir, setja inn verkefni og skila verkefnum jafnt fyrir nemendur með aðlagð efni og þá sem voru það ekki. Nemendur voru með glósubók inn á Classroom þar sem þeir unnu með nýjan orðaforða. Nemendur fengu lestrardagbók í tengslum við kjörbók inn á Classroom til að auðvelda þeim að muna um hvað þeir voru að lesa. Þetta gekk vel og mun verða notað aftur. Nemendur unnu nokkur hópverkefni þar sem þeir þurftu að leysa þrautir saman og það gekk yfirleitt mjög vel og nemendum fannst það skemmtilegt. Í upphafi vetrar byrjuðu nemendur á að vinna skapandi verkefni en það verður notað næst þegar liðið er meira á önnina. Næsta vetur verður byrjað að nota stílabók á Classroom sem nemendur geta unnið í t.d. í sambandi við Spotlight bækurnar. Meiri áhersla var á að kynna nemendur fyrir markmiðum námsins. Classroom screen var t.d. notað til þess en erfitt að nota það markvisst þegar skólinn er ekki með greiddan aðgang. Greiddur aðgangur gefur möguleika á að vista hvern skjá sem settur er upp. Það sem vantar er annar skjár svo tæknin gangi upp. Þráðlaust lyklaborð og mús til að hægt sé að nota sjónvarpið sem best. t.d. við kynningar. Það vantar heyrnartól til að geta nýtt tæknina sem best í þágu nemenda sem þurfa hljóðskrár Góð heyrnartól eins og eru í tölvustofunni.

Danska

Markmiðin í dönskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarläsi. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Kennsluhættir einkenndust af einstaklings- og hópavinnu og félagakennslu með námsefnið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Nemendur unnu með námsefnið í forritunum Kahoot, Quizlet, Quizzizz, Flipgrid, Nearpod og Padlet. Lestur, hlustun, áhorf, leikir og tjáning; munnlegt og skriflegt.

Námsefnið sem var mest notað var: TAK - lesbók og vinnubók A og B. , Bordbombe, Rafrænar kennslu- og æfingavefir s.s. dr.dk/ligetil - herognu.dk - <http://fjern-uv.dk/>, lingohut.com.Screencastify fyrir munnleg skil. Horft á myndina ,Horft á þættina Akavet 1-9 og Skyldig. Fylgst með fréttum á dr.dk , efni frá kennara s.s. smásögur, ljóð, dönsk tónlist af youtube.com, krossgátur, orðaleit o.fl.

Námsmat var einkum þannig að tekin voru 4 kaflapróf (mest rafræn í google forms) , alls kyns verkefni með TV seríum, danskt jólaþema, nemendur gerðu matreiðsluþátt, lesin smásaga, auk símats á verkefnum, munnleg/skrifleg einstaklings- og hópaverkefni og m.a. heimapróf að vori.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Nemendum fannst gaman að vinna með og þjálfa nýjan orðaforða í forritum sem buðu upp á margskonar þjálfun eins og Quizlet, Nearpod, Quizzizz og Kahoot og nýttum forritið: lingohut.com þar sem nemendur geta æft framburð og sent svo til kennara. Alltaf er þörf á breytingum og þróun, alltaf í öllu!

Upplýsingamennt - Bókasafn og tæknikennsla/notkun

Upplýsingamennt er kennd í gegnum námsgreinar í 9. bekk. Helst var unnið með Chromebook tölvur. Ípadar voru einnig notaðir en þurfti að panta þá á bókasafni og aðgengi ekki nægilegt. Símar nemenda voru að einhverju leyti notaðir ef ekki var hægt að nálgast Ípad.

Uppbyggingarstefnan - áherslur í vetur og hvernig unnið

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Myndin af mér*. Eftir myndina voru umræður.

Uppbrot - þemavinna

Á þemadögum var unnið að þemanu *Umhverfið, sjálfbærni og mannúð*. Þemadagar tókust vel. Nemendur höfðu val um viðfangsefni innan ákveðins ramma og einnig úrvinnslu verkefna. Þetta mæltist vel fyrir og langflestir voru vel virkir í vinnu.

Árshátíð og uppbrot tengt henni gekk vel og var árshátíðin haldin 6. apríl. Allir nemendur 9. bekkjar voru virkir í árshátíðarundirbúningi.

Vorhátíð tókst vel í ágætu veðri enda var búið að taka tillit til athugasemda sem komið höfðu fram um breytt skipulag.

Í náms- og starfsfræðslu fóru nemendur í vinnustaðaheimsóknir, unnu síðan kynningar út frá þeim og buðu foreldrum og starfsfólki skólans ásamt 8. bekk að koma í heimsókn.

Nemendur fóru í tvær skólaheimsóknir, í VMA og Framhaldsskólann á Laugum.

Strákar og hjúkrunarfræði: Strákar í 9. bekk fóru í HA og fræddust um störf hjúkrunarfræðinga.

Útivistardagur var haldinn í haust þar sem boðið var upp á rútuferð og göngu upp á Ystuvíkurfjall. Tókst dagurinn mjög vel.

Útivistardagur að vori var haldinn í mars. Að þessu sinni var nemendum boðið upp á val; skautuferð, gönguferð, hjólaferð og skíði/bretti. Dagurinn gekk vel og ánægja var með aukið val á þessum degi.

Litlu jól á unglingastigi voru með breyttu sniði. Nemendur mættu kl. 18:00. Hugmyndin var að 8. – 10. bekkur ætti saman ánægjulega stund með veitingum, skemmtiatriðum og samveru en vegna Covid takmarkana þurfti að skipta hópnum í þrennt eftir bekkjum. Á næsta ári væri gott að endurtaka leikinn en hafa alla nemendur saman.

Samvinna við aðra:

Mikið af föstum og fyrirhuguðum liðum féll niður vegna Covid.

9.bekkur fékk ýmsa fræðslu á vegum forvarnarfulltrúa. Mikil og góð samvinna var milli 9. og 10.bekkar.

Það þarf að vera betra utanumhald um utanaðkomandi fræðslu þannig að kennarar viti með meiri fyrirvara hvenær von er á þeim.

Foreldrasamstarf:

Foreldraviðtöl fóru fram á Teams bæði að hausti og í febrúar. Flestir teymisfundir voru einnig á Teams. Teamsfundir gáfust vel og spöruðu tíma. Því mætti huga að því til frambúðar að a.m.k. hluti funda verði áfram í gegnum fjarfundabúnað.

10. bekkur

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, tveimur sérgreinakennurum, einum sérkennara og einum stuðningsfulltrúa, sem fór í veikindaleyfi í byrjun apríl og enginn kom í staðinn. Auk þess voru fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, tveir námsráðgjafar í hlutastarfi og hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 58.

Námsumhverfi og skipulag

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316. Kennsluskipulag breyttist frá síðasta ári þar sem náttúrufræði- og samfélagsfræðikennsla, ásamt upplýsingatækni var fléttað saman og kallað; Tækni og vísindi.

Sérkennsla og stuðningur í 10. bekk

16 nemendur í 10. bekk fengu sérkennslu í vetur. Auk þess starfaði stuðningsfulltrúi með bekknum fram í apríl. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Tímamagn sérkennslu var 16 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 6 tíma á viku. Aðal áhersla var á íslensku, ensku og stærðfræði og fór kennslan ýmist fram inni í bekk eða í námsveri eftir áherslum hverju sinni.

Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð

á ritunarþáttinn. Skólastarfið hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskukennslunnar og komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra.

Í töluðu máli og hlustun fluttu nemendur ræður, bæði óundirbúnar og undirbúnar, fluttu bókakynningar, tóku þátt í hraðspjalli og gerðu hlaðvarpsþætti svo nokkur dæmi séu nefnd.

Töluverð áhersla var lögð á lestur og völdu nemendur kjörbækur með aðstoð kennara. Verkefni úr þeim voru ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur, ljóð og smásögur. Lesskilningur var auk þess þjálfaður með því að nota bókina Útbrot og verkefni á Skólavefnum

Mikil áhersla var lögð á ritun. Í upphafi skólaárs var mikil áhersla lögð á skapandi og frjálsa ritun og stuðst við Ritunarbókina. Í framhaldi af þeirri vinnu skrifuðu nemendur verkefni af ýmsu tagi, t.d. heimildaritgerðir, birtingarhæfar greinar, rökfærslugreinar, smásögur og ljóð. Skil á ritunarverkefnum fóru fram í gegnum Google Classroom.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Skerpu 3 og Loga ásamt því að verkefni voru sett upp og unnin í forms á Google Classroom. Umræður fóru fram um málfræði og reynt að nálgast hana á nýjan hátt. Með því að nota umræður og verkefni í forms var hægt að ná betur til allra nemenda þó þeir væru með ólíka getu og munu þessar aðferðir verða þróaðar áfram næsta vetur.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi en með minna vægi á prófahlutann. Stór hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms.

Veturinn gekk vel en vegna COVID-19 þurfti að breyta áætlunum t.d. féll niður hluti af ljóðakennslu og ýmsum málfræðiþáttum auk þess sem lestur á fornsögu féll niður. Undir vorið fór fram vinna með nemendum við að skoða hæfnikort á Mentor og þau skoðuðu hvaða markmið þau gætu bætt. Mjög vel gekk að vinna ritunarverkefni og nemendur sýndu miklar framfarir. Mikið álag og yfirlestur er þegar svona mikil áhersla er á ritun en ritunin er mjög mikilvægur þáttur fyrir áframhaldandi nám nemenda og því erfitt að minnka það vægi. Íslenskan er yfirgripsmikið fag og mörg markmið sem þarf að uppfylla svo að námið verði sem best. Það er tímafrekt að skrá þessi markmiðin í mentor og sú vinna getur skapað mikið álag.

Enska

Í ensku skiptust markmiðin í sex flokka: hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var á ritun.

- Í hlustun var unnið m.a. stuttmynd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.
- Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. 5 mínútna ritun, kjörbókarskýrslu, ljóð, smásögur og rökfærsluritanir. Sérstaklega vel var farið í að kenna hvernig ætti að byggja upp sögur. Ritunarverkefnum var skilað á Google Classroom
- Í lesskilningi unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur.

- Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna. Einnig unnu nemendur málfræðiverkefni með aðferðinni einn, tveir, allir.
- Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn t.d. fluttu þeir bókakynningu fyrir allan bekkinn.
- Nemendur voru hvattir til að nota ensku í kennslustundum og sérstaklega í hópverkefnum til að æfa samskipti á ensku.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópavinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 10 les- og vinnubók, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, ted-ed, write and improve, wordwall.com, learnenglishteens.co.uk, efni af onestopenglish.com, canva.com, google classroom, google forms og ljósrituð verkefni frá kennara, Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Meginhluti námsefnisins var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms og hljóðskrár notaðar fyrir þá sem þurfa þess.

Veturinn gekk ágætlega. Classroom umhverfið var notað bæði til að birta áætlanir, setja inn verkefni og skila verkefnum jafnt fyrir nemendur með aðlagð efni og þá sem voru það ekki. Nemendur voru með glósubók inn á Classroom þar sem þeir unnu með nýjan orðaforða. Einnig voru nemendur með stílabók inn á Classroom sem verður notuð á markvissari hátt næsta vetur. Nemendur unnu nokkur hópverkefni þar sem þeir þurftu að leysa þrautir saman og það gekk yfirleitt mjög vel og nemendum fannst það skemmtilegt. Í upphafi vetrar byrjuðu nemendur tímana á 5 mínútna ritunum sem undirbúning fyrir stærri ritun og þetta kom vel út. Einnig byrjuð þeir sumu tíma á að glíma við málfræðiþrautir. Það kom ágætlega út en líklega betra að gera það seinna á árinu þegar búið er að fara í fleiri málfræðiatíði. Meiri áhersla var á að kynna nemendur fyrir markmiðum námsins. Classroom screen var t.d. notað til þess en erfitt að nota það markvisst þegar skólinn er ekki með greiddan aðgang. Greiddur aðgangur gefur möguleika á að vista hvern skjá sem settur er upp. Það sem vantar er annar skjár svo tæknin gangi upp. Þráðlaust lyklaborð og mús til að hægt sé að nota sjónvarpið sem best. t.d. við kynningar. Það vantar heyrnartól til að geta nýtt tæknina sem best í þágu nemenda sem þurfa hljóðskrár Góð heyrnartól eins og eru í tölvustofunni.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimaðæmi á netinu og að vinna með töflureikni. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 5 og 6. Einnig var notast við heimaðæmi í forritinu Moodle og töflureiknir lítilega notaður. Sérefni fyrir nokkra nemendur voru valdir kaflar úr Almenn stærðfræði I og II og III.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, skil á heimaðæmum, kaflapróf og vorpróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Nemendur sýndu jafnar og góðar framfarir og ættu flest að vera vel undirbúin undir nám á framhaldsskólastigi.

Danska

Markmiðin í dönskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarläsi. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Í töluðu máli og hlustun kynntu nemendur sér danska tónlistarmenn, íþróttamenn, fréttir o.fl. og fluttu kynningar eða lásu inn á Flipgrid/screencastify. Horfðu á kvikmyndir og þætti. (The Rain, DNA og Jagten)

Töluverð áhersla var lögð á *lestur* og lásu nemendur mest valda texta í námsbókinni Smil og Ekko sem og ljóð, smásögur o.fl. og unnu verkefni, einstaklingslega eða í hópi. Próf eða kannanir voru lagðar fyrir, ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg.

Ritun var mest stunduð í tengslum við orðaforða hvernar lotu bæði í formi svara úr texta eða skapandi og frjáls ritun. Þá unnu nemendur stórt ritunarverkefni í vor sem var skilað á Classroom.

Málfræðikennsla fór fram í textavinnu, með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Grammatik og ýmsa málfræðivefi og verkefni á netinu, ásamt efni og verkefnum héðan og þáðan. Einnig unnið með málfræði í gegnum texta úr námsefninu.

Menningarläsi: Nemendur fylgdust með fréttum á dr.dk og unnu af og til með fréttir. Þeir skipulögðu ferð um DK, kynntu sér markverðustu staðina og kynntust dönskum jólasíðum og fengu að smakka æbleskiver fyrir jólin.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Heimavinnuáætlun var birt á Mentor en verkefni og skil inni á classroom. Próf voru lögð fyrir með rafrænum prófum í Google Forms. Einnig munnlegt í formi kynninga og annarra skila.

Ég vann áfram í því að læra betur á ýmis forrit eins og google forms, google sheeds, google sites, Flipgrid, og Nearpod, lingohut o.fl. Classroom umhverfið auðveldaði mikið vinnuna og sérlega gott að nota matskvarðana þar inni og vel gekk hjá nemendum að skila verkefnum þar í gegn.

Kennsluaðferðir: Kennslan fer fram á dönsku að hluta til. Mikilvægt er að hlusta á og lesa dönskuna, svo auðveldara sé að skrifa og tala hana þegar það krefst. Nemendum eru kenndar helstu reglur og undantekningar í málfræði og þeir byggja upp orðaforði, sem gerir þeim kleift að skrifa lengri ritun, halda kynningar af öryggi og geta unnið eðlileg samtöl. Auk þess á nemandinn að tileinka sér atriði um Danmörk og Danina.

Tækni og vísindi

Í ár fór fram tilraunarverkefni til eins árs þar sem fléttað var saman náttúrugreinum, samfélagsgreinum og upplýsingatækni. Markmið kennslunnar voru margþætt. Nemendur fóru í grunninn í erfðafræði og þróun mannsins, unnu verkefni um loftslagsmál, mengun og orkunotkun, fengu að kynna himingeimnum betur og sólkerfinu okkar. Að lokum fórum við í landafræði, kynntumst heimsálfunum sjö og landinu okkar. Inn í þessi viðfangsefni var fléttað notkun á fartölvum, heimildanotkun, heimildaleit og mikilvægi ábyrgrar netnotkunnar.

Unnið var bæði einstaklingslega og í hópum. Hópaþinginn var með fjölbreyttum hætti þar sem kennari reyndi að fræða nemendur jafnóðum um góð og vönduð vinnubrögð og að færni sem felst í því að vinna í hópi. Til að ná þessum markmiðum voru umræður, kynningar og hugtaka- og verkefnavinna.

Hjálpargögn sem notuð voru; Ýmis hjálpargögn inni á www.mms.is, útgefin fræðslumyndbönd, stutt myndbönd af www.youtube.com, glærur frá kennara, gerð hugarkorta og töluverð þjálfun í að læra að glósa ásamt námsbókunum *Maður og náttúra* og *Eðlisfræði 3*. Grunninn að allri verkefnavinnu var hægt að nálgast á Google Classroom. Námsmatið fór fram með jafningja- og sjálfsmati, mat á kynningum og þátttöku nemenda í hópavinnu, verkefnaskilum og einstaka prófi upp úr ákveðnu efni.

Lífsleikni

Helstu markmið vetrarins voru að vinna með góð samskipti, sjálfstraust, heilbrigð og óheilbrigð sambönd, fjármálalæsi, réttindi og skyldur. Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í lífsleikni tímum og reynt á ýmsa hæfni nemenda. Umræður, ígrundun, upplestur, hópavinna og fjöru skoðanaskipti voru einkennandi fyrir tímuna.

Helstu viðfangsefni voru:

- Að gera ferilskrá
- Félagsmótun
- Jafnrétti og staðalímyndir
- Fjármál og fjármálaleikar
- Slökun og öndun.

Grunn bækurnar voru *Kynlega klippt og skorið*, *Margt er um að velja*, *Fyrstu skref í fjármálum* og verkefni unnin upp úr bókinni *Örugg saman*. *Vefur landlækniseimbættisins* og *sjúk ást* komu sterk inn. Einnig horfðum við á alls konar netefni sem tengdist viðfangsefnum hverju sinni og sátu nemendur t.d. límdir yfir Spice girl þáttum sem sýndir voru á Rúv en þar kom margt fram margt sem tengdist jafnrétti, staðalímyndum, fjármálum o.m.fl.

Hjúkrunarfræðingur kom með kennslu í endurlífgun. Þorgrímur Þráinsson kom með fyrirlestur sinn um Lífshjólið. Steinunn og Anna námsráðgjafar komu einnig með fræðslu um framhaldsskóla. Þá var Óli í Trjúju með fræðslu um fíkniefni og kynhegðun. Að lokum komu fulltrúar Geðhjálp og kynntu Geðlestina sem er fræðsla um geðrækt.

Ekki var gert formlegt námsmat í lífsleikni en vonandi nýttist kennslan nemendum til að rækta sjálfa sig áfram sem manneskjur. Það þarf að skoða betur hvort hægt sé að tengja betur heimsóknir sérfræðinga við námsefnið sem tekið. Þá væri hægt að vera búin að undirbúa nemendur aðeins. Mikilvægt er að kennarar viti hvenær slíkar heimsóknir eru fyrirhugaðar með góðum fyrirvara.

Uppbyggingarstefnan - áherslur í vetur og hvernig unnið

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust og siðferði, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við kvikmyndina *Hip hip hora*. Eftir myndina voru umræður.

Uppbrot - þemavinna

- Á þemadögum var unnið að þemanu *Umhverfið, sjálfbærni og mannúð*. Þemadagar tókust vel. Nemendur höfðu val um viðfangsefni innan ákveðins ramma og einnig úrvinnslu verkefna. Þetta mæltist vel fyrir og langflestir voru vel virkir í vinnu.
- Árshátíð og uppbrot tengt henni gekk vel og var árshátíðin haldin 6. apríl.
- Nemendur fóru í þrjár skólaheimsóknir, í MA, VMA og Framhaldsskólann á Laugum.
- Útivistardagur var haldinn í haust þar sem boðið var upp á rútuferð og göngu upp á Ystuvíkurfjall. Tókst dagurinn mjög vel.
- Útivistardagur að vori var haldinn í mars. Að þessu sinni var nemendum boðið upp á val; skautuferð, gönguferð, hjólaferð og skíði/bretti. Dagurinn gekk vel og ánægja var með aukið val á þessum degi.
- Litlu jól á unglingastigi voru með breyttu sniði. Nemendur mættu kl. 18:00. Hugmyndin var að 8. – 10. bekkur ætti saman ánægjulega stund með veitingum, skemmtiatriðum og samveru en vegna Covid takmarkana þurfti að skipta hópnum í þrennt eftir bekkjum. Á næsta ári væri gott að endurtaka leikinn en hafa alla nemendur saman.
- Skólaferðalag 10. bekkjar var 31. maí – 2. júní og tókst það vel.

Samvinna við aðra:

Mikið af föstum og fyrirhuguðum liðum féll niður vegna Covid.

10. bekkur fékk ýmsa fræðslu á vegum forvarnarfulltrúa. Mikil og góð samvinna var milli 9. og 10. bekkjar.

Það þarf að vera betra ut anumhald um utanaðkomandi fræðslu þannig að kennarar viti með meiri fyrirvara hvenær von er á þeim.

Foreldrasamstarf:

Foreldraviðtöl fóru fram á Teams bæði að hausti og í febrúar. Flestir teymisfundir voru einnig á Teams. Teamsfundir gáfust vel og spöruðu tíma. Því mætti huga að því til frambúðar að a.m.k. hluti funda verði áfram í gegnum fjarfundabúnað.

Íþróttakennsla

Í íþróttateymi eru Jóhannes Gunnar Bjarnason, Kári Ellertsson, Sigfríð Einarsdóttir og Arna Benný Harðardóttir (sund 3. bekkur). Gabríela Guðjónsdóttir var stuðningsfulltrúi í íþróttum fyrir áramót og Hrefna Maren Jörgensdóttir eftir áramót.

Námsumhverfi og skipulag

Í íþróttum kom allur árgangurinn saman í Íþróttahöll og tóku 2 kennarar og stuðningsfulltrúi á móti þeim. Með 2 stærstu hópana voru 3 íþróttakennarar. Mánudag til miðvikudags höfðum við allan salinn til afnota og nýttist vel þar sem flestir hópar eru mjög stórir en á fimmtudögum var VMA með einn sal af þremur með örfáa nemendur á meðan við vorum í tveimur hlutum með hópa allt að 65 nemendum. Stundarskráin í vetur var að mörgu leiti góð þar sem árgangar komu nokkurnvegin í aldursröð sem gerði íþróttakennurum kleyft að setja upp stöðvar miðaðar að hreyfifærini hvers aldurs hóps.

Stærð sundhópa var hæfileg og kennsla fór fram í innilaug og í báðum útilaugum. Aðstaða til sundkennslu er góð en undanfarin tvö ár höfum við haft nemendur sem hafa ekki getað stundað sund í innilaug vegna loftgæða þar. Huga þarf að úrræðum fyrir slík tilvik.

Kennsluhættir

Íþróttir

- 1-6. bekkur var í stöðvapjálfun 1x í viku og hinn tímann var þeim skipt í 3 bil Íþróttahallar.
7. bekkur var í 3 bilum tvisvar í viku 40 mín í senn.
8. bekkur var í 3 bilum annan tímann og 2 bilum hinn þar sem VMA hafði þá 1 bil.
9. og 10. bekkur var einu sinni í viku í 80 mínútur. 10. bekkurinn var í 3 bilum en 9. í tveimur og því mjög þröngt á þingi. Sameiginleg upphitun og svo skipt á mismunandi stöðvar. Nemendur fengju meira út úr því að koma tvisvar sinnum í viku í íþróttir.

Til að uppfylla markmið Aðalnámskrár um íþróttakennslu var unnið með ákveðið þema í hverri viku.

Fyrstu 3 vikur skólaársins vorum við með útiþróttir því við viljum stuðla að aukinni útiveru nemenda. Íþrótt- og sundkennsla hélt sér að mestu leiti þrátt fyrir samkomutakmarkanir (Covid 19). Síðustu þrjár vikur skólaársins kenndum við úti.

Við höfum því miður ekki marga góða kennslustaði við skólann en við höfum nýtt Hamarkotstún, sundlaugargarðinn og MA túnið til útikennslu en fara þarf yfir stórar umferðargötur til að komast á svæðin.

Að okkar mati ættu að vera 3 íþróttakennarar þar sem eru 3 umsjónarhópar. 2 kennarar með 60 nemendur er of mikið að okkar mati. Mikil ábyrgð er lögð á stuðningsfulltrúa í þessum aðstæðum þar sem hann þarf að hafa umsjón með 20 nemendum í einu bili Hallarinnar. Einnig hamlu þessir stóru hópar ákveðnum þáttum t.d. í útiþróttum.

Við þurfum að vinna hart að því að fá til baka þá kennslutíma í Íþróttahöllinni sem af okkur voru teknir fyrir framhaldsskólana fyrir tveimur árum.

Sund

1.-3. bekkur var í innisundlaug en eldri árgangar í útilaug. Betra væri að 4. bekkur væri í innlaug eða þá a.m.k. hluti þess bekkjar þar sem þau hafa ekki öll öðlast þá hæfni eða líkamlegan þroska til að vera í útilaugunum. Stjórnendur tóku þá ákvörðun að færa þennan aldur í útilaugina fyrir þremur árum en hefur það reynst okkur erfiðara að uppfylla markmið sundkennslunnar hjá 4. bekk eftir það. Aðstaða til kennslu eldri nemenda er góð í Sundlaug Akureyrar og samstarf við starfsfólk laugarinnar hefur verið farsælt.

Unnið var eftir kennsluáætlun sem gerð var í byrjun vetrar og ákveðið þema (sundgreinar) tekið markvisst fyrir. Við reyndum að einstaklingsmiða kennsluna eins og hægt var því geta nemenda var mismunandi innan hvers hóps. Við nýttum okkur leiðsagnarmat við kennsluna.

Námsgögn/búnaður

Íþróttir

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að bæta og endurnýja kennslutækin í Íþróttahöllinni og er hann því nokkuð góður. Reynt er að endurnýja bolta og aðra smáhluti á hverju ári. Það munar miklu að hafa öll bilin í salnum til afnota fyrir Brekkuskóla þar sem rýmra er um nemendur og betri námsaðstaða hvað varðar hljóðvist. Búningsklefar eru ágætir en kannski svolítið litlir fyrir þessa stóru hópa og er því hávaði oft mikill. Nauðsynlegt er að starfsfólk Íþróttahallar séu inni í klefum með nemendum. Við höfum áhyggjur af þessari samnýtingu á húsinu með framhaldsskólunum og teljum það vera skref til baka hvað varðar aðstöðu fyrir okkar nemendur.

Sund

Búnaður er ágætur og reynt er að endurnýja froskalappir og annað eftir þörfum.

Innilaug er komin til ára sinna og margt sem mætti bæta þar. Loftgæði eru léleg og stigi sem settur var í grynri enda laugarinnar tekur mikið pláss af kennslurými fyrir yngri nemendur því þau botna bara 1/3 hluta laugar. Vegna lélegra loftgæða eru dæmi þess að nemendur geti ekki stundað skólasund og fleiri sem hafa kvartað undan óþægindum í öndunarfærum vegna kennslu í innilaug.

Kennsluaðstaða er nokkuð góð en fjölmargir gestir laugarinnar nýta sömu laugar til sundiðkunar en flestir sýna skólasundi skilning. Þyrfti kannski að vera skírt fyrir almenning þegar komið er í laug að 4 brautir séu alltaf uppteknar fyrir sundkennslu/sundæfingar.

Námsmat

Við notuðum leiðsagnarnám og námsmat fór fram jafnt og þétt yfir önnina/árið og merktum á hæfnikort nemenda í Mentor. Hæfniviðmiðin voru unnin út frá Aðalnámskrá og eru endurskoðuð árlega.

Útivistardagar og vettvangsferðir

Útivistardagar og aðrir uppbrotsdagar skipa stóran sess í skólastarfinu og eru mjög mikilvægir.

Haust (Sept): Útivistardagur var í upphafi skólaársins sem var skipulagður af stjórnendum og stigsfundum. 1. bekkur fór í Lystigarðinn og róló í Suðurbyggð, 2. bekkur tók strætó í Naustahverfi og gengu um Naustaborgir. 3. bekkur tók upp kartöflur sem þau settu niður síðasta vor, 4. bekkur gekk upp að Jaðri og fór í golf, 5. bekkur hjólaði í Kjarnaskóg og gekk upp í Gamla, 6. bekkur hjólaði í Kjarnaskóg, 7.- 10. bekkur gengu á Ystavíkurfjall.

Blakmót

Blaksambandið stóð fyrir blakmóti í Boganum fyrir 4. – 6. bekk og það gekk mjög vel. Fyrir mótið fengum við blakmenn frá KA í heimsókn til að kynna íþróttina fyrir nemendum í sömu árgöngum.

Fótboltamót 8. – 10. Bekkur

Fótboltamótið fór ekki fram í Boganum eins og undanfarin ár vegna samkomutakmarkana.

Hlíðarfjall /Útivistardagur

Í ár var ekki í boði að fara með alla nemendur í Hlíðarfjall þar sem einkaaðilar sjá um skíðaleiguna.

1.- 3. bekkur fór með rútu í Kjarnaskóg með sleða, 4.- 6. bekkur gat valið um að fara í Kjarnaskóg, Braggaparkið eða á skíði (þau sem áttu búnað), 7. – 10. bekkur gat valið um að fara í Hlíðarfjall, ganga í Fálkafell, gönguferð að skautahöll og fara á skauta og hjólaferð.

Brekkuskólaleikar

Engir leikar voru þetta árið en kennarar voru hvattir var til að hafa hreyfingu og útiveru á þemadögum í maí.

Frjálsíþróttamót

Frjálsíþróttamótið var með eðlilegum hætti fyrir 4. – 7. bekk. Skólarnir og UFA sáu um skipulagningu og mönnun mótsins. Það gekk mjög vel alla dagana og hefur þetta skapað sér sess í skólhaldi á Akureyri.

Vorgrill

Samkvæmt hefðinni var Vorgrillsdagur með leikjastöðvum. Hefð hefur skapast um þennan leikjadag og fer hver hópur í yngra holti fór á 13 stöðvar, 5 mínútur á hverri stöð, eldri nemendur fóru á 8 stöðvar, 7 mínútur á hverri stöð. Dagurinn gekk vel í alla staði og veðrið lék við okkur, sól og blíða. Tekin var umræða hjá eldri nemendum um hvort það ætti að hætta eða breyta skipulaginu. Nemendur komu með tillögur um breytingar og breyttum við því aðeins stöðvunum hjá eldri nemendum.

Samstarf

Foreldrasamstarf gekk vel og vorum við bæði í samskiptum við foreldra í gegnum umsjónarkennara og í sumum tilfellum beint við foreldra. Eitthvað var um að foreldrar kæmu í íþróttatíma til að fylgjast með og fögnum við því að faginu sé sýndur áhugi.

Íþróttakennarafélag grunnskóla Akureyrar. Gott samstarf er milli íþróttakennara í grunnskólunum á Akureyri og hittumst við nokkrum sinnum á vetur, einnig var samstarfssíða vel nýtt.

UFA stóð fyrir frjálsíþróttamóti að venju.

KA knattspyrnudeildin kom og var með kynningu fyrir 1. – 3. bekk.

KA blakdeildin kom og var með kynningu í 4. – 6. bekk fyrir blakmót

Skákfélagið bauð nemendum upp á skákkennslu.

SA (Skautafélag Akureyrar) bauð 1. – 2. bekk upp á skautakennslu í tvö skipti.

Nauðsynlegt er að halda góðu samstarfi við íþrótt- og tómstundafélög í nærumhverfinu því flestir nemenda okkar hafa tengsl við félögin utan skólatíma.

Samantekt

Í heild hefur veturinn gengið vel fyrir sig þrátt fyrir að á tíma væru strangar samkomutakmarkanir í þjóðfélaginu og stundum fáir nemendur mættir vegna Covid 19. Nemendur voru yfirleitt glaðir og virkir í tímum og ágætlega hefur tekist að halda aga á hópunum þótt stórir séu. Gott skipulag hefur verið á kennslunni og hefur gefist vel að vera með stöðvar á mánudögum þar sem nemendur vinna í litlum hópum. Fastir útivistadagar og aðrir íþróttadagar gengu vel fyrir sig og ekki annað að sjá en nemendur njóti þessara daga.

Mikilvægt er að við höfum allan íþróttasalinn til afnota fyrir íþróttatímana hjá öllum okkar árgöngum og að nemendur fái góða þjónustu frá starfsfólki íþróttahallarinnar t.d. í búningasklefum.

List- og verkgreinar

Heimilisfræði í 4. og 5. bekk og myndmennt í 5. bekk

Kennari: Sigrún Héðinsdóttir

Heimilisfræðin er kennd í heimilisfræðistofu Brekkuskóla. Stofan er vel útbúin og er henni skipt í fimm vinnusvæði sem nemendur skiptast niður á. Tveir til þrjár nemendur eru á hverju vinnusvæði í einu. Í hverjum nemendahóp eru níu til fimmtán nemendur.

4. bekkur – heimilisfræði

4. bekk var skipt í fimm hópa í List- og verkgreinum og voru að meðaltali 9,4 nemendur í hóp. Hver hópur kom í þrettán skipti í heimilisfræði og var tvær kennslustundir í einu, tvisvar í viku. Stuðningsfulltrúi fylgdi einum hópnum í árganginum og með öðrum hóp var stuðningsfulltrúi til taks ef á þurfti að halda.

Markmið í heimilisfræði í 4. bekk voru að nemendur þekktu góðar umgengisvenjur og borðsiði, þekktu og sýndu leikni í heimilisstörfum og notkun rafmagnstækja. Þekktu mismunandi bakstursaðferðir og kynnu að matbúa léttar og einfaldar máltíðir. Kynnu undirstöðu næringar- og matvælafræði, þekktu fæðuflokkana og muninn á hollu og óhollu fæði. Einnig að nemendur gætu

unnið eftir uppskriftum, kynnu sjálfstæð vinnubrögð, þekktu samábyrgð og kynnu að vinna með öðrum. Þekktu mikilvægi hreinlætis, endurvinnslu, endurnýtingu og flokkun á sorpi.

Í upphafi hvernar kennslustundar var farið yfir markmið kennslustundarinnar og hvert viðfangsefnið væri. Uppskriftir voru útskýrðar og nemendum leiðbeint með hvernig best væri að haga vinnunni í matartilbúningnum. Annan daginn útbjuggu nemendur léttar máltíðir sem þeir borðuðu yfirleitt í heimilisfræðistofunni en hinn daginn bökuðu þeir og fóru með bakkelsið heim. Áhersla var lögð á að gott andrúmsloft skapaðist þegar nemendur borðuðu saman.

Annan daginn fengu nemendur að velja sig saman í hóp tveir til þrjár saman en hinn daginn drógu þeir miða sem sagði til um hverjir ættu að vinna saman. Þetta fyrirkomulag var gert til að þjálfar nemendur í að vinna með mismunandi félaga og gafst það vel. Gaman var að fylgjast með nemendum vinna saman sem lítið höfðu verið saman og heyra þá eiga góð samskipti bæði í sambandi við verkefnið sem þurfti að leysa og jafnframt um hugðarefni sín yfir uppvaski.

Unnið var út frá bókinni Heimilisfræði 4 eftir Jóhönnu Höskuldsdóttur og Ólöfu Jónsdóttur. Flestar uppskriftir voru fengnar úr þeirri bók og unnu nemendur einnig verkefni í bókinni svo sem verkefni um næringarefni og fæðuhringinn.

Það sem hver hópur matreiddi var: Grænmetisbakki með ídýfu, Franskt ostabrauð, Núðlusúpa, Fiskur í eigin soði, Slöngupítsa, Hafrabrauð, Lummur með bláberjum, Kryddbrauð í hollari kantinum, Hjónabandssæla, Bleikar og bláar múffur og Súkkulaðismákökur.

Í lok hvernar kennslustundar var farið yfir hvernig kennslustundin gekk og nemendum leiðbeint með ákveðin atriði ef þess þurfti. Einnig var þeim leiðbeint jafnóðum í kennslustundinni. Símat var unnið út frá því hvernig nemendum gekk að ná markmiðunum í heimilisfræði.

Nemendur virtust yfirleitt njóta sín vel og voru glaðir við vinnu sína í heimilisfræðistofunni. Verkefnið hæfðu vel þessum aldurshóp og var hópastærðin hæfileg.

5. bekkur - heimilisfræði

5. bekkur var skipt í þrjá hópa í list- og verkgreinum og voru 12,6 nemendur í hverjum hóp. Hver hópur kom í ellefu skipti í heimilisfræði og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmið í heimilisfræði í 5. bekk voru að nemendur þekktu næringar- og matvælafræði og kynnu að lesa úr næringarefnatöflum. Þekktu góðar neysluvenjur og kynnu meðhöndlun og hreinsun á ávöxtum og grænmeti. Þekktu mismunandi bakstursaðferðir og kynnu að búa til einfalda rétti.

Kynnu að nýta sér þekkingu við heimilisstörf og sýndu jákvæðni, leikni, tillitssemi og samvinnu í vinnubrögðum. Kynnu góða umgengni og borðsiði, þekktu mikilvægi hreinlætis, þvottamerkingar o. fl. og þekktu mikilvægi vatns. Þekktu helstu þætti umhverfisverndar, flokkun á sorpi, safnkassa og moltugerð.

Í upphafi hvernar kennslustundar var farið yfir markmið kennslustundarinnar og hvert viðfangsefnið væri. Uppskriftir voru útskýrðar og nemendum leiðbeint með hvernig best væri að haga vinnunni í matartilbúningnum. Nemendur útbjuggu ýmist léttar máltíðir sem þeir borðuðu yfirleitt í heimilisfræðistofunni eða bökuðu mismunandi brauð og kökur sem þeir tóku með heim. Áhersla var lögð á að gott andrúmsloft skapaðist þegar nemendur borðuðu saman.

Nemendur fengu til skiptis að velja sig saman í hóp tveir til þrír saman eða draga miða sem sagði til um hverjir ættu að vinna saman. Þetta fyrirkomulag var gert til að þjálfa nemendur í að vinna með mismunandi félaga og gafst það vel. Gaman var að fylgjast með nemendum vinna saman sem lítið höfðu verið saman og heyra þá eiga góð samskipti bæði í sambandi við verkefnið sem þurfti að leysa og jafnframt um hugðarefni sín.

Unnið var út frá bókinni Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 5. bekk, bæði lesbók og vinnubók. Flestar uppskriftir voru fengnar úr þeirri bók og unnu nemendur einnig verkefni í vinnubókinni.

Það sem hver hópur matreiddi var: Fjallabrauð, Haustsúpa, Hnútar, Litlar veislupizzur, Bleikar og bláar múffur, Eggjakaka í ofni, Eplakaka með ís, Fagur fiskur í sjó, Gulrótarbollur og Sparismákökur.

Í lok hvernar kennslustundar var farið yfir hvernig kennslustundin gekk og nemendum leiðbeint með ákveðin atriði ef þess þurfti. Einnig var nemendum leiðbeint jafnt og þétt í kennslustundinni. Símat var unnið út frá því hvernig nemendum gekk að ná markmiðunum í heimilisfræði.

Nemendur virtust yfirleitt njóta sín vel og voru glaðir við vinnu sína í heimilisfræðistofunni. Hópastærð var góð og viðfangsefnið hæfðu vel þessum aldri.

5. bekkur – myndmennt

Myndmenntakennsla í 3. – 10. bekk fer fram í myndmenntastofu Brekkusksóla. Stofan er vel útbúin með fjölbreyttum myndlistargögnum. Jafnframt er leirbrensluofn í litlu sérherbergi.

5. bekk var skipt í þrjá hópa í list- og verkgreinum og voru 12,6 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 11 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmið í myndmennt í 5. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi efni t.d. málningu, krítar, blýanta og tússpenna, gætu búið til grímur úr pappamassa, gætu teiknað fólk og dýr með smáatriðum og gætu gert athuganir á umhverfinu og unnið úr því. Einnig að nemendur gætu blandað andstæða liti úr grunnlitum og málað t.d. landslagsmynd og gætu unnið og gengið frá mismunandi efnum.

Í upphafi hvernar kennslustundar var farið yfir markmið kennslustundarinnar og hvert viðfangsefnið væri.

Tveir hópar fóru í heimsókn í Listasafnið, skoðuðu mismunandi sýningar og unnu myndir út frá heimsókninni. Ekki var hægt að fara með einn hópinn á Listasafnið vegna covid 19.

Verkefni sem nemendur unnu voru aðeins mismunandi vegna covid. Allir hóparnir bjuggu til grímur, fóru í skoðunarferð um umhverfið og unnu mynd út frá því. Teiknuðu og lituðu mynd af dreka, útbjuggu sitt eigið mynstur og teiknuðu og lituðu. Máluðu landslagsmynd, unnu mynd af dýri í eigin umhverfi sem ýmist var máluð eða lituð með litum að eigin vali.

Í hverri kennslustund var nemendum leiðbeint um verkefnavinnuna jafnóðum og þeir voru að vinna verkefnið og þeir aðstoðaðir ef með þurfti. Verkefni sem voru unnin í myndmennt höfðuðu yfirleitt vel til nemendanna. Stundum þurftu nemendur talsverða aðstoð við að finna út hvernig þeir vildu vinna verkefnið til að njóta sín í verkefnavinnunni.

Símat var unnið út frá því hvernig nemendum gekk að ná markmiðunum í myndmennt.

Textílmennt

- Kennari: Ágústa Karlsdóttir
- Starfshlutfall 100%
- Nemendur í 3. 4.5.6.7.8.9.10. og fatahönnun.
- Hópastærðir 10-15 nemendur.

Öll kennsla fór fram í textílstofunni sem er stór og vel búin stofa með stórum borðum og góðu aðgengi að saumavélum. Allar saumavélarnar eru nýlegar Husquarna, allar eins og í góðu standi. Það vantar í rauninni tvær vélar svo það sé vél í hverju saumaborði, en þau eru 12. Einnig eru tvö stór sníðaborð í stofunni, tafla og flatskjár sem nýtist vel í kennslunni og góðar hirslur fyrir nemendur og kennara. Geymsla með hillum og vöskum er á milli textílstofu og myndmenntastofu sem býður upp á aukna möguleika í kennslu. Loftgæðin í stofunni eru ekki sérlega góð, loftið mjög þurr og stofan frekar köld.

Nemendahópar voru flestir í viðráðanlegri stærð eða frá 10-15 manns í hóp.

3. bekkur. Nemendur fengu 60 mínútur á viku í 7-8 skipti og rúlluðu hóparnir milli verkgreina yfir veturinn. Hóparnir voru full stórir eða 14-15 í hverjum hóp. Þessir fáu tímar með stóru hópum duga skammt fyrir verkefni og ekki var hægt með nokkru móti að fylla hæfniviðmiðin á svo stuttum tíma. Unnin voru verkefni í handsaumi og vef þar sem nemendur unnu einstaklingsverkefni. Verkefni voru fyrirfram ákveðin með ákveðnum sveigjanleika þar sem hver og einn valdi sinn eigin stíl og sína liti. Símat fór fram yfir veturinn.

4. bekkur. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku eða u.þ.b. 12 skipti en hóparnir rúlluðu milli verkgreina yfir veturinn. Hóparnir voru litlir eða 10 í hverjum hóp. Nemendur nutu góðs af í svo litlum hópum og lærðu vel á saumavélarnar og studdu hvert annað vel í því verkefni. Nemendur saumuðu bangsa og hönnuðu á þá föt, lærðu garðaprjón og að þekkja ýmis tól og tæki í kennslustofunni. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

5. bekkur. Nemendur fengu 2x2 tíma á viku í rúllu á móti öðrum verkgreinum og voru það um 20 skipti þar sem árgangurinn er fámennur. Við skiptum nemendum í 3 hópa og var hver hópur 12-15 manns. Nemendur gerðu krosssaumsverkefni eftir eigin hönnun, lærðu að fitja upp á prjón og rifja upp prjónakunnáttu, gera mynd eftir eigin hönnun í saumavél og þæfa verkefni sem þau hönnuðu og skreyttu eftir eigin höfði. Auk þess voru nokkrir sem náðu að gera aukaverkefni af ýmsu tagi. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

6. bekkur. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku í 12-13 vikur Nemendahóparnir voru um 13 nemendur í hóp. Nemendur lærðu að gera loftlykkju og fastahekl og nokkur þeirra náðu að bæta við meiri þekkingu í hekli og jafnvel að gera lítinn hlut. Nemendur rifjuðu upp vélsaum og gerðu verkefni eftir eigin hönnun þar sem nota þurfti bæði vél og handsaum. Nokkrir nemendur náðu að gera aukaverkefni að eigin vali. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

7. bekkur. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku í 11-12 skipti hver hópur en hóparnir rúlla á móti öðrum verkgreinum og voru nemendur 11-12 í hóp. Nemendur rifjuðu upp saumavélakunnáttu og saumuðu sér náttbuxur eftir eigin hönnun og efnisvali. Unnið var með ný og notuð efni í buxurnar t.d. gömul sængurver og nemendur völdu sídd og sína útfærslu á buxunum. Nemendur völdu sér

aukaverkefni sem var krossaumur, prjón eða hekl og var krossaumurinn vinsælastur. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

8. bekkur. Nemendur fengu tvöfalda kennslustund einu sinni í viku eða um 6-7 tíma á hóp og rúlluðu hóparnir á móti öðrum verkgreinum og voru nemendur 12-14 í hóp. Nemendur rifjuðu upp saumavélakunnáttu og æfðu sig saman. Nemendur saumuðu svuntu og var val um stærð, efnisval og útfærslu. Sumir náðu að gera aukaverkefni t.d. tösku, útsaum, prjón eða hekl. Nemendur unnu að mestu einstaklingsvinnu og fór símat fram yfir veturinn.

9. bekkur. Nemendur fengu 7 skipti yfir veturinn og voru tvær kennslustundir í senn. Nemendur voru 12 í hverjum hóp og rúlluðu hóparnir móti öðrum verkgreinum. Nemendur völdu sér lítið prjónaverkefni og þurftu að rifja upp uppfitjun og affellingu. Þau völdu flest að prjóna tusku ýmist garðapryón eða slétt og brugðið. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

10. bekkur. Nemendur fengu 6-7 skipti yfir veturinn og voru tvær kennslustundir í senn. Nemendur voru 12-13 í hóp og rúlluðu hóparnir móti öðrum verkgreinum. Nemendur hönnuðu sína eigin púða þar sem þau völdu formið og notuðu tvær mismunandi aðferðir til litunar á efni. Einnig áttu þau að hanna sinn eigin útsaum á púðann, sauma hann í saumavél og handsauma leynispor fyrir opið. Nokkrir nemendur náðu að gera lítið aukaverkefni að eigin vali. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Val í 8-10 bekk / Fatahönnun. Nemendur voru 11 og 12 í hópnum í fatahönnun. Þau voru 3 kennslustundir á viku í staðin fyrir 2 og unnu þá af sér og hættu fyrr á önninni en annars. Á þennan hátt nýtast tímarnir þeirra betur og ég get bætt þeim upp ef ég þarf að fara í frí á þeirra degi. Í svona blönduðum hópi aldurs og getulega eru unnin mjög misjafnlega krefjandi verkefni en sumir hafa verið fleiri annir í fatahönnun á meðan aðrir eru byrjendur. Skólinn hefur skaffað efni upp að vissu marki sem oftast dugar en annars kaupa nemendur efni sjálfir, endurnýta eða nota það sem til er í skólanum. Nemendur vinna allt frá því að breyta og laga föt upp í að taka upp snið úr blöðum eða eftir eigin flíkum og sauma eigin flík eða á aðra. Nemendur vinna einstaklingsverkefni og fer símat fram yfir veturinn.

Í öllum hópum er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð okkar á tólum og tækjum og að ganga vel um stofuna. Sérstök áhersla er lögð á að nýta vel efni og endurnýta sem mest af því sem til fellur. Allir hópar fara í gegn um stutta kynningu á flokkun og endurnýtingu í stofunni.

Hönnun og smíðar

- Kennari: Rúnar Már Þráinsson
- Nemendur í 3.-8. og 10. bekk

Húsnæði og aðbúnaður

Kennsla í hönnun og smíði fór fram í smíðastofu Brekkuskóla. Stofan er búin þeim kostum að vera þægilega stór og björt. Í henni eru góðir skápar, skrifstofa, efnisgeymsla og tækjaherbergi. Í tækjaherberginu er góð fjölnota trésmíðavél af gerðinni SCM Lab 300n. Í henni er borðsög, afréttari, þykktarhefill og yfirfræsari. Einnig er þar gömul bandsög og gamall trérennibekkur. Í stofunni sjálfri er ein nothæf tifsög. Þar eru einnig ein gömul súluborvél og góð pússivél. Nemendur hafa aðgang að 10.8V Makita bor- og skrúfvélum sem nýttust afar vel. Þær voru valdar sérstaklega til að vera léttar

og meðfærilegar í höndum nemenda en hafa samt nægan kraft til að bora og skrúfa í allt timbur. Þetta eru vélar af hæsta gæðaflokki sem gert er ráð fyrir að hafi mjög langan endingartíma.

Það var á dagskrá að fá súluborvél sem uppfyllir öryggiskröfur en þær voru ekki til á lager fyrr en í lok skólaársins svo sú nýja nýtist ekki við kennslu fyrr en á næsta skólaári.

Kennsluhættir

Skipulag kennslustundar og kennsluaðferðir

Kennt var í 2x40 mínútna lotum í öllum árgangum nema í 3. bekk. Þá var kennt í 1x60 mínútna lotu. Í öllum árgöngum var uppsetning kennslustundar keimlík. Í upphafi settust allir nemendur við sama borð, ég tók mætingu og fór yfir hvert markmið kennslustundarinnar væri og hvernig nemendur skyldu vinna að því. Þetta tók stundum stutta stund og en stundum var tekinn góður tími í að ræða við nemendur um tilgang og markmið. Þegar ný verkefni lágu fyrir fór ég yfir það lið fyrir lið með sýnikennslu á verkfærin. Þar næst hófu nemendur vinnu og ég fylgdist með og aðstoðaði þar sem þurfti. Þegar ég lagði eitthvað fyrir sem nemendur þurftu sérstaklega mikla aðstoð við (t.d. saga út með laufsög), skipti ég hópnum upp og hluti hans fékk auðveldara verkefni á meðan ég aðstoðaði hinn hlutann. Þetta átti aðallega við í 3. og 4. bekk. Þegar um það bil 10 mínútur voru eftir af kennslustundinni hættu allir vinnu og hjálpuðust að við að ganga frá í stofunni. Þá settust allir niður og ég tók stöðuna hjá þeim til að auðvelda undirbúning fyrir næsta tíma. Flest verkefni voru einstaklingsverkefni þar sem nemendum var leyft að leita aðstoðar hver hjá öðrum. Það er hentugt við uppsetningu stofunnar að tveir hefðbekkir liggja saman og yfirleitt voru tveir til þrír nemendur að vinna á sama svæði. Það gaf gott tækifæri fyrir þá að hjálpast að. Bæði við úrlausn verkefna og þegar einfaldlega vantaði auka hendur, til dæmis til að halda einhverju föstu. Þannig gátu nemendur lært hversu gagnlegt það er að vinna saman, þó það sé jafnvel unnið að einstaklingsverkefni. Í sjöunda bekk unnu nemendur að verkefni í litlum hópum þar sem reyndi á færni þeirra til að skipuleggja hópavinnu.

Yfirleitt var notast við einfaldar og hefðbundnar kennsluaðferðir. Fyrirlögn og útskýringar voru notaðar til að kynna viðfangsefni fyrir nemendum og það svo endurtekið eftir þörfum. Helsta kennsluaðferðin var einhvers konar blanda af lausnaleit, „læra-með-því-að-framkvæma“, handleiðsla og þjálfun. Þó að lausnaleit sé ekki markvisst kennd eru verkefni þá fjölbreytt og margvísleg að í hverjum tíma kemur upp eitthvað „vandamál“ sem þarf að leysa. Það getur verið hvernig á að gera við þegar flísast úr spýtu við sögun, hvernig er best að búa til mastur og segl á bát eða í hvaða röð er best að skrúfa saman íhluti í krítartöflu. Reynt var að fá nemendur til að finna svör við þessum spurningum frekar en að mata þá í sífellu. Þess háttar lausnaleit er háð því að nemendur þekki ágætlega til verkfæra og aðferða en þess vegna er öll handleiðsla og þjálfun mikilvæg. Yfirleitt fengu nemendur til skiptis verkefni þar sem flóknari og flóknari aðferðir voru markvisst þjálfaðar og verkefni þar sem hægt var að beita sömu aðferðum í eigin hönnun. Þetta fór þó eitthvað eftir því hversu marga tíma nemendur fengu í faginu

Kennsla út frá markmiðum

Rauði þráðurinn í smíðakennslunni var að búa til umhverfi þar sem nemendur gætu annars vegar, lært og tileinkað sér aðferðir til að gera hugmyndir sínar að veruleika og hins vegar fengið tækifæri til að nýta sköpunargáfu sína.

Í upphafi skyldi endinn skoða. Skipulagning skólaársins var miðuð við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Eins og segir á blaðsíðu 152 er menntagildi verkgreina þrjúþætt. Það á að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir daglegt líf og búa þá undir frekara nám á sviði verkgreina. Þessi þrjú atriði voru alltaf höfð til hliðsjónar.

Til þess að stuðla að alhliða þroska nemenda var lögð áhersla á góða umgengi, snyrtilegt umhverfi og kennslu í þrifum og frágangi. Í anda uppbyggjastefnunnar var tekin umræða um hlutverk nemenda og kennara sem var svo safnað saman í skjal sem límt var innan á munaskápa nemenda svo það væri þeim sýnilegt. Þetta var hugsað sem hálfðættingur á við bekkjarsáttmála. Í hverjum hópi var tekin umræða um létt gott andrúmsloft og tillit til samnemenda. Jákvæð endurgjöf var gefin þegar nemandi hafði unnið fyrir hrósi eða þurfti á hughreystingu. Kennari talaði um eigin mistök, hvernig hann tók á þeim og lét nemendur vita að svo lengi sem þeir raunverulega legðu sig fram hefðu þeir tækifæri til að prófa sig áfram og læra þannig af reynslu og mistökum. Framfarir væru mikilvægari en núverandi hæfni. Þannig var lögð áhersla á það ferli að þegar nemandi byrjar að læra á nýtt verkfæri eða nýja aðferð býr hann ekki yfir mikilli leikni en með reynslunni kemur leiknin. Sömuleiðis var lögð áhersla á dugnað en um leið að finna tempó í vinnu sem hægt er að viðhalda án þess að ofgera sér. Markmiðið var að nemendur yrðu þannig læsari á eigin andlega og líkamlega styrk. Vinnan okkar með leiðsagnarnám var góð stoð í þessari vinnu og augljóst sóknartækifæri að gera þetta markvissara í anda hennar. Það helsta sem kom inn nýtt á þessu ári var námshringurinn. Það reyndist vera afbragðs leið fyrir nemendur að átta sig á því hvað gerist þegar viðfangsefni er of auðvelt, passlega krefjandi eða of erfitt.

Til þess að búa nemendur undir daglegt líf var kennt á helstu verkfæri sem finnast á heimilinu og aðferðir sem tryggja góða niðurstöðu. Til dæmis hvernig á að nota málband og blýant á réttan hátt í merkingum og teikningum, hvernig á að beita handsög, hvernig á að nota borvél og hvernig á að undirbúa efni undir lakk.

Til þess að búa nemendur undir frekara verknám fóru fleiri þættir að bætast inn í námið á efsta stigi sem gott er að kunna á grunndeild byggingargreina í verknámi. Þar má nefna nákvæmari niðurefnun með sög, hvernig á að nota vinkil, hvernig á að meðhöndla bæs og lakk, hvernig á að lesa teikningar og hvernig á að beita trélími í flóknari samsetningum. Þetta átti sérstaklega við nemendur í valhópnunum sem kynntust því hvernig á að búa til límtrésplötur með handverkfærum, hefla þær og pússa og smíða einföld húsgögn frá grunni.

Við val á verkefnum, efnivið og kennsluáðferðum voru hæfniviðmið aðalnámskrár, eins og þau birtast í hæfnikortum, höfð að leiðarljósi. Þau eru í þremur flokkum: Handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Út frá þessum hæfniviðmiðum höfðu hæfnikort verið búin til. Sum viðmiðin voru mjög víð, svo sem að geta valið aðferð, efni og verkfæri við hæfi á meðan önnur voru þröng, svo sem að kunna að nota borvél og geta skipt um bor. Þetta gaf mér tækifæri til að útbúa fjölbreytt verkefni sem innihéldu þá ákveðna verkþætti.

Á yngsta stigi voru nemendur kynntir fyrir flestum einföldum verkfærum og teikniáðferðum. Nemendur fengu þjálfun í að saga út í krossvið og MDF, efna með handsög, líma með trélími, nota vatnsmálningu á ábyrgan hátt og negla nagla. Þeir æfðust í að teikna grunnmynd, draga upp form með kalkíappír og mæla einfaldar stærðir í niðurefnun.

Á miðstigi bættist við meiri teikning og sjálfstæð hönnun. Sömuleiðis bættist meiri tenging við stærðfræði. Nemendur lærðu að finna miðju á efni og búa til 45° horn með vinkli, hliðsetja línu til að

gera ramma, nota málband og vinkil til að gera nákvæma skurði með handsög og saga línur á ská. Nemendur fengu frjálssari hendur til að hanna sín eigin verkefni. Til dæmis bjó 5. bekkur til módel af bæ eftir eigin höfði, nemendur í 6. bekk hönnuðu sinn eigin bát og í 7. bekk hönnuðu nemendur hús og teiknuðu það upp áður en vinna hófst. Ásamt því að fá flóknari verkefni með einfaldari verkfærum kynntust nemendur nýjum verkfærum og fengu að nota tifsög og pússivél. Í 6. bekk fengu nemendur kennslu í samsetningu með skrúfum. Þeir lærðu að nota bæði bor- og skrúfvél og allt það helsta sem þarf að vita til að geta skrúfað saman efni með árangursríkum hætti og þurftu að sína fram á þá hæfni í verkefni.

Á efsta stigi héldu nemendur áfram að teikna upp verkefnin sín. Kollar, myndarammar og hillur urðu til í ýmsum stærðum. Einnig fengu nemendur verkefni þar sem þeir þurftu lesa teikningar til að ljúka verkefninu á réttan máta. Meiri áhersla var sett á nákvæm og vönduð vinnubrögð og reynt var að bjóða upp á verkefni sem nýttust á heimilinu. Nemendur kynntust flóknari samsetningum sem eru mikið notaðar í smíðavinnu eins og geirungsskurði. Einnig kynntust nemendur flóknari efnismeðferðum svo sem bæsi og lakki.

Námsmat

Nemendur voru metnir reglulega yfir það tímabil sem þeir sóttu tíma. Þeir voru metnir eftir frammistöðu í tímum og eftir gæðum þeirra verkefna sem þeir skiluðu. Í námsmati var það haft til hliðsjónar að meta hvern nemenda út frá hans eigin persónulegu vegferð í gegn um námið. Framfarir og persónulegir sigrar vógu meira en hlutbundinn árangur. Í sjöunda bekk var sjálfsmat hluti af námsmatinu en annars var allt námsmat í höndum kennara. Engin próf voru haldin.

Samstarf og grenndarkennsla

Nemandi í 9. bekk var aðstoðarmaður smíðakennara allt skólaárið. Annars vegar aðstoðaði hann í undirbúningi kennslu og hins vegar aðstoðaði hann í kennslustundum hjá þriðja bekk. Það var gagnlegt að fá aðstoð hans varðandi undirbúning og flýtti fyrir þegar kom að því að útbúa efnivið fyrir nemendur. Samstarfið gekk þó best í kennslustundum í 3. bekk. Þar kom í ljós að nemandinn bjó yfir þeirri nærgætni sem er nauðsynleg til að vinna með börnum ásamt því að hann var áhugasamur um verkefnin þeirra og hjálpfús. Nemendur voru fljótir að fatta að það var hægt að biðja hann um aðstoð og hann varð vinsæll meðal þeirra. Í þriðja bekk þurfa nemendur meiri hjálp með ýmislegt smáræði eins og skammta málningu, festa verkefnin sín með þvingu og þess háttar og því var afar gagnlegt að hafa aðstoðarmann. Þetta var farsælt samstarf og þroskandi fyrir alla sem komu að því.

Grenndarkennsla var ekki sérstaklega skipulögð. Valhópur fór þó einu sinni og kynntist starfsemi Fab Lab smíðjunnar. Markmiðið var að nemendur kynntust möguleikum þess að nota tölvustýrt umhverfi við smíðar. Verkefnastjóri smíðjunnar tók vel á móti okkur og nemendur hönnuðu og laser skáru út lyklakippu.

Starfsmenn skólans báðu af og til um aðstoð með lítil verkefni í vetur. Reynt var að bregðast vel við öllum óskum svo hlutir voru límdir saman, skáphurðar festar upp á nýtt og leikmunir voru smíðaðir fyrir litlar leiksýningar til að nefna eitthvað.

Myndmennt

Kennari: Joris Rademaker

Myndmenntakennsla í 3. – 10. bekk fór fram í myndmenntastofu Brekkuskóla. Stofan er vel útbúin með fjölbreyttum myndlistargögnum. Jafnframt er leirbrennsluofni í litlu sérherbergi.

Myndmenntakennari var í 73 % starfi.

3. bekkur

3. bekk var skipt í fjóra hópa í list- og verkgreinum og voru 14,25 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 16 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, tvisvar í viku.

Markmið í myndmennt í 3. bekk voru að nemendur gætu skilgreint grunnlitina þrjá, kynnu sjálfstæð vinnubrögð, hefðu kunnáttu í leirmótun og gætu unnið með mismunandi aðferðir, gætu skilgreint grunnformin þrjú, þekktu ýmis hugtök t.d. landslags- og andlistmyndir, þekktu hugtakið skapandi skrift, kynnu að teikna stafi í þrívídd, gætu klippt og límt einföld form, kynnu að vinna með hluti úr náttúrunni og þekktu hlutverk safna.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Flestir hóparnir fóru í heimsókn á Listasafnið. Kennslan gekk mjög vel með þessum hópum og nemendurnir voru áhugasamir.

4. bekkur

4. bekk var skipt í fimm hópa í List- og verkgreinum og voru að meðaltali 9,4 nemendur í hóp. Hver hópur kom í þrettán skipti í myndmennt og var tvær kennslustundir í einu, tvisvar í viku. Stuðningsfulltrúi fylgdi einum hópnum í árganginum og með öðrum hóp var stuðningsfulltrúi til taks ef á þurfti að halda.

Markmið í myndmennt í 4. bekk voru að nemendur gætu notað grunnform til að búa til nýtt form t.d. bíl, mann eða hús, gætu notað hugtökin kaldir og heitir litir, öðluðust næmni í leirmótun og tilfinningu fyrir hlutfalli og hreyfingu, gætu blandað andstæða liti úr grunnlitum, gætu skilið hugtökin lóðrétt, lárétt og á ská, gætur teiknað figúru og form, klippt út og límt á flöt svo úr verði þrívídd, gætu túlkað árstíðirnar með tilheyrandi litavali, gætu tjáð sig í litum og formum og þekktu hlutverk safna.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Mikil áhersla var lögð á að vinna með dýr með mismunandi efnum og aðferðum. Kennslan gekk vel með þessum hópum og nemendurnir voru áhugasamir.

6. bekkur

6. bekk var skipt í fjóra hópa í list- og verkgreinum og voru 13 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 16 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir tvisvar í viku.

Markmiðin í 6. bekk voru að nemendur gætu unnið út frá einhverjum hugtökum og þeim t.d. framtíðin, umhverfið og plánetur, gætu lýst og dekkst liti, gætu unnið í litlum hópi og gert manneskju í

raunstærð, þekktu hlutverk safna og kynntust ýmsum stílum listasögunnar, gætu búið til flóknari myndasögur með upphafi, miðju og endi, gætu teiknað bíla, tæki og hús, gætu unnið svart hvíta andlitsmynd með ljós og skugga, gætu teiknað kubb í þrívídd, gætu unnið stærri verkefni í hópi, gætu unnið andlitsmyndir með mismunandi persónuleika og tjáningu.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Mikil áhersla var lögð á myndasögugerð. Allir nemendur voru áhugasamir og duglegir að vinna en svolítill órói var í samskiptum á milli sumra nemenda.

7. bekkur

7. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 11,6 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 13 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, tvisvar í viku.

Markmiðin í 7. bekk voru að nemendur gætu tjáð og túlkað eigin hugmyndir og valið efni við hæfi, gætu notað mismunandi verkfæri til að búa til ólíkar áferðir í málningu, gætu teiknað andlit og fígúru í réttum hlutföllum á einfaldan hátt, gætu teiknað rétt hlutfall mannlíkama og hreyfingu hans, gætu notað sirkil og búið til flókin munstur, gætu lýst og dekk með hvítu og svörtu og búið til mismunandi gráa tóna. Þekktu vegglist og áhrif hennar á list og hönnun, gætu málað íslenskt landslag, gætu teiknað bíla og tæki í þrívídd og gætu skrifað stafi eða orð í þrívídd. Gætu búið til þrívíddarletur og þekktu hlutverk safna og kynntust ýmsum stílum listasögunnar.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Talsverð áhersla var lögð á að vinna með hlutföll í hlutbundinni og óhlutbundinni myndbyggingu. Allir nemendur voru duglegir að vinna en svolítill órói var í samskiptum á milli sumra nemenda.

8. bekkur

8. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 12,8 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í sjö skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmið í myndmennt í 8. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni, gætu unnið grafík t.d. dúkristu og mónóptrykk, gætu teiknað mynd með geometrískum formum, gætu tileinkað sér túlkun í myndmáli s.s. lógó, app, fána o.fl. gætu nefnt helstu listamenn í myndlistarsögu Íslands, þekktu listasöfn og tilgang þeirra í menningu okkar, kynntust ýmsum stílum listasögunnar, gætu gert klippimyndir á súrrealískan hátt, gætu útfært og unnið hugmynd sína frá grunni, gætu málað með akrýl og bleki og gætu gert dúkristur sem einþrykk.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Ekki var hægt að ná öllum markmiðum sem áætluð voru vegna þess hve nemendur komu í fáar kennslustundir bæði vegna covid og skipulags.

9. bekkur

9. bekk var skipt í fjóra hópa í list- og verkgreinum og voru 12 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 5 - 7 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmiðin í 9. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni, gætu unnið í grafík t.d. dúkristu og mónóptrykk, gætu nefnt helstu listamenn í myndlistarsögu Íslands, gætu

skilgreint hugtökin hlutbundið og óhlutbundið, gætu útfært og unnið hugmynd sína frá grunni og gætu málað með akríl og bleki.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Þessir hópar unnu mjög vel og voru áhugasamir.

10. bekkur

10. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 12,2 nemendur í hóp að meðaltali. Hver hópur kom í 6 - 7 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmiðin í 10. bekk voru að nemendur gætu valið á milli mismunandi aðferða við skoðun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, gætu skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. Gætu greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, gætu skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni, gætu málað með akríl og bleki, kynnu að nota ólík svipbrigði í persónusköpun andlitsteikningar, þekktu hlutverk safna og kynntust ýmsum stílum listasögunnar. Gætu tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið, geti notað orðaförða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati. Gætu nefnt helstu listamenn í myndlistarsögu Íslands, gætu skilgreint hugtökin hlutbundið og óhlutbundið, gætu gert skriflega kynningu um íslenskan listamann að eigin vali, kynnt og rætt í hóp. Þekktu abstraktlist og helstu frumkvöðla íslenskrar abstraktlistar, gætu sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Gætu gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Gætu unnið í grafík t.d. dúkristu og mónóþrykk, gætu unnið hugmynd sína frá grunni, þekktu hlutföll mannlíkama og gætu teiknað upp eftir trégínu og gætu málað abstrakt listaverk.

Nemendur unnu nokkur einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Ekki var hægt að vinna verkefni sem miðuðu að öllum markmiðum sem voru áætluð í árganginum vegna þess hve nemendur höfðu fáar kennslustundir.

Fyrir næsta vetur þarf að fækka markmiðum fyrir 10. bekk. Mikilvægt er að leggja áherslu á verklegu vinnuna hjá 10. bekk. Nemendur voru yfirleitt mjög duglegir og áhugasamir.

Heimilisfræði

- Kennari : Anna Guðný Sigurgeirsdóttir
- Starfshlutfall : 73,08
- Nemendahópar : 3. 6. 7. 8. 9. og 10. Bekkur. Valhópar blandað úr 8. 9. og 10. bekk.
- Hópastærðir u.þ.b. 10 – 15 nemendur.

Öll kennsla fer fram í heimilisfræðistofu. Hún er stór, björt og vel tækjum búin. Aðstaðan öll

mjög góð. Skrifstofa fyrir kennara og gott búr fyrir hráefni og annað tengt kennslunni. Flatskjár er í kennslustofunni.

3.bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði í 1 klst í senn, tvisvar sinnum í viku og fá ca. 16 skipti.

Fjöldi nemenda í hópum er 12-15 sem að eru of margir. Sérstaklega þar sem hver kennslustund er bara 60 mín. og einn kennari. Þetta er styttri tími en aðrir árgangar hafa.

Í nokkrum fyrstu kennslustundunum er unnið með öllum hópnum við stóra kennsluborðið þar sem þau eru þjálfuð í að mæla hráefni, vinna deig o.fl.

Þegar þau eru orðinn nokkuð þjálfuð í þessu fara þau að vinna á vinnusvæðunum 2-3 saman, þar er áherslan lögð á verklega hlutann. Einfaldan bakstur og eldamennsku. Samvinnu, hreinlæti, umgengni og frágang. Einnig er unnið með skriflega verkefni í vinnubókum.

Gjarnan mætti skoða hvort möguleiki væri á að fá aðstoð inn í þennan fjölmenna og krefjandi hóp og þá ekki endilega stuðningsfulltrúa, ekki síðra að fá eldri nemendur. Hópnum finnst það gaman og það er líka mjög lærdómsríkt og þroskandi fyrir eldri nemendur að aðstoða þau yngri. Hef af þessu mjög jákvæða og góða reynslu, en það þarf að sjálfsögðu að vanda vel valið á nemendum í þetta.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

6. bekkur

Nemendur eru 2 kennslustundir í senn einu sinni í viku og fá ca 6 – 7 skipti hver hópur.

Fjöldi nemenda 12 – 14 í hóp.

Þau vinna í blönduðum hópum 2 – 3 saman. Áherslan er á verklega hlutann, bakstur og eldamennsku en fræðsla sem tengist verkefnum hverju sinni er að sjálfsögðu líka. Lítið sem ekkert farið í skrifleg verkefni þar sem að þessi árgangur er að fá óvenju fá skipti. Reyni þá að ræða um t.d. hollustu og heilbrigði, hreinlæti, umhverfismál o.fl. meðan að þau eru að vinna og borða það sem að þau hafa útbúið.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

7. bekkur

Nemendur eru 2 kennslustundir í senn, tvisvar sinnum í viku og fá ca 12 skipti.

Fjöldi nemenda u.þ.b. 12 í hóp.

Þau vinna í blönduðum hópum 2 – 3 saman. Áhersla er lögð á verklega hlutann, bakstur og eldamennsku en fræðsla sem tengist verkefnum hverju sinni er að sjálfsögðu líka. Skrifleg verkefni eru unnin í verkefnabækur þar sem mest er unnið með hollustu og heilbrigði, hreinlæti, matarmenningu og síðast en ekki síst umhverfismál.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

8. 9. og 10. bekkur

Þessir árgangar koma í lotur þ.e. 2 kennslustundir í senn, ca 6 – 7 skipti. Nemendur eru 2-3 saman í blönduðum hópum. Þetta eru verklegir tímar þar sem er bakað og matbúnir léttir og fljótlegir réttir.

Unnið er eftir kennsluáætlunum og markmiðum. Lögð er áhersla á mikilvægi hreinlætis, fjölbreytni og hollustu í matargerð og flokkun og umhverfisvernd almennt.

Tekið er mið af vinnusemi, jákvæðni og samvinnu þegar metið er jafnt og þétt samkvæmt símati.

8. 9. og 10. bekkur valgrein - Matur og bakstur.

Í valinu er blandaður hópur úr þremur elstu árgöngunum. Nemendur eru eina önn og koma 3 kennslustundir í senn í stað 2ja og hætta því fyrr á hvorri önn. Þetta gefur möguleika á að gera flóknari og tímafrekari viðfangsefni.

Kennslustundirnar eru nánast eingöngu verklegar en ýmsu fræðilegu efni s.s. næringar og matvælafræði, góðum umgengnisvenjum, hreinlæti, umhverfisvernd o.fl. blandað inní.

Auk þess viðhöldum við þeim gamla sið að gera laufabrauð frá grunni þ.e. gera deig, fletja út, skera út í og steikja. Þetta gera þó eingöngu haustannarhópar. Kleinur eru gerðar og þau læra mismunandi bakstursaðferðir, bæði nýjar og gamlar. Farið er í hefðbundna eldamennsku og gerðir einfaldir og flóknari réttir. Við tökum líka fyrir nýjungar, strauma og stefnur bæði í bakstri og matargerð.

Fæðuofnæmi, val á lífstíl í sambandi við mætaræði o.fl. o.fl

Á haustönn sjá allir valhópar um að baka umtalsvert magn af kökum og brauði fyrir árshátíð skólans. Þetta árið var árshátíðin að vori og því vorannar hópar sem sáu um árshátíðarbaksturinn.

Þar sem að við erum með 3 kennslustundir gefst stundum góður tími til að sitja og njóta afrakstursins og nýttast þeir tímar alltaf mjög vel í gott spjall bæði ýmislegt gagnlegt og fróðlegt tengt því sem að við vorum að gera. Þetta eru líka mjög góðar stundir félagslega fyrir alla.

Nemendur vinna 2 – 3 saman. Við vinnu á símati er horft til kennsluáætlana og markmiða auk ástundunar, vinnubragða, áhuga, frumkvæðis og vandvirkni.

Sérkennsla

Skýrsla sérkennsluteymis í Brekkuskóla

Teymið skipaði Guðrún Íris Valsdóttir, Halla Kristín Tulinius, Helga Sigurðardóttir, Pollý Rósa Brynjólfsdóttir, Margrét Ingimundardóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir. Stella Gústafsdóttir var verkefnastjóri sérkennslu.

Fundir í sérkennsluteymi voru annan hvern þriðjudag kl 15 - 16. Byrjaði teymið á að útbúa starfsáætlun með þeim verkefnum sem leggja átti áherslu á í vetur.

Sameiginleg fræðsla

1. Hæfnimiðað námsmat, 23. september. **2.** Kynning á Stöðumati fyrir erlenda nemendur, í HA, 9. nóvember. **3.** Ráðstefna BUGL um áföll, sjálfsskaða og sjálfsvígshættu, 28. janúar. **4.** Sérkennsluráðstefna um ADHD, 14. febrúar. **5.** Málþing um nemendur með fjölbreytta málörðugleika, 23. febrúar. **6.** Rafrænn fyrirlestur um úrræði fyrir eldri grunnskólabörn og unglunga með málþroskaröskun, 21. mars. **7.** Málþing um nemendur með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn, 23. mars. **8.** Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins 12. - 13. maí.

Verkefni sem unnið var að á fundum í vetur:

Megináhersla í vetur var að vinna að innra mati varðandi stuðning og sérkennslu. Teknir voru fyrir nokkrir þættir úr umbótaáætlun skólans og útbúinn verkferill fyrir gerð einstaklingsnámskráa og hvernig stuðningi skuli háttað í meginatriðum.

Útbúið var yfirlitsblað með þeim prófum og skimunum sem lögð eru fyrir árganga í Brekkuskóla.

Útbúið var skjal yfir tækninotkun í sérkennslu.

Stjórnendur komu tvisvar sinnum á fund með teyminu. Þar var farið yfir skipulag og vinnu teymisins í vetur og stjórnendum kynnt verkferill og skjöl sem útbúin voru. Miklar umræður voru um hvernig stuðningi og sérkennslu sé best háttað.

Hugleiðingar á vordögum

Við erum allar sammála um að nauðsynlegt er fyrir okkur að hittast reglulega, ræða saman og vinna að verkefnum þannig að við þróum starf okkar. Einnig er mikilvægt að vera í virku samtali við stjórnendur og umsjónarkennara. Þegar lítið er til baka yfir veturinn er ljóst að kennsla vetrarins fór fram með öðrum hætti en lagt var upp með í haust. Mikill tími sérkennara fór í forfallakennslu og skipulag var háð því að lítið var hægt að fara á milli rýma vegna covid takmarkana.

Að hafa farið á sameiginlega fræðslu hefur nýst okkur vel. Við gátum í leiðinni tengt upplýsingar við okkar starf og aukið þekkingu okkar. Það er mikilvægt fyrir okkur að halda áfram að fræðast um þær áskoranir sem margir nemendur skólans þurfa að takast á við og undirbúa okkur til að veita þeim faglega kennslu og koma til móts við þarfir þeirra.

Vinnan við að fara í gegnum þættina úr innra matinu og útbúa verkferil fyrir einstaklingsnámskrágerð og stuðning var lærdómsferli fyrir okkur allar. Við höldum áfram að þróa vinnu okkar þar sem við skiptumst á að vera inni í bekk og vinna í námsveri þegar við töldum það henta og þegar það var mögulegt. Halda þarf áfram að þróa starf okkar og sjá hvaða nemendur þurfa þjónustu í námsveri og hvenær hentar best að vera inni í bekk.

Þrátt fyrir allt erum við nokkuð sáttar með veturinn.

Tilraunarverkefni

Maíklúbbur

Kennari: *Rúnar Már Þráinsson*

Upphaf

Snemma í maí varð ljóst að hóp nemenda á miðstigi var farið að ganga afar illa að fara eftir skólareglum og sinna náminu. Þeir voru endurtekið að reka sig á í samskiptum við starfsfólk skólans og samnemendur sína. Ein ástæða fyrir þessu var talin að þolinmæði og þrek þessara nemenda væri á þrotum komið í maí. Þá kom upp sú hugmynd að setja upp fyrir þá dagskrá fram að skólaslitum þar sem þeir kæmust út úr kennslustofunni tvisvar í viku. Það var ákveðið að taka frá þrjár kennlustundir á mánudögum og tvær kennlustundir á föstudögum undir verkefnið. Samtals yrðu þetta sex skipti og sextán kennlustundir.

Til að ákveða hvaða nemendum væru boðið að taka þátt í þessu verkefni var bæði hugsað um þá sem hefðu ríkustu þörf en einnig hvernig hópurinn mundi virka innanborðs. Að lokum var einum nemenda úr sjötta bekk, þremur úr sjöunda bekk og teimur úr níunda bekk boðið að taka þátt.

Markmið

Markmið verkefnisins var einfalt. Það var að gefa þeim nemendum sem tóku þátt tækifæri til að ljúka skólaárinu með sóma og fara út í sumarfrí með reisn. Með því að minnka setu þeirra inn í skólastofu var vonast til að skólavistin væri þeim þolanlegri þannig að þeir myndu vanda sig betur í samskiptum og sinna náminu betur þar sem eftir var af skólaárinu. Þannig yrðu síðustu vikurnar þeirra í skólanum jákvæð reynsla.

Í skipulagningu verkefnisins var ekki horft til sérstakra námsmarkmiða. Hins vegar var horft til þarfa nemendahópsins. Það var genguð út frá því að þeir þyrftu á því að halda að komast út skólastofunni, fá hreyfingu of ferskt loft, vera í minni hóp og fá einföld viðfangsefni.

Skipulagning út frá markmiðum

Með þessu markmið sem rauðan þráð var mér í sjálfvald sett að skipuleggja námskránnu. Ég var með nokkur atriði í huga.

- Ég vildi leggja áherslu á jákvæð samskipti milli nemenda
- Ég vildi hafa sem mest af tímunum undir beru lofti
- Ég vildi að það yrði einhver hreyfing í öllum tímum
- Ég vildi að nemendur myndu kynnast útisvæðum á Akureyri

Út frá þessu setti ég upp dagskrá þar sem Kjarnaskógur, Hamrar og svæðið umhverfis var okkar heimastöð. Við nýttum líka svæðið í kring um Sandgerðisbót og Sílabás. Það var gert ráð fyrir styttri og lengri gönguferðum, hjólaferð, leiktíma í vötnunum á Hömrum og kennslu og æfingu í sígi. Í þessari námskrá átti að finna jafnvægi milli festu og frelsis. Til að minnka líkur á slæmri hegðun þurfti að setja upp eitthvað ákveðið að gera. Það mátti hins vegar ekki vera mjög krefjandi, bæði til að forðast neikvæðni og til að nemendur væru ekki of uppteknir til að taka eftir umhverfinu sínu. Í anda hugsmíðahyggju áttu nemenedur svo að fá tækifæri til að finna sér sjálfir viðfangsefni út frá eigin hugarheimi og umhverfið sem við vorum í átti að vera jarðvegurinn. Stundum bætti ég við örkennslu í einhverju ákveðnu (eitt dæmi er að læra að kveikja eld á öruggan hátt, annað er hvað allar trjátegundir í Kjarnaskógi heita). Þó ég hafi haft velyrði um að prófa hitt og þetta sem bærinn bíður upp á ákvað ég að það væri betra að hafa einfaldari dagskrá. Bæði til að reyna að virkja nemeendur eins og lýst var hér að ofan en líka til að gæta meira sanngirnis gagnvart nemendum sem ekki var boðið að taka þátt og gætu ekki fengið jafn spennandi dagsskrá innan skólabyggingar. Í einum tíma var ljósmyndabingó á dagskrá og það var hefðbundnasta verkefnið í þessum tímum.

Framkvæmd

Fyrsta skrefið var að hitta alla nemendurnar og kynna verkefnið fyrir þeim. Nemendur í 6. og 7. bekk voru strax spenntir og fullir tilhlökkunnar. Nemendur í 9. bekk voru hlutlausari gagnvart verkefninu. Þessir fjórir í 6. og 7. bekk, sem verkefnið var í raun sett upp fyrir, virtust vera þakklátir og átta sig á því að þarna var verið að gefa þeim tækifæri. átta sig á því að þarna var verið að gefa þeim tækifæri. Það var passað upp á að útskýra verkefnið fyrir þeim á þann veg að það væri til þess að aðlaga skólann að þeirra þörfum en ekki sem refsing fyrir slæma hegðun. Af því að þetta var töluverð breyting frá hefðbundinni stundatöflu, og af því að nemendur þurftu stundum hjól eða auka útiföt, var sendur tölvupóstur með dagskránni og svo áminning fyrir hvern tíma.

Í fyrstu tímunum kom fljótt í ljós að hópurinn var fjölbreyttur. Sumir nemendur voru kraftmiklir og höfðu gaman af því að hjóla og ganga en aðrir kvörtuðu yfir vegalengd og brekkum. Með smá hvatningu og leiðsögn í því hvernig maður tekst á við verkefni komust þó allir alltaf alla leið. Flestir nemendur vönduðu sig í samskiptum en það var augljóst að þeir voru vanir því að eiga í slæmum samskiptum og áttu það til að detta þangað. Yfirleitt tóku þeir tiltali vel. Þegar við stoppuðum var tækifærið oft notað til að spjalla um hitt og þetta og nemendur lágu yfirleitt ekki á skoðun sinni.

Í þeim tímum sem við fórum út að hjóla, labba eða einfaldlega leika okkur gekk yfirleitt mjög vel. Fyrir utan svolítið kvart og bölsýni yfir því að geta ekki keyrt allt voru nemendur heilt yfir virkir og jákvæðir. Nemendur höfðu mjög lítinn áhuga á ljósmyndabingóinu. Þeir kláruðu verkefnið eins hratt og þeir gátu en vildu ekki vanda sig eða nota allan tímann til að finna góð ljósmyndataekifæri og afraksturinn var því í bágari kantinum.

Síðasti tíminn var sá eini þar sem boðið var upp á „ókeypis“ afþreyingu. Þá fengum við kennslu og aðstoð við sig niður klett fyrir ofan Hamra. Starfsmaður Hamra, sem einnig er í björgunarsveitinni Súlur, var okkur innan handar með leyfi framkvæmdarstjóra. Það féll mjög vel í kramið hjá nemendum en enginn þeirra vildi þó lýsa yfir áhuga á því að ganga í skátana í kjölfarið.

Einstaka sinnum þurfti að gefa gula spjaldið fyrir hegðun. Nemendur reyndu stundum að stýra því hver fengi þannig viðvörðun en þá var tekið spjall um hlutverk nemenda og hlutverk kennara.

Nemendur í sjötta og sjöunda bekk mættu í alla tímana en nemendur í 9. bekk mættu sjaldnar og annar þeirra mætti einu sinni.

Af frjálsum umræðum nemenda kom hugarheimur þeirra í ljós. Vinsælustu umræðuefnin voru tölvuleikir, fótbolti, umræða um hver gerði hvað og hvenær og að lokum höfðu sumir þeirra mikinn áhuga á að tala um stelpur úr öðrum skólum.

Sóknartækifæri í framhaldinu

Frá upphafi var talað um þetta verkefni sem mögulegt upphaf á einhverju sem yrði þróað áfram innan Brekkuskóla. Af þessum tímum í maí er hægt að draga ýmsan lærdóm. Til að byrja með þarf að láta alla kennara sem koma að þeim nemendum sem taka þátt að þeir muni ekki mæta í þá tíma sem skarast á. Það misfórst í ár og það er ekki gott fyrir kennara að eiga von á nemendum sem svo koma ekki út af verkefninu.

Með lagni væri hægt að koma inn meiri lífsleiknikennslu inn í verkefnið með markvissari hætti. Þá væri til dæmis hægt að nota verkfæri uppbyggingarstefnunnar, núvitund og samræðu- og spurnaraðferðir. Nemendur sýndu að í þessu umhverfi voru þeir tilbúnir til að hlusta á aðra og segja frá sinni skoðun en það væri hægt að æfa og þjálfá enn frekar.

Með betri fyrirvara væri hægt að ræða betur við nemendurna áður en þeir tæku þátt til að bara þeir sem hefðu raunverulegan áhuga myndu vera skráðir og þá mundi mæting batna.